16

Hreindýraveiðarnar ganga vel

22

Mannbætandi félagslandbúnaður

26

Framtíðin býr í fræjunum

# Bændablaðið

17. tölublað 2017 ● Fimmtudagur 7. september ● Blað nr. 498 ● 23. árg. ● Upplag 32.000 ● Vefur: bbl.is


Þetta fé var við Mjóavatn á Auðkúluheiði þegar blaðamaður Bændablaðsins heilsaði upp á það í sumar. Hafði það greinilega nóg að bíta og brenna og lömbin voru vel haldin. Ólíklegt er þó að pyngjur bænda sem eiga féð bólgni mikið af þeim afrakstri þegar afurðirnar verða gerðar upp í haust. Mynd / HKr.

Formaður Landssamtaka sauðfjárbænda og formaður fjárlaganefndar Alþingis um tillögur til lausnar á vanda sauðfjárbænda:

# Óttast að skörð verði höggvin í byggðirnar

## – Tillögur ráðherra hvetji helst yngra fólk til að hætta búskap og erfitt geti reynst að vinna úr fram komnum hugmyndum

**Formaður Landssamtaka sauðfjárbænda segir tillögur ráðherra um lausn á vanda sauðfjárbænda ekki taka heildstætt á vandanum og óttast að stærri bú og yngri bændur muni einna helst taka tilboðinu og bregða búi.**

Oddný Steina Valsdóttir, bóndi og formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, segir að lausnin sem landbúnaðarráðherra leggi til taki ekki á vandanum heildstætt.

„Í tillögu ráðherra vantar alveg að það sé tekið á núverandi niðursveiflu á markaði. Umframmagnið á markaði núna er um 20% vegna þess að það hefur lokast á markaði erlendis, meðal annars í Noregi, Rússlandi og Spáni.“


Oddný Steina Valsdóttir.


Haraldur Benediksson.

### *Óttast að yngri sauðfjárbændur bregði búi*

Þegar Oddný er spurð hvort hún hafi heyrt hljóðið í sauðfjárbændum, hvað þeir segi um tillögur og hvort þeir ætli að taka tilboði landbúnaðarráðherra, svarar hún að stutt sé síðan að tillögur ráðherra voru gefnar út.

„Ég geri mér því ekki enn grein fyrir því hvernig bændur ætla að bregðast við. Í tillögunum er mikill hvati fyrir að sauðfjárbændur hætti búskap en minni hvati til að þeir fækki fé sem er á allan hátt samfélagslega betra.

Þrátt fyrir að erfitt sé að ráða í stöðuna og spá í framtíðina óttast ég að það verði einna helst yngri bændur og stærri bú sem koma til með að taka tilboðinu og hætti sauðfjárbúskap.“

### *Erfitt að vinna úr hugmyndum ráðherra*

Haraldur Benediktsson, alþingismaður og formaður fjárlaganefndar Alþingis, segir að vandi verði að vinna úr hugmyndum ráðherra varðandi lausn á vanda sauðfjárbænda.

„Fyrstu viðbrögð mín eru að mér finnst mestu máli skipta hvernig við ætlum að bæta afkomu sauðfjárbænda til lengri tíma. Auðvitað stóð aldrei annað til en að bregðast við þeim forsendubresti sem sauðfjárrækt hefur orðið fyrir.“

### *Hefði átt að draga sláturleyfishafa að borðinu líka*

„Ég sakna þess að sláturleyfishafar séu ekki á einhvern hátt dregnir að þessu borði með markvissum hætti. Búinn verði til eðlilegur grunnur fyrir þá til að starfa saman á erlendum mörkuðum. Einnig að stuðla að áframhaldandi hagræðingu í sláturhúsageiranum ásamt rannsókna- og þróunarstarfi sem eykur virði sauðfjárafurða. Ekkert skiptir meira máli en að takist að hækka aftur afurðaverð í haust. Ég verð að segja að mér finnst sú gríðarlega lækkun á afurðaverði sem hefur verið kynnt ekki hafa verið útskýrð. Hefði tíminn verið nýttur hefði verið hægt að ná mikilli hagræðingu strax á þessu ári.“

### *Ekki meiri eyðibýlastefnu*

„Alþingismenn hafa fengið margar ályktanir sveitarstjórna úti um allt land. Þær hafa áhyggjur af þróun byggðar vegna ástandsins í sauðfjárræktinni. Ég óttast þessa fækkunarumræðu sem komin er í gang. Það verður mikið vandaverk að útfæra þetta tilboð sem fram kemur í tillögum ráðherra um starfslok sauðfjárbænda. Ég hefði mun frekar viljað sjá tilboð um tímabundna fækkun fjár,“ segir Haraldur.

Hann segist þó ekkert vilja útiloka starfslok einhverra bænda, en á þeim grunni þurfi þó að reisa einhvern rekstur á jörðunum til framtíðar.

„Í sjálfu sér skiptir samfélögin ekki öllu máli hvort menn búa með sauðfé á jörðunum eða stunda þar annan verðmætaskapandi rekstur. Ég vil ekki meiri eyðibýlastefnu. Það var ekki það sem sveitarstjórnir voru að kalla eftir með ályktunum sínum.“ /HKr. /VH

– Sjá nánar á bls. 2

Seinagangur ráðherra varð til þess að ekki var tekið á vanda sauðfjárbænda í tíma, segir formaður Landssamtaka sauðfjárbænda:

# Ekki tekið á birgðavanda

## – Úrræði sem hefðu gert greininni sjálfri kleift að leysa málið fengust ekki rædd, segir formaður fjárlaganefndar

**Haraldur Benediktsson, alþingismaður og formaður fjárlaganefndar Alþingis, sem jafnframt er bóndi á Vestra-Reyni, segist ekki vilja meiri eyðibýlastefnu þegar rætt sé um lausnir á vanda sauðfjárbænda.**

Í tillögum ráðherra er gert ráð fyrir greiðslum til bænda fyrir að hætta búskap.

### *Starfslokaaðferðin er gamaldags nálgun*

„Þessi starfslokaaðferð er gamaldags nálgun. Þetta er nálgun sem við lögðum niður upp úr 1995. Þá hættum við tilviljanakenndum niðurskurði.

Ég fagna því hins vegar ef það á að fara í úttekt á birgðastöðu, það hefði hún reyndar átt að gera strax í vor, og ráðherra útilokar greinilega ekki að vinna síðar að aðgerðum til að takast á við það miklar birgðir. Ég undrast orð ráðherrans sem hún lét falla í fréttum Ríkisútvarpsins, að það sé ekkert kjötfjall.

Veruleikinn er sá að við lögðum verulega fjármuni af fjáraukalögum á síðasta ári til að flytja út birgðir. Það er þess vegna sem birgðirnar eru ekki meiri en þetta. Nú fer aftur að safnast upp og því til viðbótar á að kaupa tugþúsundir fjár og slátra sem bætist líka við birgðirnar.“

### *Tímamót að ráðherra nái ekki samstöðu með bændum*

„Það eru nokkur tímamót þegar ráðherra landbúnaðarmála nær ekki samstöðu við landbúnaðinn varðandi nauðsynlegar aðgerðir. Bændur hafa í gegnum árin verið lausnamiðaðir, oft í mjög erfiðri stöðu. En hér spilar ráðherra út mjög einhliða aðgerðum.“

### *Hver er framtíð tollasamningsins?*

„Við, þar á meðal ég, samþykktum hér tollasamning við ESB þar sem við fórnuðum hagsmunum annarra búgreina fyrir útflutningshagsmuni sauðfjárræktarinnar. Ári eftir að við gerum það, þá ætla stjórnvöld að beita sér fyrir fækkun sauðfjár. Það er alveg ljóst að það verk getur skaðað íslenskan landbúnað verulega ef ekki er þegar spyrnt við fótum. Þeir sem gerðu þann tollasamning og héldu þar á penna verða að kannast við ábyrgð sína.

Mér finnast það fordómar að vilja ekki ræða um úrræði sem gera greininni kleift að takast sjálfa á við sveiflur sem alltaf munu verða. Það eru líka fordómar að skapa ekki afurðastöðvum styrkleika og tækifæri á að takast á við aukna samkeppni á heimsmarkaði. Þannig að stjórnvöld heimili fyrirtækjum að starfa saman á erlendum mörkuðum, því þrátt fyrir allt trúi ég enn að hægt sé að stækka og efla íslenskan landbúnað. En til þess þarf kraft og þekkingu,“ segir Haraldur Benediktsson.



**Haraldur Benediktsson.** Mynd / smh



**Oddný Steina Valsdóttir.** Mynd / HKr.

### *Nauðsynlegt að hafa forsöguna í huga*

Að sögn Oddnýjar Steinu Valsdóttur, bónda á Butru í Fljótshlíð og formanns Landssamtaka sauðfjárbænda, er nauðsynlegt að hafa forsögu sölu á sauðfjárafurðum þegar staðan í dag er skoðuð.

„Undanfarin ár hafa framleiðendur sauðfjárafurða hér nýtt sér tækifæri á erlendum mörkuðum til að selja sína framleiðslu. Framleiðslan hefur verið frjáls og mikil hagræðing orðið í greininni. Á sama tíma hefur verð til íslenskra neytenda frá 2008 lækkað um rúm 20% að raungildi.

Sauðfjárbændur hafa ekki farið fram á neitt sem kæmi til með að hækka verð til neytenda og merkilegt að ráðherra hafi stillt tillögum okkar þannig upp.“

### *Tapinu ýtt yfir á bændur*

„Þróun undanfarinna ára hefur átt sér stað í mjög frjálsu viðskiptaumhverfi og framleiðendur nýtt sér það hvað útflutning varðar. Við það að markaðir erlendis lokast kemur fram gríðarlegur þrýstingur á að lækka verð. Í staðinn fyrir að bregðast við með því að setja lagaskyldu á afurðastöðvarnar og láta þær bera ábyrgð á ástandinu er allri ábyrgðinni og tapinu ýtt yfir á bændur,“ segir Oddný.

### *Óeðlilega seint brugðist við*

Oddný segir óeðlilegt að ráðherra hafi ekki brugðist við málinu síðastliðið vor þar sem staðan eins og hún er í dag hafi blasað við og að ráðherra hafi margoft verið bent á það.

„Seinagangurinn varð til þess að ekki var tekið á ástandinu í tíma og ekki hægt að tengja stöðuna í dag við einhverjar aðgerðir sem stundaðar voru í fortíðinni þegar útflutningsskylda var árleg og árviss.

Aðgerðirnar sem við vorum að fara fram á voru tímabundnar og vegna óeðlilegra aðstæðna á markaði og óeðlilegrar verðmyndunar.

Það er því mjög harkalegt og óeðlilegt að láta sauðfjárbændur bera allan skaðann í ljósi þess að öll miðstýring hennar hefur verið afnumin.“

### *Aukinn birgðavandi*

„Annað sem við verðum að skoða er að vegna þess að stjórnvöld eru ekki til í að hafa nein inngrip í markaðinn þá bætist aukinn fjöldasláturfjár við núverandi birgðavanda. Sauðfjárbændur sem ætla því að þrauka þessa niðursveiflu þurfa þess vegna að burðast með þann vanda og ekki einsýnt hvað tekur langan tíma að vinna sig út úr ástandinu,“ segir Odddný Steina Valsdóttir.

*/VH /HKr.*

# Tillögur stjórnvalda vegna erfiðleika í sauðfjárrækt

**Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið birti í morgun tillögur stjórnvalda vegna þeirra erfiðleika sem sauðfjárbændur standa frammi fyrir. Meginmarkmið þeirra er að draga úr framleiðslu um 20 prósent og mæta kjaraskerðingu bænda með sérstökum greiðslum. Þá verður stutt við sauðfjárbúskap á jaðarsvæðum og úttekt gerð á birgðum sauðfjárafurða og afurðastöðvakerfinu.**

Til að fækka fé um 20 prósent verður bændum gefinn kostur á því að hætta sauðfjárframleiðslu en halda 90 prósent greiðslum samkvæmt gildandi sauðfjársamningi í fimm ár, eða frá 2018 til 2022.

„Greiðslur til hvers bónda miðist við greiðslumark, innlegg, fjárfjölda og aðrar forsendur fyrir greiðslum, eins og þær voru á viðkomandi búi að meðaltali árin 2016 og 2017. Val verði um það hvort framleiðandi fái greiðsluna greidda í eingreiðslu (núvirt) eða með jöfnum greiðslum á 5 ára tímabili. Þá eiga þeir kost á greiðslu sláturálags sem taka ákvörðun um fækkun að lágmarki um 50 kindur haustið 2017. Þeir sem ákveða að nýta sér þessi úrræði geri um það samninga. Matvælastofnun verði falið að annast gerð þeirra.

Þeir sem kjósa að hætta á árinu 2018 geta gert sams konar samninga en eiga þá kost á 70% greiðslum skv. framangreindu í þrjú ár, 2019–2021. Skal sú ákvörðun liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 2018. Greitt verði 4.000 kr. sláturálag á ær sem koma til slátrunar haustið 2017 á grundvelli ofangreindra samninga, sem yrði fjármagnað með framlagi ríkisins á fjáraukalögum 2017. Gert er ráð fyrir að verja 250 m.kr. til þessa verkefnis. Ekki verður greitt sláturálag eftir sláturtíð 2017. Styrkur verði greiddur að hámarki fyrir 62.500 ær. Verði óskað eftir sláturálagi á fleiri ær gildi reglan fyrstur kemur fyrstur fær. Þó skuli þeir njóta forgangs sem taka ákvörðun um að hætta sauðfjárbúskap alfarið. Jafnframt verði ásetningshlutfall lækkað í 0,6. Þeir framleiðendur sem gera samninga um að hætta á grundvelli ofangreinds skuldbinda sig til að taka ekki upp sauðfjárframleiðslu að nýju á gildistíma núverandi sauðfjársamnings. Þeir sem gera samninga um fækkun skuldbinda sig til að auka ekki framleiðslu sína á gildistíma núverandi sauðfjársamnings. Kvöðin verði bundin við framleiðanda og tengda aðila,“ segir í tillögunum.



**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.**



**Reynisrétt.** Mynd / HKr.

### *Úrræði til að draga úr kjaraskerðingu*

Sérstakar greiðslur verða í boði til þeirra sem halda áfram sauðfjárbúskap sem er ætlað að draga úr kjaraskerðingu. „Bændur eigi kost á greiðslum sem miðist við fjölda kinda á vetrarfóðrum samkvæmt skráningu Matvælastofnunar haustið 2016. Skilyrði fyrir þessum greiðslum verði m.a. að viðkomandi bóndi búi á lögbýli og hafi fleiri en 150 vetrarfóðraðar kindur Þetta yrði einskiptisaðgerð og hugsuð til að bæta að hluta kjaraskerðingu þeirra sem halda áfram sauðfjárframleiðslu. Til þessa verkefnis verði varið 250 m.kr. með sérstöku framlagi ríkisins.

### *Svæðisbundinn stuðningur*

Samkvæmt gildandi samningi er 99 m.kr. varið í svæðisbundinn stuðning á árinu 2017 en sú fjárhæð hækkar í 145 m.kr. á næsta ári. Þessar greiðslur koma fyrst og fremst þeim bændum til góða sem eiga erfitt með að sækja atvinnu utan búsins vegna fjarlægðar frá þéttbýli. Til þessa verkefnis verði varið 150 m.kr. kr. til viðbótar því fé sem áskilið er í samningnum,“ segir í tillögunum.

### *Önnur úrræði*

Til að aftengja framleiðsluhvatann sem felst í núverandi kerfi vilja stjórnvöld, miðað við núverandi ástand, frysta gæðastýringargreiðslur til tveggja ára frá næsta ári. Til að bregðast við skuldavanda bænda vilja stjórnvöld að Byggðastofnun kanni þörf á endurfjármögnun eða lengingu lána, sérstaklega hjá ungum skuldsettum sauðfjárbændum. Stofnuninni verði falið að meta stöðuna, gera tillögur að aðgerðum og kostnaðarmeta þær.

Varðandi hagræðingu í sauðfjárslátrun leggja stjórnvöld til að úttekt verði gerð á afurðastöðvakerfinu. Það verði síðan grundvöllur viðræðna stjórnvalda, sláturleyfishafa og bænda um breytingar til hagsbóta fyrir neytendur og bændur. Markmið þeirrar vinnu væri að leita leiða til að lækka sláturkostnað, auka hagræðingu í greininni og skoða hvernig hægt er að koma á beinna sambandi milli bænda og neytenda. Niðurstöðurnar verði meðal annars nýttar við endurskoðun samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar.

Varðandi birgðavandann vilja stjórnvöld beita sér fyrir því að úttekt fari fram á birgðum sauðfjárafurða svo sem um samsetningu þeirra, líklegt verðmæti og eignarhald. Slík úttekt yrði gerð í því skyni að fá fyllri upplýsingar um stöðuna á kjötmarkaði og meta líklegan árangur af þeim aðgerðum sem ríkið og sauðfjárbændur hafa og munu sammælast um. Niðurstaða slíkrar athugunar myndi þó ekki sjálfkrafa leiða til inngripa á markaðinn. Það er sameiginlegur skilningur að æskilegt sé að ná jafnvægi á markaði til langs tíma.

### *Aðrar áherslur til frekari útfærslu eru eftirfarandi*

„Aðstoð við bændur er hætta búskap. Þeim tilmælum verði beint til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins að útfæra sérstaka markáætlun til að aðstoða þá bændur sem hætta sauðfjárbúskap til að takast á við ný verkefni á búum sínum, svo sem umhverfisverkefni.

Kolefnisjöfnun og önnur umhverfisverkefni. Bændur sem stjórnvöld hafa lýst áhuga sínum á verkefnum á sviði kolefnisjöfnunar. Markmiðið er að nýta krafta og þekkingu bænda til að vinna að markmiðum Íslands í loftslagsmálum og kolefnisjafna íslenska sauðfjárrækt með samdrætti í losun og aukinni bindingu með uppgræðslu, skógrækt, endurheimt votlendis og öðrum aðgerðum. Haft verði samráð við stofnanir ríkisins á þessu sviði, líkt og Landgræðslu ríkisins og Skógræktina.

Sameining nýsköpunarsjóða. Hafinn verði undirbúningur að endurskipulagningu og eflingu nýsköpunarumhverfis sjávarútvegs- og landbúnaðar. Þetta verði gert með því að skoða fýsileika þess að sameina Framleiðnisjóð landbúnaðarins og AVS (rannsóknarsjóðs um aukið verðmæti sjávarfangs) í öflugan matvælaþróunarsjóð. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra mun skipa nefnd, m.a. með fulltrúum, BÍ og SFS til að skila tillögum um málið.

Útflutningur. Stjórnvöld munu áfram beita sér fyrir aðgerðum sem miða að því að styðja við útflutning landbúnaðarafurða. Áhersla verður lögð á að efla nýsköpun og vöruþróun til að mæta kröfum ólíkra markaða á alþjóðavísu og nýta betur þá viðskiptasamninga sem gerðir hafa verið.

Tilmæli til nefndar um endurskoðun búvörusamninga. Vegna aðgerða ríkisins til að mæta vanda sauðfjárbænda eru stjórnvöld og bændur sammála um að beita sér fyrir endurskoðun sauðfjárhluta búvörusamninga fyrir 1. apríl 2018. Jafnframt verði því beint til nefndarinnar að hún taki mið af þeim aðgerðum og áherslum sem lýst er hér að framan og kanni sérstaklega fýsileika þess að aftengja framleiðsluhvata eins og gæðastýringargreiðslur.“ */smh*

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is



AVANT® 745
OPTIDRIVE™

# ENGIN GETUR BETUR!

## OKKUR TIL MIKILLAR ÁNÆGJU GETUM VIÐ NÚ

**- vegna sérstakara samninga við Avanttecno í Finnlandi - boðið Avant 745 vélina með nýja „OPTIDRIVE“ vökvakerfinu á EINSTAKLEGA HAGSTÆÐU VERÐI.**

## VERÐ MEÐ SKÓFLU kr. 3.550.000 án vsk.

### HÉR ER Á FERÐINNI MJÖG AFLMIKIL VÉL Í ÞESSUM STÆRÐARFLOKKI OG MEÐ GÓÐUM BÚNAÐI:

- Kubota diesel mótor 49 hö / 70 lítra vökvadæla.
- Lyftigeta við enda bómu 1630 kg.
- Fjölvirkur stýripinni.
- Skotbóma/Hallaleiðréttari á bómutengi.
- Fjaðrandi sæti, armpúðar, öryggisbelti og sætishitari.
- 2 x 90 kg aukaþyngdarklossar á afturhornum.
- Breidd vélar fer eftir dekkjastærð og er frá 1.08 m – 1.45 m.
- 100% læsing á drifhjólum.
- Aukavinnuljós á toppi öryggsgrindar.
- Kerrukrókur / Vökvaúrtak að aftan.
- Mesti ökuhraði; 15 km/klst.
- Hæð; 2.1 m.
- Lengd 3.06 m.

### MEIRI SNERPA OG HRAÐVIRKARA VÖKVAKERFI = ENN ÁNÆGÐARI NOTANDI



Eldra vökvakerfið



Nýja OPTI-drive vökvakerfið

**700 lína fjölnotatækjanna frá Avant er nú framleidd með nýju og endurhönnuðu vökvakerfi.**

- Nýja kerfið dregur úr orkutapi allt að 1,5 kw.
- 10% meira af vökvaaflinu fer til drifhjólanna en áður
- 60% færri vökvatengingar í kerfinu
- 20% færri vökvaslöngur
- Minni hiti byggist upp í vökvakerfinu
- Betra og skilvirkara vökvakerfi
- Einnig hafa mótorpúðarnir verið endurbættir = minni titringur frá mótor

**AUKABÚNAÐUR:** **VERÐ með L húsi:** Lokað á þrjár hliðar, án hurðar **kr. 190.000 án vsk.**
**VERÐ með LX hús:** Alveg lokað, með miðstöð **kr. 374.000 án vsk.**
**VERÐ með DLX hús:** Götuljósabúnaður o.fl. **kr. 588.000 án vsk.**
Verð miðast við gengi EUR 120

AVANT®
LIPUR GRIPUR

**Næstu lausu vélar til afgreiðslu upp úr miðjum október**

VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture ltd.
www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

FRÉTTIR

# Markaðsráð kindakjöts sækir um vernd fyrir „íslenskt lambakjöt“

## – Sóst verður eftir sambærilegri vernd í ESB

**Markaðsráð kindakjöts hefur sótt um vernd fyrir afurðaheitið „Íslenskt lambakjöt“ (á ensku Icelandic Lamb).**



Sótt er um á grundvelli laga frá 2014 um vernd afurðaheita sem geta vísað til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu – og er í tilviki Markaðsráðs kindakjöts sótt um vernd sem vísar til uppruna afurðanna.

### *Neytendavernd og virðisauki*

Tilgangur laganna er að vernda afurðaheiti til að stuðla að neytendavernd, auka virði afurða og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti. Íslensku lögin taka mið af reglugerð Evrópusambandsins um gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli. Verði umsókn markaðsráðs kindakjöts samþykkt á Íslandi verður sóst eftir sambærilegri vernd afurðaheitisins í Evrópusambandinu ásamt viðeigandi vottunarmerki.

Í afurðalýsingu með umsókn Markaðsráðs kindakjöts kemur fram að Íslenskt lambakjöt er afurð af hreinræktuðum lömbum af íslensku sauðfjárkyni enda séu þau fædd og alin á Íslandi og slátrað um fjögurra til fimm mánaða gömlum.

„Íslenska sauðfjárkynið er beinn afkomandi sauðfjár sem flutt var hingað til lands með landnámsmönnum fyrir um 1100 árum. Með aldalangri einangrun mótaðist sérstaða kynsins, bæði vegna náttúruúrvals og vegna krafna sem gerðar hafa verið til fjárins hér á landi á hverjum tíma. […]

Íslenska lambið eyðir ævi sinni utandyra og nærist ýmist á ræktuðu graslendi eða á úthaga. Algengt er að tveimur til fjórum vikum eftir burð sé stærstur hluti sauðfjárins rekinn í úthaga en í öðrum tilfellum nærast lömbin á ræktuðu graslendi. Þeir þættir sem hafa mest áhrif á vöxt og þrif lambanna eru næringargildi gróðurs, átgeta og fóðurnýting. Sauðfé bítur helst á frjósamari svæðum, graslendi og í mýrum. Ef sauðfé kemst í fjöru leitar það þangað til beitar, sérstaklega ef lélega beit er að hafa á landi. Bændur sækja lömbin á fjöll á haustin og eru þau rekin í réttir þar sem fé er dregið í sundur og komið til eigenda sinna. Sláturtíð hefst að jafnaði um mánaðamótin ágúst/september og lýkur um mánaðamótin október/nóvember. Haustlömbum er slátrað í hefðbundinni sláturtíð, eða frá 15. september til 1. nóvember og koma þau beint af úthaga eða ræktuðu landi.

Aðstæður til matvælaframleiðslu eru að mörgu leyti sérstakar en kalt loftslag veldur því að hér er ekki þörf á að nota jafn mikið magn af varnarefnum í framleiðslu og víða annars staðar. Lítil mengun, gnægð grunnvatns og hreint loft skipta einnig miklu máli sem og lítil mengun beitarlanda, góð meðferð og aðbúnaður. Þar fyrir utan er framleiðslan undir ströngu regluverki, allt frá frumframleiðslu til vinnslu, pökkunar og sölu afurðarinnar.

Bragðgæði íslensks lambakjöts má fyrst og fremst rekja til sauðfjárkynsins og þeirrar staðreyndar að lömbin alast upp í villtri náttúru Íslands. Kjötið ber þess merki að lambið hafi nærst á krydduðum jurtum og villigrösum en smávægilegan mun má greina á bragði kjöts af lambi sem gengið hefur á hálendi, láglendi eða við strendur. Í Norður-Evrópu er lömbum beitt á graslendi sem veldur því að kjötið verður bragðmeira en af lömbum frá Miðjarðarhafi sem eru alin á mjólk.

Alþjóðlegar samanburðartilraunir á lambakjöti sem sýna mælingar á gæðaþáttum lambakjöts hafa verið íslenskum sauðfjárbændum hagstæðar. Sérstaða íslenska lambakjötsins felst samkvæmt rannsóknum fyrst og fremst í mikilli meyrni og villibráðarbragði. Talið er að meyrni og fíngerð áferð afurðarinnar sé vegna hás hlutfalls rauðra vöðvaþráða sem rekja megi m.a. til fjárkynsins og beitarvenja þess,“ segir meðal annars í lýsingu Markaðsráðs kindakjöts.

Matvælastofnun tilkynnti um umsóknina þann 22. ágúst síðastliðinn og er heimilt að andmæla vernd afurðaheitisins og afurðalýsingu til 22. október 2017. /smh

## Vernd afurðaheita á Íslandi og í Evrópusambandinu

**Í fjórðu grein laga um vernd afurðaheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu kemur eftirfarandi fram um skilyrði verndar sem vísar til uppruna.**

„Heimilt er að veita afurðaheiti, sem vísar til uppruna, vernd á grundvelli skráningar samkvæmt lögum þessum ef öll eftirtalinna skilyrða eru uppfyllt:

**a.** ef afurðin er upprunnin á tilteknu svæði, stað eða landi,

**b.** ef rekja má gæði eða eiginleika afurðar, verulega eða að öllu leyti, til staðhátta, að meðtöldum náttúrulegum og mannlegum þáttum, og

**c.** ef framleiðsla, vinnsla og tilreiðsla afurðar fer fram á hinu skilgreinda landsvæði.

***PDO - Protected designation of origin***

Vörur sem hljóta Protected designation of origin - PDO vottun í Evrópusambandinu – þurfa að vera, að öllu leyti, framleiddar á þeim stöðum sem gefa hið sérstaka bragð og áferð.

Staðir þurfa að vera landfræðilega afmarkaðir – í sumum tilfellum heilu löndin og gæði vörunnar er þá alfarið bundin við náttúru og menningu hins tiltekna svæðis. Sérstaða vörunnar er þannig bæði vegna tiltekinna umhverfisaðstæðna en einnig þurfa að koma til hefðir svæðisins við framleiðslu vörunnar.

- Frá tilteknu landsvæði – eða jafnvel tilteknu landi
- Þar sem gæði og einginleikar ákvarðast af landsvæðinu – bæði náttúrulegum og menningarlegum þáttum.
- Þar sem hráefni, vinnsla og framreiðsla er alfarið bundið við afmarkað landsvæði.



Yoshinori Ito, sérfræðingur í skurði lambakjöts, Takashi Kamayachi, umboðsmaður Icelandic lamb í Japan, og Erlendur Á Garðarsson, framkvæmdastjóri IM ehf. Mynd / VH

### Japanskur lambakjötskurðarmeistari sýndi kjötskurð:

# Helmingur kjöts getur farið til spillis vegna rangs skurðar

**Japanskur kjötskurðarmeistari sem hefur sérhæft sig í skurði á lambakjöti segir að eins og Íslendingar skeri lanbakjöt geti allt að 50% þess farið til spillis í Japan. Hann segir íslenskt lambakjöt mjög gott en dýrt en mikill kostur að það sé lyktarlaust.**

Yoshinori Ito, slátrari og kjötskurðarmeistari, hefur sérhæft sig í skurði á lambakjöti og 95% afurða sem fyrirtækið sem hann starfar hjá er lambakjöt. Ido var á Íslandi fyrir skömmu í boði Icelandic lamb og sláturleyfishafa. Hann heimsótti meðal annars sláturhús og sláturleyfishafa og sýndi hvernig Japanir skera lambakjöt.

### *Japanir vilja kjötið öðruvísi skorið*

„Munurinn á því hvernig Íslendingar og Japanir skera lambakjöt er að í Japan er kjötið skorið þynnra og í minni stykki. Íslendingar skera kjötið í stór stykki og á röngum stöðum fyrir Japansmarkað. Eins og Íslendingar skera kjötið verði nýting þess mjög slæm fyrir okkur og vöðvarnir nýtast illa og allt að 50% kjötsins fer til spillis.

Japanir vilja fá kjötið sitt smátt skorið og til að íslenska kjötið nýtist okkur vel þarf að grófhluta það öðruvísi en gert er í dag. Önnur ástæða fyrir því að ég heimsæki Ísland núna er að útskýra fyrir afurðasölum hér af hverju þetta er og sýna þeim hvernig við viljum að lambakjötið sé skorið.“

Ito segist einnig að ef Íslendingar vönduðu sig betur við skurðinn á lambakjöti myndi nýtingin á því verða betri og hærra verð fást fyrir afurðirnar.

### *95,5% af lambakjöti flutt inn*

„Neysla á lambakjöti í Japan er ekki nema 20 þúsund tonn á ári og þar af er innanlandsframleiðslan ekki nema 0,5%, eða um 100 tonn. Það sem vantar upp á neysluna er flutt inn frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi.“

Ito segir að hann sé meðal annars staddur hér á landi til að kanna möguleikana á innflutningi á lambakjöti til Japans frá Íslandi. „Íslenska lambakjötið er dýrt í samanburði við lambakjöt frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi, en kosturinn við íslenska kjötið er að það er engin lykt af því og Japönum finnst lyktin af ástralska og nýsjálenska kjötinu og lambakjöti yfirhöfuð vond. Ég held að ástæðan fyrir lyktarleysi íslenska kjötsins sé að íslensk lömb eru alin til fjalla og í óbyggðum en í Ástralíu og Nýja-Sjálandi á ræktuðu beitilandi og í þéttum hópum.“



Yoshinori Ito kynnir japanskt handverk við kjötskurð. Mynd / Geirix.

Að sögn Ito er svipað að segja um íslenskt ærkjöt og einnig möguleika á sölu á því til Japan.

Icelandic lamb sendi prufur af ær- og lambakjöti til Japans á síðasta ári og segir Ito að kjötið þyki bragðgott. „Verðið er bara því miður hátt og þar sem verð á lambakjöti í Japan er mjög lágt er eina leiðin til að markaðssetja íslenska kjötið sem hágæða lúxusvöru. Til þess að slíkt sé hægt verðum við að fá kjötið rétt skorið til að nýta það sem best.“

### *Kynntist íslensku lambakjöti á matvælasýningu*

Með Ito í heimsókn hans til Íslands er Takashi Kanayachi, umboðsmaður Icelandic lamb í Japan. Kanayachi segist hafa fyrst smakkað íslensk lambakjöt á matvælasýningu í Tókýó í febrúar á þessu ári. „Ég varð strax mjög hrifinn af kjötinu og setti mig í samband við Íslendingana á sýningunni. Síðan þá höfum við fengið um 150 tonn af lambakjöti til Japans og vonandi á magnið eftir að aukast mikið í framtíðinni.“

### *Hefð fyrir lambakjötsneyslu á Hokkaido*

Ito er frá Sapporo á Hokkaido. Hann segir að þrátt fyrir að lambakjötsneysla sé ekki mikil í Japan sé hefð fyrir henni á Hokkaido sem er eyja norðarlega í japanska eyjaklasanum. „Vetur geta verið kaldir á Hokkaido og eyjarskeggjar hafa lengi alið þar sauðfé vegna ullarinnar og kjötsins.“

### *Gengis Khan*

Helsti lambarétturinn á Hokkaido kallast Gengis Khan og þykir uppskriftin meðal annars góð til að ná lyktinni úr ærkjöti. „Kjötið er skorið mjög þunnt og marinerað í kryddlegi og steikt eldsnöggt á vel heitri pönnu. Önnur aðferð er að skera kjötið þunnt og sleppa því að marinera það en í staðinn er kjötinu stungið í sterka sósu eftir að það er steikt,“ segir Ito að lokum. /VH

# C6205 TS.
# ÞÍN UPPSKERA. ÞÍN ÞRESKIVÉL. ÞINN ÁRANGUR.

Fyrir aðeins
kr. 18.875.000 án vsk
TIL AFGREIÐSLU STRAX FRÁ ÞÝSKALANDI




## Fyrir bændur sem sækjast aðeins eftir því besta.

C6000 - þreskivélin frá DEUTZ-FAHR: Hámarkaðu afköstin við uppskeruna. C6000 þreskivélin skilar afbragðs árangri við þreskingu á hvers kyns korni þökk sé framúrskarandi sláttuborði, hátækni þreski- og hreinsikerfi og stórum 7.000 lítra korntanki. Njóttu þreskingarinnar úr Command Cab EVO II ökumannshúsinu, einu því fágaðasta á markaðinum.

Við getum nú boðið eina vél, til afgreiðslu strax frá Þýskalandi á sérstöku kynningarverði.

Meðal búnaðar má nefna:
- 5,4 m sláttuborð með Autocontrol sjálfstýrikerfi
- Stór þreskitromla (600 mm í þvermál, 1.270 mm á breidd)
- 5 hálmhristarar ("straw walkers")
- 6,1 lítra, 6 strokka DEUTZ mótor, 250 hö.
- Einfalt og þægilegt stjórnborð

Vélin er til á lager úti í Þýskalandi og því stuttur afgreiðslufrestur.

Athugið að aðeins er um eina vél að ræða.

Vinsamlegast hafið samband við sölumenn okkar í símum 568-1500 (Reykjavík) eða 568-1555 (Akureyri) fyrir frekari upplýsingar.

Öll verð miðast við gengi EUR = 128 ISK.
Verð miðast við afhendingu í Reykjavík.
Um er að ræða nýja vél, framleidda á árinu 2017




Stjórnstöng með öllum helstu aðgerðum tryggir hámarksþægindi við notkun.

DEUTZ FAHR

ÞÓR HF

| REYKJAVÍK: | AKUREYRI: | Vefsíða og netverslun: |
|---|---|---|
| Krókháls 16 | Lónsbakka | www.thor.is |
| Sími 568-1500 | Sími 568-1555 | |

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári.** Því **er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara kostar 5.100 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími:** 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – Kt: 631294–2279
**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – Guðrún Hulda Pálsdóttir – ghp@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Ásgerður María Hólmbertsdóttir amh@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## SKOÐUN

# Vandi og lausnir

**Bændur ræða nú tillögur landbúnaðarráðherra um lausn á vanda sauðfjárbænda vegna lækkunar afurðaverðs og mikilla birgða. Tillögurnar eru vissulega athyglisverðar en bændum þykir samt ljóst að þær séu aðeins plástur á sárið en ekki lausn á vandanum.**

Það virðist vera samdóma álit flestra að fækka þurfi fé í landinu tímabundið til að koma í veg fyrir birgðasöfnun afurða. Ef farið verður í stórfelldan niðurskurð og samið um möguleg starfslok einhvers fjölda bænda, þá mun birgðavandinn hins vegar aukast til muna, allavega til skamms tíma. Það sem verra er er að um leið mun það án efa leiða til tilviljanakennds niðurbrots á samfélögum víða um land.

Það er mikilvægt að byggð haldist sem víðast um land. Einnig að hún sé kraftmikil og lifandi og skapi ásættanlegt lífsviðurværi fyrir blandað samfélag allra aldurshópa. Hver einasti bóndi sem lætur af störfum og hver einasti sveitabær sem leggst í eyði dregur máttinn úr samfélaginu sem eftir stendur. Erfiðara og mun dýrara verður að halda uppi nauðsynlegri þjónustu, bæði við íbúa á viðkomandi svæði og við vaxandi straum ferðamanna.

Vissulega er vont og kostnaðarsamt að þurfa að takast á við áföll í landbúnaði. Menn mega þó ekki gleyma því að landbúnaður er víða uppistaðan í heilu sveitarfélögunum. Það að stjórnvöld bregðist við vanda eins og nú blasir við í sauðfjárrækt er ekki bara spurning um aðstoð við einhverja vesæla rollubændur, heldur miklu frekar spurning um hvort við viljum halda landinu í byggð sem víðast eða ekki.

Ef sauðfjárrækt legðist t.d. af í Húnavatnssýslum, yrði algjört hrun í samfélögum fólks sem þar býr. Því má hiklaust spyrja þeirrar spurningar hvort ekki yrði mun dýrara fyrir okkar sameiginlegu sjóði að bregðast við slíkum vanda. Það myndi um leið hafa í för með sér að afskrifa þyrfti alla innviðauppbyggingu liðinna áratuga á viðkomandi svæði. Þá þyrfti um leið að byggja upp samsvarandi innviði á öðrum stöðum, nema menn sjái fyrir sér að íbúarnir hreinlega hverfi af yfirborði jarðar. Heill landshluti gæti hæglega lagst í eyði og lokast myndi fyrir alla þjónustu á svæðinu. Afskrifa þyrfti gríðarlega fjármuni í fasteignum og setja enn meiri fjármuni í að byggja upp á öðrum stöðum. Vandi sauðfjárbænda í dag yrði trúlega harla lítilfjörlegur í þeim kostnaðarsamanburði.

Annað mál sem tengist þessari umræðu er verðlagning á matvöru. Hver þekkir ekki sönginn um að íslenskar landbúnaðarvörur séu allt of dýrar? Þar verður að hafa í huga að ef sauðfjárrækt og annar landbúnaður nyti ekki stuðnings úr opinberum sjóðum væru afurðirnar án efa mun dýrari. Sama væri upp á teningnum í öllum þeim löndum sem við berum okkur saman við. Ef þessa stuðnings nyti ekki við mætti leiða að því sterkum líkum að hér væri enginn landbúnaður starfræktur. Þora menn virkilega að taka þá áhættu í ljósi sögunnar í hvikulum heimi? Aðrar þjóðir treysta sér ekki til þess og þykir lífsnauðsynlegt að tryggja fæðuöryggi sinna þegna. Hví ættu Íslendingar þá að leggja út á slíka háskabraut?

Það er samt bæði hollt og bráðnauðsynlegt að menn velti við öllum steinum til að finna leiðir sem gætu leitt til meiri skilvirkni í landbúnaði. Þannig má t.d. benda á að í framsetningu afurða til neytenda er landbúnaðurinn á svipuðu stigi og sjávarútvegurinn var fyrir nokkrum áratugum. Það er t.d. stórundarlegt að það hafi þurft erlenda stórverslun inn á markaðinn til að hægt væri að bjóða íslenskum neytendum íslenskt kindahakk í neytendapakkningum og skurð á kjöti sem fólki hugnast að kaupa. */HKr.*

# Missum ekki móðinn þótt brekkan sé brött


**Sindri Sigurgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is




**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur kynnt tillögur sínar um aðgerðir vegna yfirstandandi vanda í sauðfjárrækt. Ítarlega hefur verið fjallað um málið og orsakir þess undanfarna daga og vikur. Bændur hafa jafnframt haldið fjölmenna opna fundi víða um land til að ræða málið í sínum hópi og við fulltrúa afurðastöðva.**

Bændasamtök Íslands og Landssamtök sauðfjárbænda hafa átt í viðræðum við stjórnvöld síðan í mars þegar að ráðherra var fyrst gerð grein fyrir málinu. Viðræðurnar hafa gengið misjafnlega en samtalinu var þó alltaf haldið áfram.

Tillögurnar eru settar fram á ábyrgð ráðherrans. Ekki er um að ræða beint samkomulag stjórnvalda og samtaka bænda. Tillögurnar verða nú teknar til umfjöllunar á vettvangi samtaka bænda, m.a. á aukafundi Landssamtaka sauðfjárbænda.

Hvað varðar efni tillagnanna þá telja BÍ og LS að í þeim sé vissulega margt sem hægt er að taka undir og mun verða sauðfjárbændum til aðstoðar, nú þegar þeir standa frammi fyrir þriðjungslækkun afurðaverðs. Hins vegar vantar þær aðgerðir sem taka á fyrirsjáanlegum birgðavanda eftir sláturtíðina, sem nú er hafin. Þær leysa því ekki vandann þótt þær séu í rétta átt.

Bændur hafa lagt fram tillögur til stjórnvalda sem miða að því að taka heildstætt á þeim vanda sem við blasir. Lykilatriði í þeim lausnum er að virkja tímabundnar aðgerðir til sveiflujöfnunar, svo sem að gera afurðastöðvum kleift að taka sameiginlega ábyrgð á útflutningi kindakjöts. Þær hugmyndir hafa ekki fengið brautargengi og staðan því óbreytt hvað það varðar. Hættan er sú að þær aðgerðir sem landbúnaðarráðherra nú leggur til séu ekki nægar og verði aðeins til þess að draga ástandið á langinn.

Samkomulag er um að flýta endurskoðun sauðfjárhluta búvörusamninga og stefnt er að því að niðurstaða hennar liggi fyrir 1. apríl á næsta ári. Í þeirri vinnu þarf að ræða áfram þau mál sem ekki eru leyst og eins meta árangur af þeim aðgerðum sem ráðist verður í nú.



Aðstæður sem þessar fela óhjákvæmilega í sér mikla óvissu. Þangað til málin skýrast betur um útfærslu á lausnum verður mikill órói meðal bænda. Menn máta sig við tillögur ráðherra og velta fyrir sér hvernig þær komi út fyrir hvern og einn og leita orsaka fyrir stöðunni. Því hefur meðal annars verið haldið fram að hún sé núgildandi sauðfjársamningi að kenna, sem nú hefur gilt í átta mánuði og að markaðsmál greinarinnar séu séu öll í skötulíki.

### *Ekki núgildandi sauðfjársamningi um að kenna*

Hvað samninginn varðar þá hafa þær breytingar sem þar voru lagðar upp ekki tekið gildi nema að óverulegu leyti, enda átti eldri samningur upphaflega að gilda út árið 2017. Af þeim sökum voru nánast engar breytingar gerðar á þessu ári og mjög litlar í raun fyrr en 2020. Það er einfaldlega þannig að við höfum ekki búið við framleiðslustýringu í sauðfjárrækt í 22 ár. Þó að margir kalli sauðfjárgreiðslumark enn kvóta þá er engin framleiðslutakmörkun í því fólgin. Hver sem er getur hafið sauðfjárframleiðslu án takmarkana og svoleiðis hefur það verið í meira en 20 ár. Sauðfjárbændur hafa í raun náð gríðarlega góðum árangri í sínu starfi, því að núna fást næstum 20% meiri afurðir eftir hverja kind en um síðustu aldamót. Það er ekki bara vegna þess að lömbin séu þyngri, heldur eru þau fleiri og skila sér betur á haustin. Þetta hefur aukið framleiðslu á meðan að ærnar eru aðeins 0,4% fleiri. Það er dapurlegt að ekki sé hægt að fagna svo mikilli framleiðniaukningu hjá sauðfjárbændum. Í nýja samningnum er hugmyndin að auðvelda kynslóðaskipti og gera stuðninginn skilvirkari með því að hverfa frá því fyrirkomulagi á samningstímanum að menn þyrftu að kaupa sér ríkisstuðning með tilheyrandi fjármagnskostnaði. En þar eru líka ákvæði um endurskoðun á því fyrirkomulagi ef ekki næðist að hækka afurðaverð. Það þarf ekki að hafa mörg orð um að það ákvæði mun virkjast, en það eru ekki trúverðug rök fyrir því að gildandi samningur hafi skapað þessa stöðu.

### *Útflutningur er greininni mikilvægur*

Ég vil jafnframt hvetja bændur og afurðastöðvar til að missa ekki trú á útflutningi sauðfjárafurða þó nú ári illa. Útflutningur er alltaf nauðsynlegur þó ekki nema vegna þess að ekki er markaður hérlendis fyrir allar afurðir lengur, s.s. innmat, hausa, slög og fleira. Sem betur fer hefur tekist að gera úr þeim verðmæti erlendis fremur en að láta þau fara í súginn. Við megum heldur ekki gefast upp við að byggja upp vel borgandi markaði erlendis, eða til ferðamanna hér heima, sem byggja á því að selja þá sögu sem fylgir okkar sauðfjárframleiðslu. Að því er unnið af hendi sauðfjárbænda í gegnum verkefnið „Aukið virði sauðfjárafurða“. Til framtíðar getur íslensk sauðfjárframleiðsla ekki byggst á öðru en innanlandsmarkaði og erlendum mörkuðum sem skila jafngóðu eða betra verði og erlendis. Að því ættu afurðastöðvar að vinna í samvinnu við bændur. Það þarf að þétta raðirnar í því verkefni. Útflutningur á sauðfjárafurðum frá Íslandi hefur staðið frá 12. öld og á þeim tíma hefur svo sannarlega ýmislegt gengið á.

### *Hlustum á neytendur og þrýstum á afurðafyrirtæki og verslanir*

Sama gildir um markaðsmálin almennt. Þar má alltaf gera betur og vöruþróun hefur oft verið ábótavant, en stundum snýst málið mest um hvort að ný vara fær yfirleitt pláss í verslunum. Á undanförnum misserum hafa þó margar nýjungar komið á markað. Það er mikilvægt að efla sem mest samtal bænda og neytenda, hvort sem við erum að tala um lambakjöt eða aðrar íslenskar landbúnaðarafurðir. Við þurfum að hlusta meira eftir þörfum neytenda og ýta undir að þeim sé sinnt í gegnum afurðafyrirtækin okkar.

Það er að mörgu að hyggja. Þar á meðal fara nú í hönd göngur og réttir. Ég vil óska þeim sem eru að búa sig í það góðrar ferðar, vona að heimtur verði góðar og að allir komi heilir heim.

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



**Flateyjardalur liggur norð-austantil á skaganum milli Eyjafjarðar og Skjálfandaflóa og nær frá Landsenda í vestri til Hágangna í austri. Skammt undan landi er Flatey. Suður úr Flateyjardal liggur heiðardalurinn Flateyjardalsheiði til móta Fnjóskárdals og Dalsmynnis. Vegna erfiðra samgangna fór dalurinn í eyði um miðja 20. öld en þar mátti finna allnokkur býli. Síðasti bærinn sem fór í eyði var Brettingsstaðir neðri árið 1953. Um dalinn liggur nú jeppafær slóði yfir Flateyjardalsheiði, sem einungis er þó fær að sumri.** Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF&STARF



Guðmundur Jónsson, Sigurður Ágúst Þórarinsson, Trausti Aðalsteinsson og Aðalsteinn Á. Baldursson. Myndir / Úr einkasafni

## Hrútaþukl á Húsavík:

# Krubbur sigraði en Askur með besta undirvöxtinn

## – Fjáreigendafélag Húsavíkur stóð fyrir hrútasýningu á Mærudögum á Húsavík í lok júlí

**Fjáreigendafélag Húsavíkur stóð fyrir hrútasýningu á Mærudögum sem er bæjarhátíð sem haldin er árlega á Húsavík í lok júlí.**

Hrúturinn Krubbur frá Fjárræktarbúinu Grobbholti á Húsavík sigraði með miklum yfirburðum. Í máli dómaranna kom fram að Krubbur væri sérstaklega holdmikill hrútur með einstaklega góð læri, malir, hrygg og frampart.

Tveir áhorfendur voru valdir til að velja þann hrút sem skartaði fallegasta pungnum. Áslaug Guðmundsdóttir og Hróðný Lund voru kallaðar upp og eftir ítarlega skoðun völdu þær hrútinn Ask með besta undirvöxtinn.

Alls voru sýndir sjö fallegir hrútar og voru tveir þekktir sauðfjárbændur úr Suður-Þingeyjarsýslu fengnir til að dæma keppnina, þeir Sigurður Ágúst Þórarinsson úr Skarðaborg og Guðmundur Ágúst Jónsson úr Fagraneskoti. Sveitarstjóri Norðurþings, Kristján Þór Magnússon, sá svo um að lýsa því sem fram fór.

Í lok keppninnar fengu eigendur Krubbs bikar í verðlaun. Það var ungur, áhugasamur bóndi, Baldur Freyr Skarphéðinsson, sem tók við verðlaunum fyrir hönd Grobbholts.

Karlakórinn Hreimur kom einnig fram á hrútasýningunni og sungu nokkur lög, auk þess sem konur úr handverkshópnum Kaðlín sýndu handverk, það er íslenskar lopapeysur. /VH



Áslaug Guðmundsdóttir og Hróðný Lund.



Krubbur frá Grobbholti.



Karlakórlinn Hreimur undir stjórn Steinþórs Þráinssonar.



Baldur Skarphéðinsson hampar bikar.

# MÆLT AF MUNNI FRAM

185

Ekki verður með öllu skilið við hagyrðingana sem sátu sextugsafmæli **Jóhannesar á Gunnarsstöðum** í þessum þætti. En þó er hyggilegt að hætta bráðlega enda líður orðið óðum að sjötugsafmæli Jóa. Eitt yrkisefnanna sem **Birgir Sveinbjörnsson** lagði fyrir var svofellt: „Ef þið væruð nauðbeygðir til vikudvalar með Jóhannesi, hvar mynduð þið þá hugsanlega drepa niður?“ **Hjálmar Freysteinsson** var fyrstur til andsvara:

*Að semja um staðinn varla vandi yrði,*
*en varast skyldi hreppapólitík.*
*Fallegast er þó í Þistilfirði*
*þar sem ekki sér í Krossavík.*

Til skýringa vísu **Hjálmars** má geta þess, að **Birgir** stjórnandi og kona hans Rósa eiga sér sumarhús í Krossavík við Þistilfjörð. **Björn Ingólfsson** var ekki í vafa um staðarvalið:

*Helst á sínum heimabæ*
*hafa vildi ég snáða*
*í fjárhúsunum um miðjan maí*
*mætti ég fá að ráða.*

**Ágúst í Sauðanesi** taldi sér enga nauð að dvelja samfellt í viku með **Jóhannesi**, en ef svo ólíklega færi, þá óttaðist hann einn stað öðrum frekar:

*Fari að lýjast líkaminn*
*á lífsins áratogi,*
*báðir leggjumst við eflaust inn*
*í afeitrun á Vogi.*

Óskastað og stund með **Jóhannesi** veittist **Pétri** vandalaust að velja:

*Jafnan finnst mér Jói bestur*
*sem játað núna skal,*
*við kveðskap, drykkju og kvæðalestur*
*í kofa á Hávarsdal.*

**Friðrik Steingrímsson** sér staðinn svona:

*Víst ég þyldi vikudvöl*
*vítt um byggðir dreifðar*
*þar sem þryti aldrei öl*
*og yrkingar væru leyfðar.*

Þegar hér er komið þessum kveðskap frá sextugsafmæli **Jóhannesar**, þá finnst mér sem nóg sé kveðið. Það er ekki síst fyrir það, að **Jóhannes** sjálfur hringdi í mig í gær, og hafði þá samið til mín svofellda stöku:

*Þó að Árna geri gys*
*og gaman sé að hrekkj'ann,*
*minnir orðið meira á slys*
*að maður skuli þekkj'ann.*

Því er sjálfhætt og rétt að kynna nýjan liðsmann til söguanar. Sá heitir **Gunnar Thorsteinsson**, og semur jafnan undir skáldanafninu **Gunnar Veltan**. Gunnar hefur gefið út a.m.k. eina ljóðabók. Gunnar bjó um tíma á Arnarstöðum í Eyjafirði, en er nú búsettur í Kópavogi. Gunnar kann vel til kveðskapar, og mun sjást til afurða hans hér í næstu þáttum. **Gunnar** sendi nýverið eina sléttubandavísu:

*Sléttubanda tökum tryggð,*
*tryggjum landans vöku.*
*Réttu á standi braga byggð*
*byggjum andans stöku.*

Og svo kemur þessi hringhenda:

*Sléttubanda bragaháttur*
*bætir andans þrá.*
*Hér að vanda happadráttur*
*henni ei granda má.*

Sem sannur sveitamaður fylgist **Gunnar** vel með Evrópusambandinu og gælum sumra stjórnmálamanna íslenskra við þann félagsskap:

*Þingheims eru þekktar slóðir,*
*þar eru engar breytingar.*
*Elta sífellt aðrar þjóðir*
*eins og blindir kettlingar.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

FRÉTTIR

Fjölmennur fundur Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda og Félags sauðfjárbænda í Skagafirði:

# Sauðfjárbúin standa frammi fyrir verulegu tekjutapi

**Bændur hvarvetna úr héraði, af Ströndum, Húnavatnssýslum og Skagafirði troðfylltu Félagsheimilið á Blönduósi þegar sauðfjárbændur blésu þar til fundar á miðvikudagskvöld í síðustu viku. Vel á fjórða hundrað manns mættu til fundarins og voru umræður fjörugar þrátt fyrir að þungt hljóð væri í bændum vegna þeirrar alvarlegu stöðu sem uppi er í sauðfjárbúskap um þessar mundir.**

Sláturleyfishafar bjóða um 35% lægra verð fyrir afurðir en í fyrra þegar verð lækkaði að jafnaði um 10% miðað við árið þar á undan. Mikil tekjuskerðing blasir því við sauðfjárbændum líkt og farið var yfir á fundinum.

Frummælendur voru þau Ágúst Andrésson, formaður Landssamtaka sláturleyfishafa og framkvæmdastjóri Kjötafurðastöðvar KS á Sauðárkróki, Oddný Steina Valsdóttir og Unnsteinn Snorri Snorrason frá Landssamtökum sauðfjárbænda og Sigríður Ólafsdóttir, ráðunautur á rekstarsviði Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.

### *Varð ekki til á einni nóttu*

Ágúst nefndi í sinni framsögu að sú alvarlega staða sem við væri að etja um þessar mundir hefði ekki orðið til á einni nóttu. Aðdragandann mætti rekja nokkur ár aftur í tímann og ýmsir óhagstæðir þættir í ytra umhverfi skiptu þar sköpum, m.a. hefði útflutningur svo gott sem algerlega brugðist á liðnum árum. Markaðir sem áður hefði verið flutt út á, svo sem Rússland og Noregur, lokuðust og fríverslunarsamningur milli Íslands og Kína virtist enn sem komið er aðeins virka í aðra áttina. Ágúst sagði það, eftir á að hyggja, yfirsjón að hafa ekki tekið vandann fastari tökum fyrr, en ef til vill hafi menn ekki viljað trúa því að allt færi á versta veg.

Ágúst ræddi um birgðir sem til væru af kindakjöti í landinu nú í upphafi sláturtíðar, en þær námu um 2.000 tonnum um þarsíðustu mánaðamót, júlí-ágúst. Vænti hann þess að töluvert hefði tekist að saxa á þær undanfarnar vikur og með bjartsýni að leiðarljósi væntu menn þess að þær væru komnar niður í um 1.200 tonn um nýliðin mánaðamót.

Þessi vandi hefði blasað við mönnum að áliðnum síðasta vetri og þá þegar hefðu menn byrjað að vekja á honum athygli, þ.e. í hvað stefndi með haustinu. Lítið hefði þokast, en afar brýnt væri að taka málið föstum tökum nú til að koma í veg fyrir að sama staða væri upp á teningnum að ári. Hann hefði sjálfur á árinu 2008 verið talsmaður þess að afnema útflutningsskyldu, en vegna þeirrar erfiðu stöðu sem við væri að eiga nú talaði hann fyrir því að taka hana upp að nýju, tímabundið t.d. til tveggja ára. Með því mætti koma í veg fyrir offramboð á lambakjöti á markaði innanlands. Ljóst væri þó að ráðherra ætlaði sér ekki að fara þá leið.

### *Mikið tekjutap blasir við sauðfjárbændum*

Um 420 sauðfjárbú eru á Norðurlandi vestra og Ströndum. Fram kom í máli Sigríðar Ólafsdóttur ráðunautar að búin standi frammi fyrir mikilli tekjuskerðingu nú í haust miðað við þá verðskrá sem lögð hefur verið fram ofan á 10% skerðingu síðastliðið haust. Samkvæmt hennar útreikingum nemur tekjutapið á meðalbú um 1,5 milljónum króna á ári. Ljóst sé því að bændur muni ekki ná endum saman.

Varpaði Sigríður upp á fundinum útreikningum sínum varðandi sauðfjárbú af ýmsum stærðum, 100 kinda búi, 500 og 1.000 og er það sama upp á teningnum hjá öllum, við blasir tekjutap. Minnst er það á smæstu búunum, um 320 þúsund króna tap á ári, 1,5 milljónir króna á 500 kinda búinu og 3,2 milljónir á 1.000 kinda búum. Sigríður sagði rekstrargrunn búa af þeirri stærð horfinn. Við það bætist afleidd áhrif, umsvif þjónustu af ýmsu tagi við bændur mun dragast saman. Staðan í héraðinu snerist því ekki eingöngu um sauðfjárbændur og þeirra tekjulækkun heldur samfélagið allt.



Vel á fjórða hundrað manns mættu til fundarins á Blönduósi og voru umræður fjörugar þrátt fyrir að þungt hljóð væri í bændum vegna þeirrar alvarlegu stöðu sem uppi er í sauðfjárbúskap um þessar mundir. Myndir / MÞÞ



Heidi Laupert, bóndi í Örnólfsdal í Borgarfirði, vakti athygli á framsetningu súpukjöts til manneldis.

## Hundakjöt eða súpukjöt?

**„Hundakjöt. Hundakjöt. Hundakjöt," sagði Heidi Laupert, bóndi í Örnólfsdal í Borgarfirði, á fundinum í Félagsheimilinu á Blönduósi í liðinni viku. Orðin féllu um leið og Heidi tíndi upp hvern bitann af öðrum úr KS-plastpoka sem geymir frosið súpukjöt.**

Hvorki innihaldið né umbúðirnar þótti henni aðlaðandi og virðist sem flestir fundarmanna hafi deilt þeirri skoðun með henni ef marka má viðtökurnar sem hún fékk er hún hélt tölu á umræddum fundi.

Bar Heidi KS-pokann saman við umbúðir utan af þekktum hundamat og þótti ólíku saman að jafna, sá síðarnefndi væri mun smekklegri en sá með frosna kjötinu sem ætlað væri til manneldis. /MÞÞ



Það var greinilegt á fasi manna að mikil alvara er á ferðum.



Konurnar hlustuðu af athygli, en létu þó ekki verk úr hendi sleppa.



Ágúst Andrésson, framkvæmdastjóri Landssambands sláturleyfishafa.

### *Viljum sjá heildarlausnir*

Þau Oddný Steina Valsdóttir, formaður LS, og Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, fóru yfir stöðu viðræðna við stjórnvöld og voru í raun allt annað en bjartsýn á gang mála. Sindri nefndi að menn vildu sjá heildarlausnir, lausnir sem dygðu til framtíðar. Tillögur ráðherra landbúnaðarmála væru ekki til þess fallnar, ríkisvaldið einblíndi á lausnir til að draga úr framleiðslu, sem vissulega væri eðlilegt, en horft væri algerlega framhjá markaðsþættinum. Nauðsynlegt væri að taka á birgðavandanum, að öðrum kosti mætti allt eins gera ráð fyrir að sauðfjárbændur bönkuðu upp á hjá stjórnvöldum strax aftur næsta haust með sama vanda í farteskinu.

### *Kúvending sem kemur ekki til greina*

Þá hefði það hleypt illu blóði í forystumenn bænda þegar stjórnvöld kröfðust þess á fundi sama dag og Blönduósfundurinn var haldinn að samhliða þeim aðgerðum sem farið yrði í nú til að bæta stöðuna yrðu þeir að fallast á að núgildandi búvörusamningar yrðu endurskoðaðir. Þar væru um að ræða kúvendingu, sem alls ekki kæmi til greina. Þeim tillögum sem Bændasamtökin kynntu stjórnvöldum á fundinum var fálega tekið þar á bæ.

Fram kom í máli Oddnýjar Steinu að tilfinning sín væri sú að stjórnvöld ætluðu sér ekki að gera neitt í málinu, skaðinn væri skeður og bændur yrðu bara að standa þetta af sér með einhverjum hætti, hrunferli blasti því við æði mörgum. „Staðan er allt annað en skemmtileg, en við verðum að horfast í augu við hana, það verður fækkun, annað er óhjákvæmilegt," sagði hún.

### *Stjórnvöld hafa ekki val*

Margir tóku til máls í almennum umræðum, m.a. Teitur Björn Einarsson, alþingismaður Sjálfstæðisflokks í Norðvesturkjördæmi, sem sagði stjórnvöld ekki hafa neitt val, þau yrðu að taka á málum og stuðla að því að lausn fyndist. Um væri að ræða efnahagslegar hamfarir og stjórnvöld bæru sína ábyrgð, bændur gætu ekki setið einir í súpunni. Teitur Björn sagði það vissulega rétt að tíminn hefði nýst illa og hann skildi vel þann pirring sem væri meðal bænda vegna þess. Nú þyrfti að taka á og nýta þau tæki sem virkuðu.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingmaður VG í Norðvesturkjördæmi, fór einnig yfir stöðu mála og fyrri fundi og umræður um vandann og nefndi að svo virtist sem enginn vilji væri til að leysa birgðavandann, honum ætti bara að vísa inn í framtíðina. Fannst henni fráleitt að nýta þetta alvarlega ástand til að hrófla við gildandi búvörusamningi og setja mál í algjört uppnám. Sjálf hefði hún ekki á reiðum höndum töfralausnir en mikilvægt væri að taka þverpólitískt á málum og lenda því.

### *Eru sláturleyfishafar að gefast upp á að selja vöruna?*

Margir þeirra bænda sem til máls tóku á fundinum spurðu hvort sláturleyfishafar væru að gefast upp á markaðsmálunum, en fram hafði komið hjá Ágústi að innanlandsmarkaður fyrir lambakjöt næmi um 6.500 tonnum á ári. Veltu menn fyrir sér hvort ekki mætti með góðu og sameiginlegu átaki stækka þann markað. Einnig þótti bændum sæta furðu að undanfarið hefði á samfélagsmiðlum verið vakin athygli á að vörur af ákveðinni tegund skorti í verslanir. Framsetning vörunnar væri líka á stundum heldur óaðlaðandi. Spurt var hvort menn væru að gefast upp á að selja vöru sauðfjárbænda.

### *Breyting í verslunarháttum*

Ágúst sagði lítinn hluta vörunnar seldan frosinn í pokum, sem vissulega væri ekki skemmtileg pakkning. Batt hann vonir við að tilkoma Costco á íslenskum markaði myndi færa mál til betri vegar og hrista upp í markaði. Erfitt hefði verið að eiga við helstu samkeppnisaðila bandaríska risans, þar sem helst hefði verið óskað eftir vöru sem hægt væri að selja á tilboðsverði. Costco óskaði eftir ákveðnum skurði og framsetningu á vörunni sem væri með öðrum hætti en áður hefði tíðkast. „Gamaldags" framsetning sem fundarmenn hefðu í nokkrum mæli agnúast út í myndi vonandi heyra sögunni til.

### *Innanlandsmarkaður er mikilvægastur*

Innanlandsmarkaðurinn væri sauðfjárframleiðendum langmikilvægastur, en á honum væri mikið framboð af öðru kjöti, m.a. kjúklingi og svínakjöti, þar sem slátrað væri í hverri viku. Kjötneysla væri einnig almennt að dragast saman og ákveðinn hluti landsmanna væri af erlendu bergi brotinn og ekki vanur lambakjöti. „Allt tekur þetta frá okkur," sagði hann.

Þá kom fram ákveðinn ótti við að í kjölfar hins mikla tekjutaps og yfirvofandi fækkun á sauðfé myndu margir bregða búi með tilheyrandi erfiðleikum í hinum dreifðari byggðum, byggðum sem síst mættu við að fólki fækkaði. /MÞÞ

# JÖKLAR

*Upplifun á Íslandi*

## ÍSLENSK HÚS SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

*Forsniðin einingahús  Fljótleg í uppsetningu*



24,3 fm

GRUNNHÚS MEÐ EINHALLA ÞAKI

Jöklar eru forsniðin einingahús úr timbri sem eru hentugur kostur fyrir þá sem reka ferðaþjónustu hér á landi. Húsin okkar hafa fengið frábærar móttökur og nú má finna Jöklahús víðsvegar um allt land í fjölbreyttum útfærslum.







GRUNNHÚS MEÐ BURST ÞAKI

Einfalt er að stækka húsin og bæta við hurðum og gluggum að vild og/eða færa til.

Húsin afhendast ósamsett miðað við skilalýsinguna „Tilbúin að utan, fokheld að innan“.

Íslensk hönnun fyrir íslenskar aðstæður.
Húsin standast 100% íslenska byggingareglugerð.

**STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN**

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is

LANDSHÚS



NJARÐARNES 4 — STEINSMIÐJA AKUREYRAR MINNISMERKI.IS — NJARÐARNES 4

## HAUSTTILBOÐ - FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND

113
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
GRÁR - 125 þúsund með grafskrift

110
100x57 frá sökkli




130 cm sökkull
GRÁR - 280 þúsund með grafskrift

113
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
GRÁR - 125 þúsund með grafskrift

103
76x55 cm frá sökkli



120 cm sökkull
GRÁR - 219 þúsund með grafskrift

101
100x57 frá sökkli




150 cm sökkull
GRÁR - 295 þúsund með grafskrift

103M
68x47 cm frá sökkli



80 cm sökkull
GRÁR - 180 þúsund með grafskrift

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is

FRÉTTIR

## Samtök bænda í Húnaþingi og á Ströndum:

# Tekið verði á grafalvarlegri stöðu

**Á sameiginlegum fundi Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda og Félags sauðfjárbænda í Skagafirði sem haldinn var á Blönduósi í liðinni viku var samþykkt ályktun þar sem skorað er á sláturleyfishafa, stjórnvöld og forystumenn bænda að taka á þeirri grafalvarlegu stöðu sem nú er uppi.**

„Á Norðurlandi vestra og Ströndum eru um 420 sauðfjárbú og á þeim fer fram um 30% af sauðfjárframleiðslu í landinu. Það liggur því fyrir að sauðfjárrækt er þessu svæði gríðarlega mikilvæg atvinnugrein. Ef verðlækkanir sem boðaðar hafa verið á sauðfjárafurðum, verða að veruleika eru allar forsendur í rekstri sauðfjárbúa brostnar. Hætt er við að afleiðingarnar verði hrun í búgreininni og í framhaldinu stórfelld byggðaröskun,“ segir í ályktun fundarins.

*Ná ekki endum saman*

Tekjuskerðing sem sauðfjárbændur á þessu svæði standa nú frammi fyrir, að viðbættri tekjuskerðingu síðasta árs, nemur skv. upplýsingum frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins að meðaltali um 1,5 milljónum kr. á bú. Það liggur því fyrir að stór hluti sauðfjárbænda mun ekki ná endum saman að óbreyttu,“ segir enn fremur.

/MÞÞ



Sigurður Frímann Emilsson hjá Expert ehf.

# Expert tekur við þjónustu mjólkurtanka frá Mjalta

**Expert kæling ehf. hefur tekið við þjónustu við mjólkurtanka frá Milli mjalta ehf. sem hefur sinnt þjónustu við bændur um allt land um árabil.**

Sigurður Frímann Emilsson hjá Expert segir að fyrirtækið hafi einnig hafið innflutning á mjólkurtönkum frá Röka í Danmörku, en Milli mjalta flutti þá inn áður.

„Eins og bændur vita hafa þessir mjólkurtankar reynst vel hér á landi og ganga einstaklega vel með mjaltaþjónum eins og öðrum mjaltabúnaði.

Allir varahlutir og kælivélar verða til á lager fyrir flestar allar gerðir mjólkurtanka.

Expert kæling ehf. er með starfsstöðvar í Reykjavík, Akureyri og Selfossi og verða allir varahlutir og kælivélar til á lager fyrir flestar allar gerðir mjólkurtanka. /VH




Skjáskot af Dýravakt Matvælastofnunar á Facebook.

# Dýravakt Matvælastofnunar komin á Facebook

**Matvælastofnun (MAST) hefur tekið í gagnið nýja Facebook-síðu sem er ætlað að vera gagnvirkur vettvangur á milli stofnunarinnar og almennings um málefni sem varða heilbrigði og velferð dýra.**

Síðan heitir Dýravakt Matvælastofnunar (á vefslóðinni https://www.facebook.com/dyravakt/) og í gegnum hana gefst almenningi kostur á að veita upplýsingar um tiltekin mál á þessu sviði, auk þess sem MAST mun nota vettvanginn til að koma á framfæri upplýsingum þegar grunur leikur á illri meðferð á dýrum.

*Upplýsingagjöf um reglurnar*

Í tilkynningu frá MAST kemur fram að á síðunni verði upplýsingar aðgengilegar um það hvaða reglur gilda um dýrahald, hvernig auka megi velferð dýra og hvernig brugðist er við í þeim tilvikum þegar reglum er ekki fylgt.

„Opið er fyrir athugasemdir undir hverri færslu. Fésbókarsíðan er hins vegar hvorki ætluð til þess að veita ráðgjöf um sjúkdóma, greiningu eða meðhöndlun, né til að komast í samband við dýralækni á vakt.

Árið 2013 fluttist eftirlit með dýravelferð frá Umhverfisstofnun til Matvælastofnunar. Áður var eingöngu eftirlit með heilsu og velferð búfénaðar og afurðagefandi dýrum hjá Matvælastofnun, en með sameiningunni færðist eftirlit með velferð allra dýra undir einn hatt. Gildistaka nýrra laga um velferð dýra árið 2014 hafði í för með sér auknar kröfur um dýravelferð, uppfærslu á regluverki og skilvirkari þvingunar- og refsiúrræði. Ábendingar um grun um vanrækslu eða illa meðferð á dýrum til Matvælastofnunar er mikilvægur liður í að uppgötva og uppræta illa meðferð á dýrum. Betur sjá augu en auga og hefur fjöldi ábendinga frá almenningi aukist til muna á undanförnum árum,“ segir í tilkynningu frá stofnuninni.



Eggjum, sem menguð eru af skordýraeitrinu fibronil, fargað í Hollandi sem er stærsti útflytjandi á eggjum og eggjaafurðum í Evrópu. Mynd / thelocal

## Matvælastofnun lætur innkalla matvæli:

# Leifar af skordýraeitrinu fipronil finnst í matvælum íslensks framleiðanda

**Matvælastofnun hefur fengið upplýsingar um að Ora hafi innkallað vörur vegna þess að í þær var notað hráefni, eggjarauðuduft, sem reyndist innihalda fipronil yfir hámarksgildi.**

Í frétt á vef Matvælastofnunar segir að magn fipronil í vörunum frá ORA sé lítið og vörurnar ekki heilsuspillandi fyrir neytendur. Hins vegar er óleyfilegt að nota hráefnið í samsett matvæli og þess vegna innkallar fyrirtækið vörurnar.



Fipronil í eggjaduft sem notað var í íslenskar matvörur.

*Milljónir eggja fjarlægð úr hillum verslana í Evrópu*

Undanfarna tvo mánuði hafa yfirvöld í Þýskalandi, Hollandi og Belgíu látið kalla inn milljónir eggja úr verslunum.

Áætlað er að rúmlega þrjú milljón egg smituð af fiprolin hafi verið flutt til Þýskalands áður en innflutningur á eggjum til landsins frá Hollandi var stöðvaður.

Samkvæmt frétt The Guardian er búið að loka tímabundið um 180 hollenskum kjúklingabúum og hefja á lögreglurannsókn á umfangi málsins. Litið er á notkun eitursins í matvælaiðnaði sem glæpsamlegt athæfi og krafist er lögreglurannsókna eftir að mælingar sýndu hátt hlutfall skordýraeitursins fipronil í eggjum.

*Sníklalyf og skordýraeitur*

Fipronil er notað sem sníklalyf á gæludýr, skordýraeitur í og við byggingar og sem skordýraeitur við ræktun sumra káltegunda. Ekki er leyfilegt að nota lyfið til að meðhöndla dýr sem alin eru til manneldis.

*Fannst í eggjarauðudufti*

Í frétt Matvælastofnunar segir að stofnunin hafi fengið upplýsingar um ólöglega notkun fipronil í gegnum evrópska viðvörunarkerfið, RASFF, og að efnið hafi fundist yfir hámarksgildum í eggjum og eggjadufti.

Í kjölfarið hóf stofnunin skoðun á eggjavörum sem fluttar eru til landsins frá Evrópu og jafnframt voru tekin sýni til greiningar. Stofnunin hefur einnig haft samráð og samstarf við heilbrigðiseftirlit á höfuðborgarsvæðinu, sem fer með markaðseftirlit með matvælum.

Matvælastofnun tók tvö sýni, hvort úr sinni lotunni, af eggjarauðudufti sem kom til landsins frá Hollandi, en varan reyndist framleidd á Ítalíu. Í öðru sýninu mældist fipronil rétt yfir hámarksgildi. Í hinu sýninu greindist fipronil einnig, en vel undir hámarksgildi. Varan sem flytja átti inn er í vörslu Matvælastofnunar og hefur innflytjandinn, Íslensk Ameríska, staðfest að hann muni endursenda báðar loturnar. Sama lota og sú sem nú greindist yfir mörkum kom til landsins fyrr í sumar og var þá notuð í þær vörur sem nú er verið að innkalla.

*Áframhaldandi eftirlit*

Matvælastofnun og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga munu áfram leggja áherslu á að skoða eggjaafurðir sem fluttar eru til landsins, meðal annars með frekari sýnatökum. Beinir stofnunin því einnig til fyrirtækja sem flytja eggjavörur frá Evrópu að fá rannsóknarvottorð sem sýnir fram á að magn fipronils sé innan marka í viðkomandi vöru áður en hún er flutt til landsins. /VH

# Sala á fjórum tegundum illgresiseyðis stöðvuð

**Sala á fjórum vörum skordýra-, sveppa- eða illgresiseyða var stöðvuð eftir að upp komst að þau höfðu ekki tilskilin markaðsleyfi.**

Eftirlit Umhverfisstofnunar á jurtaeitri eða illgresiseyði, sem stofnunin nefnir „plöntuverndarvörur“ fór fram í lok maí hjá fjórum fyrirtækjum sem setja slíkar vörur á markað. Allar svokallaðar „plöntuverndarvörur“ sem fundust í sölu hjá fyrirtækjunum voru kannaðar með tilliti til markaðsleyfa og réttra merkinga. Alls var 61 eining af þessum vörum skoðuð í eftirlitinu og reyndust merkingar ófullnægjandi í fimm tilfellum og kröfur gerðar um úrbætur þar af lútandi sem fyrirtækin urðu við.

Markaðssetning á þeim fjórum vörum sem ekki reyndust vera með markaðsleyfi þegar eftirlitið átti sér stað var stöðvuð tímabundið og fyrirtækjum veittur frestur til þess að sækja um markaðsleyfi fyrir þeim. Um er að ræða vörurnar Dicopur, Lentagran, Teldor WP 50 og Eradicoat. Sæki fyrirtæki ekki um markaðsleyfi fyrir vörurnar innan tiltekins frests verður markaðssetning þeirra stöðvuð varanlega.

/ghp

# Bio-Kult®

öflugir gerlar til að styrkja meltinguna

## Bio-Kult Candéa
### – vörn gegn Candida í meltingarvegi




- Styrkir meltinguna
- Vinnur á Candida sveppnum
- Kemur jafnvægi á meltingaflóruna
- Bestu gæði góðgerla

### Lífið tók miklum breytingum



Ég var búin að prófa allt til að losna við stanslausan sviða og vanlíðan. Loksins fann ég það sem virkaði, Bio-Kult Candéa, mun halda áfram að nota það.

*Unnur Gunnlaugsdóttir*

## Bio-Kult Original
### – styrkir meltinguna




- Bestu gæði af góðgerlum
- 14 tegundir af gerlastofnum
- 2 milljarðar í hverju hylki

### Árangurinn lét ekki á sér standa



Ég fann hve vel Bio-Kult Original virkaði þegar fékk heiftarlega magapest eftir ferðalag. Það virkaði strax, mæli með því.

*Ragna Lóa Stefánsdóttir*

## Bio-Kult Pro Cyan
### – tryggir heilbrigða þvagrás




- Öflug blanda af trönuberjaþykkni, A vitamin og góðgerlum
- Verndar slímhúðina í þvagrás
- Verndar gegn E.Coli bacterium
- Viðheldur eðlilegri þarmaflóru

### Get loksins farið í heitan pott án vandræða



Var með krónískt blöðruvandamál, en nú get ég loksins verið róleg úti í kulda og notið mín í hestamennskunni.

*Guðlaug Jóna Matthíasdóttir*

## Bio-Kult Infantis
### – hefur reynst vel við bakflæði og magakveisu hjá ungbörnum




**1 milljarður af góðgerlablöndu, EPA + DHA: 1 mg, D3-vítamín 2,5mcg**

**Bragðlaust, án glúten, auka- og litarefna**

- Má gefa nýburum og ungum börnum
- Má setja út í vökva eða á geirvörtu móður
- Má gefa með sýklalyfjum
- Rannsóknir styðja virkni vörunnar

### Finn mun á líðan sonarins



Minna loft og ónot í maga, meltingin er mun betri hjá syninum eftir að hann fékk Bio-Kult Infantis.

*Tanja Karen Salmon*

Útsölustaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna.

FRÉTTIR

### Sveitarstjórnir víða um land lýsa áhyggjum yfir stöðu sauðfjárbænda:

# Óttast hrun í sauðfjárrækt og stórfellda byggðaröskun

## – miðað við framkomið afurðaverð sláturleyfishafa

**Sveitarstjórnir á landsbyggðinni hafa á undanförnum vikum lýst áhyggjum af stöðu sauðfjárbænda; vegna lækkana á afurðaverði og erfiðleika með afsetningu á þeirra afurðum.**

Er skorað á stjórnvöld að leita leiða til að leysa vanda þeirra enda hafi búseta víða í þessum sveitum grundvallast á búskap þeirra.

*Borgarbyggð með fjárflestu sveitarfélögunum*

Byggðaráð Borgarráðs ályktaði 24. ágúst um rekstrarerfiðleikana sem sauðfjárbændur standa frammi fyrir um þessar mundir.

„Byggðaráð Borgarbyggðar lýsir miklum áhyggjum yfir boðaðri lækkun á afurðaverði til sauðfjárbænda á komandi sláturtíð. Haustið 2015 var vegið meðalafurðaverð til bænda um 600 kr./kg. Haustið 2016 lækkaði afurðaverð til sauðfjárbænda um ríflega 10% og var vegið meðalverð um 538 kr./kg. Haustið 2017 eru enn boðaðar verðlækkanir, allt að 35%, og gangi þær spár eftir mun afurðaverð falla niður í um 350 kr./kg.

Sauðfjárrækt er þýðingarmikill hluti af búrekstri og búsetu í sveitarfélaginu. Borgarbyggð er eitt af fjárflestu sveitarfélögum landsins. Því skiptir miklu máli að við fyrrgreindri þróun sé brugðist af stjórnvöldum af ábyrgð og raunsæi. Fyrirsjáanlegar verðlækkanir á afurðaverði til bænda munu leiða af sér mikið tekjutap fyrir bændur og víða getur skapast forsendubrestur fyrir áframhaldandi búrekstri. Sérstaklega munu ungir skuldsettir bændur verða illa úti við þessar aðstæður.

Byggðarráð Borgarbyggðar skorar á ráðherra landbúnaðarmála, ráðherra byggðamála, forystu bænda, afurðastöðvar og aðra hlutaðeigandi að leggja sig alla fram til að leysa þá grafalvarlegu stöðu sem upp er komin varðandi verðlagningu og afsetningu sauðfjárafurða," segir í bókun byggðaráðs.

*Um 160 milljóna króna tekjulækkun í Dalabyggð*

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 22. ágúst var minnisblað Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins lagt fram um áhrif tekjulækkunar sauðfjárbænda í Dalabyggð. Í Dalabyggð voru tæplega 29.000 vetrarfóðraðar kindur veturinn 2016–2017 og búfjáreigendur voru 91 talsins. Verðmæti innleggs í Dalabyggð haustið 2015 var 402 milljónir króna, haustið 2016 392,6 milljónir króna og er verðmætið áætlað 242 milljónir króna haustið 2017. Áætluð tekjulækkun miðað við afurðaverð er því 160 milljónir króna í Dalabyggð.

Á fundinum var lögð fram eftirfarandi bókun, sem samþykkt var í einu hljóði.

„Sveitarstjórn Dalabyggðar lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu sauðfjárræktar og áhrifum tekjusamdráttar á bændur og samfélagið allt en sauðfjárrækt er meginatvinnugrein íbúa Dalabyggðar. Boðuð lækkun afurðaverðs veldur forsendubresti í rekstri marga sauðfjárbúa og mun hafa alvarleg áhrif á aðra starfsemi í sveitarfélaginu. Dalabyggð hefur glímt við fólksfækkun til margra ára og má ekki við frekari samdrætti."

*Sauðfjárbú 93 með 330 íbúum í Húnaþingi vestra*

Landbúnaðarráð Húnaþings vestra fundaði um stöðu sauðfjárræktar 23. ágúst og tók undir með bókun byggðaráðs Húnaþings vestra frá 21. ágúst. Þar segir:

„Byggðaráð Húnaþings vestra lýsir yfir miklum áhyggjum af boðaðri lækkun á verði til sauðfjárbænda á komandi sláturtíð, en um 28% íbúa sveitarfélagsins búa á sauðfjárbýlum og ljóst að fyrirhugað tekjutap bænda hefur ekki aðeins áhrif á einstaka fjölskyldur heldur samfélagið allt. Mikið er af afleiddum störfum vegna sauðfjárræktar í sveitarfélaginu og ef rekstrargrundvöllur sauðfjárbúa hrynur þá mun í kjölfarið draga úr annarri starfsemi s.s. fækkun starfa í sláturhúsi, minnkandi umsvif matvöruverslunar, pakkhúss og hafnarinnar, á bifreiðaverkstæðum, bókhaldsþjónustu, sem og annarri almennri þjónustu.

Haustið 2015 var vegið meðalafurðaverð til bænda um 600 kr./kg. Haustið 2016 lækkaði afurðaverð til sauðfjárbænda um ríflega 10% og var vegið meðalverð um 538 kr./kg. Haustið 2017 eru enn boðaðar verðlækkanir, allt að 35%, og gangi þær spár eftir mun afurðaverð falla niður í um 350 kr./kg. Miðað við þessar forsendur er heildarlækkun afurðaverðs í sveitarfélaginu um 145 milljónir króna frá haustinu 2016. Sé hins vegar litið aftur til ársins 2015 er heildarlækkunin um 186 milljónir króna á tveggja ára tímabili.

Verði af þeim lækkunum á verði til bænda sem afurðastöðvar á svæðinu hafa boðað nú í haust er ljóst að um gríðarlegt tekjutap er að ræða og í raun forsendubrest í rekstri flestra sauðfjárbúa. Afar ólíklegt er að sauðfjárbændur geti staðið við þær skuldbindingar sem stofnað hefur verið til í gegnum árin og miðuðu við aðrar forsendur en menn standa frammi fyrir í dag. Hætt er við að bændur lendi í fátækragildru með ófyrirséðum áhrifum fyrir samfélagið allt."

Einnig segir í ályktun lanbúnaðarráðs Húnaþings vestra:

„Sauðfjárbú í Húnaþingi vestra eru 93 með um 330 íbúum. Fyrir meðalheimili er þessi tekjumissir meiri en flest heimili ráða við, sérstaklega þar sem ekki er fyrirsjáanlegt að breyting verði á í nánustu framtíð."

*Sauðfjárrækt undirstaða byggðar í Húnavatnshreppi*

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps samþykkti samhljóða eftirfarandi ályktun vegna lækkunar á afurðaverði til bænda á fundi sínum sem haldinn var 16. ágúst. Þar segir m.a.:

„Sveitarstjórn Húnavatnshrepps lýsir yfir þungum áhyggjum vegna boðaðra lækkana á verði til sauðfjárbænda í komandi sláturtíð.

Verði boðaðar verðlækkanir á afurðaverði til sauðfjárbænda nú í haust að veruleika er rekstrargrundvöllur sauðfjárbúa í landinu algerlega brostinn. Afleiðingarnar verða, hrun í búgreininni og í framhaldi af því stórfelld byggðaröskun.

Sauðfjárrækt er undirstaða byggðar í héraðinu og þar af leiðandi hriktir í byggðinni þegar fótum er kippt undan þeirri starfsemi.

Sauðfjárbúskapur er stærsta atvinnugrein innan Húnavatnshrepps og hefur boðuð lækkun á verði til sauðfjárbænda gífurleg áhrif á afkomu heimila í Húnavatnshreppi og sveitarfélagsins í heild."

*Um tveggja milljarða króna launalækkun á tveimur árum*

Í bókun bæjarstjórnar Hornafjarðar frá 24. ágúst er lýst þungum áhyggjum af stöðu sauðfjárræktarinnar í landinu.

„Þær miklu afurðaverðslækkanir sem boðaðar hafa verið í haust auk seinkana á greiðslum munu valda bændum verulegum vanda á næstu mánuðum. Ljóst er að sauðfjárbændur munu eiga í erfiðleikum með að standa við skuldbindingar sínar. Boðuð lækkun á afurðaverði til sauðfjárbænda í haust þýðir 1.800 milljóna króna launalækkun fyrir stéttina í heild, sem bætist við 600 milljóna launalækkun sem þeir urðu fyrir í fyrra. Bæjarstjórn skorar á afurðastöðvar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og ríkisstjórn Íslands að bregðast við þeim mikla vanda sem fyrirsjáanlegur er."

*Sveitarstjórn Flóahrepps hefur áhyggjur af stöðunni*

Sveitarstjórn Flóahrepps sendi einnig frá sér ályktun vegna vanda sauðfjárræktarinnar í landinu.

„Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir áhyggjur sauðfjárbænda í Árnessýslu vegna umræðu um fyrirhugaða lækkun á verði kjötafurða til bænda og hvetur ríkisvaldið til að koma með afgerandi hætti að þeim vanda sem stéttin stendur frammi fyrir.

Ljóst er að afkoma og framtíð margra heimila, bæði í dreif- og þéttbýli, er undir því komin að brugðist verði við með skjótum hætti. Sauðfjárbændur eru eins og aðrir frumframleiðendur einn af þeim nauðsynlegu hlekkjunum í þeirri keðju sem gerir þjóð að þjóð og samfélag að samfélagi, hluti af því að byggð haldist í landinu og fæðuöryggi sé tryggt.

Sveitarstjórnin bendir einnig á að að landbúnaður njóti stuðnings um lengri eða skemmri tíma sé ekki séríslenskt fyrirbæri og ekkert sem þjóðin þarf að skammast sín fyrir.

„Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að bændur stundi sauðfjárrækt til lengri tíma eingöngu fyrir ánægjuna eina saman og gera verður ráð fyrir því að til þess að viðhalda greininni þá þurfi að vera hægt að hafa af búgreininni lífsviðurværi. Sveitarstjórn Flóahrepps skorar á ríkisvaldið að setjast með jákvæðu hugarfari að fundarborði með fulltrúum Landssambands sauðfjárbænda með það að leiðarljósi að koma til hjálpar einni elstu starfsstétt þjóðarinnar í tímabundnum erfiðleikum."

*Áhyggjur af 100 búum í Þingeyjarsveit*

„Ljóst er að lækkun afurðaverðs til sauðfjárbænda muni koma illa niður á sauðfjárbændum í sveitarfélaginu," segir í ályktun sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar nýverið. Í Þingeyjarsveit eru um 100 bú sem byggja afkomu sína m.a. á sauðfjárbúskap og fjöldi sauðfjár í sveitarfélaginu er um 18.000.

Fram kemur í ályktuninni að slík skerðing á tekjum muni fyrst og fremst leiða til lækkunar launa sauðfjárbænda. Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar telur að tækifæri felist í aukinni samvinnu landbúnaðar og ferðaþjónustu sem hægt sé að nýta mun betur en gert er nú.

„Leggja þarf meiri áherslu á markaðssetningu og vöruþróun innanlands fyrir þann mikla fjölda ferðamanna sem sækir Ísland heim," segir í ályktun frá Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn skorar á forystumenn sauðfjárbænda, sláturleyfishafa, ráðherra og ráðamenn þjóðarinnar að finna framtíðarlausn á þessum alvarlega vanda sem steðjar að greininni.

/smh/MÞÞ/MH



Frá fjölmennum fundi sauðfjárbænda á Blönduósi 30. ágúst síðastliðinn. Ágúst Andrésson, formaður Landssamtaka sláturleyfishafa, Oddný Steina Valsdóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, og Sigríður Ólafsdóttir, ráðunautur á rekstrarsviði Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins fluttu erindi. Mynd / MÞÞ





# Hvað segja bændur nú?

## Fjölbreytni og aukapeningur með bústörfum

Okkur hjá PCC BakkiSilicon á Húsavík langar að bjóða bændum að skoða með okkur þann möguleika að tveir aðilar skipti með sér einu starfi hjá okkur. Þetta fyrirkomulag gæti hentað bændum vel sem vilja aukavinnu með bústörfunum en jafnframt sveigjanleika.

Framkvæmdir við kísilver PCC á Bakka við Húsavík eru núna langt komnar. Kísilverið verður búið bestu og reyndustu tækni sem fáanleg er í dag. Áætlað er að gangsetning hefjist í desember 2017.

Hjá PCC BakkiSilicon munu starfa um 110 manns með ýmiss konar bakgrunn og menntun.

Áhugi og áhersla á heilsu-, öryggis- og umhverfismál er mjög mikilvægur þáttur í öllum störfum hjá okkur.

Framleiðslustörfin hjá okkur eru fjölbreytt og til lengri tíma er lögð áhersla á fjölhæfni starfsmanna.

**Hæfniskröfur:**

- Sterk öryggisvitund og árvekni
- Dugnaður og vilji til að takast á við krefjandi verkefni
- Lipurð í samskiptum og vilji til að vinna í hópi
- Heiðarleiki og stundvísi
- Vinnuvélaréttindi kostur
- Góð íslenskukunnátta og skilningur í ensku

Unnið er eftir jafnréttisáætlun. Við hvetjum því konur jafnt sem karla til að sækja um stöður hjá okkur.

Ekki hika við að hafa samband við hana Laufey mannauðsstjórann okkar og frístundabónda í síma 464-0060 eða í tölvupósti á netfangið laufey.sigurdardottir@pcc.is

pcc BakkiSilicon®




ARCTIC SPORT Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ - Sími 578-0820 - arcticsport.is

**FRÉTTIR**



Fé í Grettisbæli í Forvöðum við Jökulsá á Fjöllum. Mynd / HKr.

### Sauðfjárbændur í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum:

# Niðurtröppun beingreiðslna til bænda verði stöðvuð

**Fundur sauðfjárbænda í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum sem haldinn var í Ýdölum nýverið lýsti yfir stórfelldum áhyggjum af því neyðarástandi sem fram undan er í greininni.**

Skorað var á stjórnvöld, stjórn BÍ og stjórn LS að virkja nú þegar endurskoðunarákvæði sauðfjársamningsins, grein 15.2, með það fyrir augum að stöðva nú þegar niðurtröppun beingreiðslna til bænda á samningstímanum.

Í greinargerð með ályktuninni segir að fram að endurskoðun 2019 sé stefnt að því að auka útflutningstekjur af sauðfjárrækt sem leiði til þess að hlutur bænda í heildarverðmætasköpun greinarinnar aukist um 7,5% að lágmarki. Þetta miðast við óbreyttan fjárfjölda í landinu og fast verðlag. Takist það ekki skal niðurtröppun beingreiðslna endurskoðuð.

***Eykur enn á vandann***

Miðað við verðfallið 2016 og þær verðskrár sem sláturleyfishafar hafa nú birt fyrir haustslátrun 2017 verður algjört verðhrun afurða og mikill vandi í útflutningi. Ekki er fyrirsjáanlegur bati í þeim efnum í nánustu framtíð. Sú staða sem nú er uppi er grafalvarleg og ófyrirséð. Niðurtröppun beingreiðslna við þær aðstæður sem nú eru uppi mun auka enn á vanda margra bænda. /MÞÞ

---

### Verkalýðsfélagið Framsýn lýsir þungum áhyggjum:

# Vill markvissa lausn á vanda sauðfjárbænda

**Stjórn og trúnaðarmannaráð Framsýnar samþykkti í morgun að senda frá sér svohljóðandi ályktun um stöðu sauðfjárbænda sem félagið hefur verulegar áhyggjur af takist ekki að bæta starfsumhverfi greinarinnar.**

„Framsýn stéttarfélag, lýsir yfir þungum áhyggjum af þeim mikla vanda sem steðjar að sauðfjárrækt á Íslandi, enda ljóst að mikil lækkun afurðaverðs til sauðfjárbænda kemur sér afar illa við greinina og ýtir undir frekari byggðaröskun en orðið er.

Mikil tekjuskerðing til bænda síðustu árin gerir það að verkum að ekkert stendur eftir til að greiða launakostnað eftir að framleiðslukostnaður hefur verið greiddur. Verði boðaðar verðlækkanir á afurðaverði og hækkandi sláturkostnaður til sauðfjárbænda að veruleika í haust er rekstrargrundvöllur margra sauðfjárbúa brostinn.

Sauðfjárrækt er ein af grunnstoðum byggðar í Þingeyjarsýslum líkt og í flestum öðrum dreifbýlissveitarfélögum landsins, margir byggja afkomu sína á sauðfjárrækt, bæði sem bændur og/eða við önnur afleidd störf tengd landbúnaði.

Hverfi sauðfjárrækt úr sveitum landsins munu fleiri störf fylgja með þar sem margir hafa afkomu sína af vinnu við afurðarstöðvar og ýmis konar þjónustu við bændur, þau störf munu einnig hverfa. Hrun í greininni snýst því ekki eingöngu um tekjulækkun til bænda heldur er fjöldi starfa í hættu, samfélagið allt er undir.

Framsýn skorar á forystumenn sauðfjárbænda, sláturleyfishafa og ráðamenn þjóðarinnar að vinna markvisst að lausn mála með það að markmiði að leysa þennan grafalvarlega vanda sem blasir við þjóðinni allri,“ segir Aðalsteinn Á. Baldursson formaður Framsýnar.

Sjá jafnframt heimasíðu félagsins, framsyn.is.


## Tilboð óskast

**Landsbankinn auglýsir til sölu lager af mokkaskinnum, gærum og húðum.**

Um er að ræða skinn á ýmsum vinnslustigum, allt frá hrávöru til söluvöru. Af tilbúinni vöru eða sem næst tilbúinni eru til dæmis um 6.200 mokkaskinn og um 2.100 fullunnar loðgærur. Einnig eru til sölu tæki sem tengjast vinnslu á skinnum.

Óskað er eftir tilboðum í vörurnar hvort sem er í heild eða að hluta. Áskilinn er réttur til að hafna öllum tilboðum.

Frekari upplýsingar eru veittar í gegnum netfangið **fullnustueignir@landsbankinn.is.**

**Landsbankinn** • landsbankinn.is • 410 4000


# Samræmt kjötmat geita liggur fyrir

## – Liður í að auka verðmætasköpun á geitfjárafurðum

**Um miðjan febrúarmánuð síðastliðinn gáfu Geitfjárræktarfélag Íslands og Matís út viljayfirlýsingu um aukið samstarf í því skyni að auka verðmætasköpun, vöruþróun og kynningu á geitfjárafurðum. Verkefnið er nú óðum að taka á sig mynd og er vinna komin vel af stað hjá Matís og liggja nú fyrir nýjar reglur um kjötmat geita.**



Jóhanna Bergmann Þorvaldsdóttir í verslun sinni á Háafelli, en hún hefur gengið lengst geitfjárbænda í því að vinna fjölbreyttar markaðsvörur úr geitfjárafurðum sínum. Mynd / smh

Óli Þór Hilmarsson hjá Matís hefur unnið að nýja kjötmatinu og segir hann að það verk hafi verið algjör forsenda fyrir frekari markaðsþróun fyrir geitfjárafurðirnar. „Hingað til hefur meira verið litið á geitur sem gæludýr, en nú er ætlunin að koma þeim í nytjaflokk. Samstarfsverkefni Matís og Geitfjárræktarfélagsins, með fjárstuðningi Matarauðs Íslands, gengur út á það að koma á samræmdu kjötmati geita – sem hefur ekki verið til. Líka að koma á formlegum skráningum í Heiðrúnu, sem er gagnagrunnur sambærilegur og Fjárvís – en það hefur heldur ekki verið gert áður.

Með þessum aðgerðum ættum við að fá yfirsýn á framleiðsluna eins og hún er í dag og eins fá bændur verkfæri í nýju kjötmati sem er þeim ómetanlegt í ræktunarstarfinu. Þá komum við með tillögur varðandi meðferð geita fyrir slátrun og í slátrunarferlinu – en eins og gefur að skilja þá er lítil reynsla til staðar varðandi þessa þætti. Þær eru mjög frábrugðnar kindum á eiginlega allan hátt. Það verður að halda geitum sér í stíum en ekki blanda þeim saman við kindur.

Þær þola ekki vatn en við rafdeyfingu – eins og nú tíðkast í sláturhúsum – þá er stundum saltpækill látinn leka með skautinu á höfuð skepnunnar til að auka rafleiðnina. Eins er þekkt að rafstuð sé gefið bæði á haus og bak (við hjarta) á sama tíma, en þá er hætta á götum á baki stökunnar. Stakan er mjög viðkæm og þolir alls ekki sömu meðferð og lambsgæra því hún er það þunn. Hún þolir til dæmis ekki vélafdrátt á sláturlínu og því er best að handflá hana,“ segir Óli Þór.

***Verðmætar hliðarafurðir***

Það er því nauðsynlegt, að sögn Óla Þórs, að samræma verklag í sláturhúsum, koma á kjötmati og skráningum í gagnagrunn. Einnig vegna hinna verðmætu hliðarafurða geitarinnar. „Mör er til dæmis notaður í sápu og snyrtivörur en hjá sumum sláturleyfishöfum er erfiðleikum bundið að halda utan um og safna saman mör og innyflum úr geitum sökum þess hve fáar þær eru á hverjum stað.

Dæmi eru um að 10 til 15 geitum sé slátrað í sláturhúsi yfir sláturtíðina og þá einni til þremur í senn.

Við vonumst því eftir góðu samstarfi við sláturleyfishafa og að þeir taki góðan þátt í að bæta gæði geitaafurða eins og kostur er.

Verkefni okkar nú í haust er sem sagt að taka á þessum þáttum. Framhaldsverkefnið verður síðan að þróa vörur úr þessu kjöti og gera það sýnilegra á markaðnum,“ segir Óli Þór. */smh*

## Kjötmat geitakjöts

**1.** Geitum er skipt í eftirfarandi tvo grunnflokka eftir aldri.

a. Kið, af báðum kynjum, ungdýr, yngri en 1 árs, miðað við 1. mars, ári eftir burð. Skrokkar auðkenndir með KIÐ.

b. Geitur, af báðum kynjum 1 árs eða eldri, miðað við eftir 1. mars ári eftir burð. Skrokkar auðkenndir með GEIT.

**2.** Geitakjöt skal flokkað eftir vaxtarlagi og holdfyllingu annars vegar og eftir fitustigi hins vegar. Í flokkum E, U og R skal flokka í heila flokka, en í flokkum O og P skal nota þrjá undirflokka.

**3.** Í töflum I og II eru lýsingar á holdfyllingar- og fituflokkum. Við fituflokkun skal stuðst við mælingar á fituþykkt á síðu við næstaftasta rif u.þ.b. 11 cm frá miðlínu hryggjar.

### Tafla I Holdfyllingarflokkar (9 flokkar)

| Holdfylling | Bókstafur | Lýsing |
|---|---|---|
| E Ágæt | E | Allar útlínur mjög kúptar<br>Læri: Ágætlega fyllt<br>Hryggur: Ágætlega breiður og fylltur<br>Frampartur: Ágætlega fylltur |
| U Mjög góð | U | Útlínur að mestu kúptar<br>Læri: Vel fyllt<br>Hryggur: Vel fylltur<br>Frampartur: Vel fylltur |
| R Góð | R | Útlínur að mestu beinar<br>Læri: Jafnfyllt eða góð<br>Hryggur: Jafnfylltur<br>Frampartur: Jafnfylltur |
| O Sæmileg | 0+<br>0<br>0- | Útlínur nokkuð íhvolfar<br>Læri: Lítillega innfallin<br>Hryggur: Skortir breidd og fyllingu<br>Frampartur: Smár, skortir fyllingu |
| P Rýr | P+<br>P<br>P- | Útlínur allar íhvolfar eða mjög íhvolfar<br>Læri: Innfallin eða mjög innfallin<br>Hryggur: Smár, innfallinn með útistandandi beinum<br>Frampartur: Smár, flatur innfallin með útistandandi beinum |



### Tafla II Fituflokkar ( 5 flokkar)

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Mjög lítil filta | Síðufita <5 mm. Vottur af fitu eða engin sýnileg fita utan á skrokk. |
| 2 | Lítil fita | Síðufita <8 mm. Þunnt fitulag þekur hluta skrokksins sem helst á bógum og lærum. |
| 3 | Eðlileg fita | Síðufita <11 mm. Skrokkur allur eða að hluta þakinn léttri fituhulu. |
| 4 | Mjög mikil fita | Síðufita >18 mm. Skrokkur að mestu leyti með þykkri fituhulu sem getur verið þynnri á bógum og lærum. |
| 5 | Óhóflega mikil fita | Síðufita >18 mm. Mjög þykk fituhula á öllum skrokk. Greinileg fitusöfnun. |

# Salatið víðförla

## Veist þú hvaðan maturinn þinn kemur?

Sem neytendur eigum við oft erfitt með að átta okkur á uppruna matarins sem við borðum.
Einfalt salat í skál kemur víðar að en marga grunar.
Daglegar matarvenjur geta haft mikil áhrif á heilsuna og lífsgæði á jörðinni.
Það skiptir máli að maturinn þinn sé hollur og góður og að framleiðslan hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið.
Of mikil notkun varnarefna í matvælaframleiðslu og flutningar um langan veg eru óæskilegir fyrir alla jarðarbúa.



**Fetaostur**
Bandaríkin, Bretland, Danmörk, Egyptaland, Grikkland, Ísland, Ísrael, Ítalía, Kanada, Tyrkland, Þýskaland.



**Brauðteningar**
Argentína, Ástralía, Bandaríkin, Brasilía, Frakkland, Holland, Indland, Kanada, Kína, Mexíkó, Pólland, Rússland, Sviss, Úrúgvæ, Víetnam.



**Mandarínur**
Ísrael, Mexíkó, Marokkó, Suður-Afríka, Spánn.



**Agúrka**
Bandaríkin, Holland, Hondúras, Indland Ísland, Kanada, Mexíkó, Spánn.



**Tómatar**
Bandaríkin, Dóminíska lýðveldið, Holland, Ísland, Ísrael, Ítalía, Kanada, Mexíkó.



**Salat**
Bandaríkin, Dóminíska lýðveldið, Ísland, Kanada, Mexíkó, Perú, Síle, Spánn.



**Baunaspírur**
Argentína, Ástralía, Bandaríkin, Bangladesh, Egyptaland, Frakkland, Indland, Ísland, Kanada, Kína, Marokkó, Nepal, Pakistan, Spánn, Suður-Afríka, Tyrkland.



**Ólífur**
Bandaríkin, Grikkland, Ísrael, Mexíkó, Spánn.



**Rauðlaukur**
Bandaríkin, Indland, Kanada, Kína, Þýskaland.



**Ólífuolía og balsamikedik**
Argentína, Bandaríkin, Brasilía, Frakkland, Indland, Indónesía, Ítalía, Kanada, Kína, Marokkó, Mexíkó, Perú, Portúgal, Síle, Spánn, Taíland Túnis, Tyrkland, Víetnam, Þýskaland.



Myndin á uppruna sinn í átakinu „One Health“ sem hefur meðal annars það markmið að bæta matvælaöryggi og lýðheilsu, leiða saman vísindamenn úr öllum heimshornum og fyrirbyggja matvælasýkingar. Birt með góðfúslegu leyfi National Academy of Sciences og National Academic Press í Washington.

*Athugið: Löndin eru talin upp í stafrófsröð en endurspegla ekki magnið sem framleitt er eða útflutt frá hverju landi.*

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

# STEKKUR
## Sveppir

**Sveppir eru ólíkir plöntum, meðal annars að því leyti að þeir hafa ekki blaðgrænu og geta því ekki ljóstillífað og unnið lífræn efni úr ólífrænum.**

Frumur sveppa hafa frumuvegg líkt og plöntufrumur en veggurinn er ekki gerður úr beðmi eins og hjá plöntum heldur kítini eins og ytri stoðgrind skordýra og sjávardýra, til dæmis humars og rækju.

Sveppir lifa á rotnandi lífrænum leifum og/eða í sam- eða sníkjulífi með plöntum. Með rotnun umbreyta þeir lífrænu efni í ólífrænt, sem plöntur nýta sér. Líkt og plönturíkið er kallað flóra og dýraríkið fána er svepparíkið kallað funga.

Í heiminum eru skráðar yfir 80.000 tegundir sveppa. Talan er ónákvæm því að á hverju ári finnast nýjar tegundir sveppa og sumar af þessum 80 þúsund tegundum flokkast í raun ekki til svepparíkisins heldur til frumdýra, litvera og flétta.

Á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar segir að líklegt þyki að í heiminum séu nálægt 1,5 milljón tegundir sveppa og því mikið verk fram undan við að lýsa þeim og skrásetja. Þó má gera ráð fyrir að flestir stórsveppir séu þekktir.

Á Íslandi hafa fundist og verið skrásettar rúmlega 2.000 tegundir sveppa en þá eru fléttur ekki taldar með. Flestir þessara sveppa eru svo smávaxnir að þeir sjást ekki með berum augum.

Það sem í daglegu tali kallast sveppur er í raun aldin eða fjölgunarfæri örfínna þráða sem vaxa í jarðvegi, á trjám eða öðrum hýslum og kallast ímur.

Af þeim ríflega 2.000 tegundum sveppa sem fundist hafa á Íslandi eru milli 30 og 40 stórsveppir taldir hæfir til átu en mis eftirsóknarverðir. Til stórsveppa teljast sveppir sem sjást með berum augum. Stór hluti matsveppa telst til kólfsveppa t.d. lerkisveppur og kúalabbi.

Egyptar til forna töldu sveppi vera plöntur eilífs lífs og eingöngu faraó og hástéttin mátti neyta þeirra. Þetta gekk svo langt að almúginn mátti ekki einu sinni snerta sveppi og sérstök stétt sem sá um að safna þeim.

Víða um heim er löng hefð fyrir því að tína sveppi og á sumum stöðum eru haldnar sérstakar sveppahátíðir í kringum uppskeru þeirra. Ólík menningarsvæði hafa gefið sveppum mismunandi eiginleika. Í Rússlandi og Suður-Ameríku voru ákveðnir sveppir notaðir til að komast í samband við andaheiminn. Normannar trúðu því að sveppir væru frygðarlyf og ykju frjósemi og gáfu brúðgumum stóra skál af sveppum til að borða fyrir brúðkaupsnóttina væru þeir fáanlegir. Annars staðar var því trúað að ákveðinn sveppur veitti stríðsmönnum yfirnáttúrulegan styrk samanber berserkjasveppinn.

Sveppir hafa lengi verið vinsælir til átu í Austur-Evrópu og í Frakklandi þar sem menn gengu um með svín í bandi og notuðu lyktarskyn þeirra til að þefa uppi trufflur sem eru sveppir sem vaxa neðanjarðar og þykja frábærir til átu. Í seinni tíð hafa hundar verið þjálfaðir sérstaklega til að þefa þá uppi. /VH

---

HLUNNINDI & VEIÐI

# Hreindýraveiðar ganga víða vel



Gunnar Bender
gunnarbender@gmail.com

**Hreindýraveiðin hefur gengið ágætlega og margir farið til veiða. Ásgerður Ásgeirsdóttir var á veiðislóð fyrir fáum dögum þegar við heyrðum aðeins í henni.**

„Þetta er geggjað gaman en verst að það er ekki nógu margar konur í þessu sporti," sagði Ásgerður Ásgeirsdóttir. Hún var að skjóta sitt annað hreindýr á ævinni fyrir nokkrum dögum. En fyrir tveimur árum náði hún sínu fyrsta dýri.

„Þetta var 95 kg tarfur, felldur á svæði sex núna í ágúst, en svæði sex er Breiðdalur, Skriðdalur og Öxi. Það er alveg minn heimavöllur," sagði Ásgerður.



Ásgerður Ásgeirsdóttir með tarfinn sem hún felldi fyrir skömmu á svæði sex.

---

Árbæjarfoss í Elliðaám:

# Sá sjötti sleit sig lausan eftir rúmar 20 mínútur

**Friðfinnur Hreinsson og Eggert Sk. Jóhannesson voru fyrir fáum dögum í Ytri-Rangá og tóku eina vakt í Árbæjarfossi við bestu skilyrði sem áin hefur upp á að bjóða.**

„Gott vatn er í ánni og búið að rigna og það gekk á með rigningu annað slagið," sagði Eggert.

„Það var austan strekkingur á neðstu svæðunum og varla hægt að kasta þar almennilega út og vorum við því fegnir þegar við máttum vera við Árbæjarfossinn í algeru logni, sem var frábært.

Það var rólegt framan af en svo fór hann að gefa sig og tók bæði bláa og rauða Frances og einn tók Black Conhead, sá sem sleit sig lausan hefur allavega verið rúm 14 pund. Friðfinnur var með hann á í góðar 20 mínútur og við hjálpuðumst að við að reyna að landa honum en hann hafði betur enda vel sterkur. Reif allt út og tók ítrekaðar rokur og reyndi m.a. að flækja línuna í stein sem stóð upp úr.

Eftir fjóra tíma við veiðar, var þetta orðið gott. Við vorum búnir að veiða nóg og kvöddum ána í bili, eða til næsta sumars," sagði Eggert enn fremur.



Friðfinnur Hreinsson og Eggert Sk. Jóhannesson með flotta veiði úr Ytri-Rangá. Mynd / Jón

---



Elísabet Hallbeck með flottan lax úr Elliðaánum. Mynd / Karl Óskarsson

# Veiði í Elliðaám gengur vel

**Veiðin í Elliðaánum hefur gengið í sumar og núna eru komnir um 850 laxar úr ánni. Það er lax víða um ána og mikið sums staðar. Vatnið hefur verið gott eftir að tók að rigna og fiskarnir að taka betur hjá veiðimönnum.**

„Þetta var gaman, við settum í nokkra en þeir tóku grannt, jú, við fengum lax í soðið," sagði Hafþór Óskarsson en hann var í Elliðaánum fyrir nokkrum dögum.

„Við vorum í Minnivallarlæk og þar tók fiskurinn líka grannt en þetta er samt svakalega skemmtilegt," sagði Hafþór enn fremur.

Elliðaárnar hafa staðið sig vel, Grímsá, Langá, Haffjarðará, Miðfjarðará og Ytri-Rangá svo einhverjar sé nefndar til sögunnar. Það er hellingur eftir að sumri, laxinn er fyrir hendi og sjóbirtingur er mættur fyrir austan. Það stefnir í veislu í sjóbirtingnum.

---



Bjarni Júlíusson, fyrrverandi formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur, og Þorkell heitinn Fjeldsted ræða málin við opnun Norðurár í Borgarfirði fyrir nokkrum árum. Mynd / G.Bender

# Stór hluti veiðisafnsins komið á Hvanneyri

**Í Ferjukoti í Borgarfirði byggðu Þorkell heitinn Fjeldsted og eiginkona hans, Heba Magnúsdóttir, stórmerkilegt veiðisafn, sem margir hafa komið og skoðað. Enda margir þurft að stoppa í Ferjukoti til að kaupa laxa eftir laxa eftir fisklitla veiðitúra.**

Stór hluta af safninu hefur verið fluttur niður á Hvanneyri og verður vonandi þar til sýnis innan tíðar. Heimildirnar eru stórmerkilegar um veiðiskap þarna á Ferjukoti og Hvítá. Þetta er mikið veiðisafn fyrir veiðimenn á öllum aldri enda margra ára saga sem hörkufólk passaði vel upp á og það má alls ekki tapast með tíð og tíma.

Ekkert var skemmtilegra en heyra Þorkel segja veiðisögu og fræða menn um safnið og heyra það hljóma út á bakka Hvítár og falla í dýpsta hylinn. Það var fróðleikur fyrir lífstíð.

---

Ytri-Rangá:

# Alltaf mikill möguleiki á ævintýrum

**Ytri-Rangá hefur gefið langflesta laxana í sumar og Reynir Friðriksson leiðsögumaður var að veiða. Við heyrðum aðeins hljóðið í honum eftir veiðitúrinn á bökkum Ytri-Rangár. Gefum Reyni orðið.**

„Síðasta sunnudag var ég að veiða við Ytri-Rangá, það var búin að vera flott veiði fyrr um morguninn og aðstæður mjög góðar, þar sem það var búið að vera hlýtt nóttina áður, og komu 37 laxar á land þennan morgun.

Ég hnýtti undir flugu sem er kölluð „viagra" og er hönnuð af Geira (frænda). Það var svo í fimmta kasti sem var rifið hressilega í og ég rétti stöngina, hann tók roku og stökk allur upp úr, þetta var stór og vel leginn fiskur sem tók fluguna og þurfti 15 feta stöngin að hafa vel fyrir honum þar sem hún var í vinkil allan tímann. Það var svo um 15 mínútum síðar sem ég hélt á þykkum 92 cm hæng. Frábær endir á góðum morgni og mjög góð tilfinning að sjá hann dóla rólega aftur út í hylinn þegar ég sleppti honum.

Það komu 37 laxar á land þennan morgun og þar af annar yfir 90 sentímetra fiskur svo veiðin er enn mjög góð. Ekki skemmir að vita að reglurnar eru þannig að sleppiskylda er á öllum hængum yfir 80 cm og á hrygnum yfir 70 cm. Svo það er frábært til þess að vita að þessir stóru eru þarna og því möguleiki á ævintýrum og átökum við tveggja ára fiska við Ytri-Rangá.



Reynir Friðriksson sleppir 92 sentímetra hængnum aftur.

# Dagur íslenskrar náttúru 16. september



**Dagur íslenskrar náttúru verður haldinn að venju þann 16. september næstkomandi og er þetta í sjöunda sinn sem íslenskri náttúru er fagnað á þessum degi.**

Hefð er fyrir því að stofnanir, félagasamtök, sveitarfélög, skólar, fyrirtæki og einstaklingar hafi daginn í huga í sinni starfsemi. Þeir sem nýta samfélagsmiðla til að vekja athygli á íslenskri náttúru og eða viðburðum tengdum deginum eru minntir á myllumerkin #íslensknáttúra og #DÍN, sem stendur fyrir Dag íslenskrar náttúru.

Daginn ber upp á laugardegi og má búast við að hluti dagskrár fari fram dagana á undan eða eftir 16. september. Umhverfis- og auðlindaráðherra mun afhenda Fjölmiðlaverðlaun ráðuneytisins og Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti föstudaginn 15. september.

Senda má upplýsingar um viðburði, verkefni og uppákomur sem efnt er til í tilefni dagsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins á netfangið bergthora.njala@uar.is. Verða þær þá birtar á vefsvæði Dags íslenskrar náttúru á vef stjórnarráðsins sem er á slóðinni www.stjornarradid.is/din.

/VH

















Hekla giftist manni sínum, Josef Hattenberger, þann 20. maí og spiluðu hestar að sjálfsögðu stóra rullu í athöfninni. Hjónin búa í Austurríki þar sem þau reka þjálfunarmeðferðarfyrirtæki fyrir hesta og knapa. Mynd / Bettina Nieldermayr

## Hekla Hermundsdóttir beitir hestahvísli á vandræðahross með ótrúlegum árangri:

# Bætir samskipti manns og hests

Guðrún Hulda Pálsdóttir
ghp@bondi.is



**Hekla Hermundsdóttir hefur verið að geta sér gott orð fyrir þjálfunarmeðferðir á hestum. „Hestahvísl hljómar eins og töfrar en það er í raun leið til að opna nýjar víddir. Þetta er hugarfar sem byggist upp á því að nálgast hesta með það í huga hvernig hestar sjá og skynja heiminn, skilning um þarfir hestsins, hvernig hann lærir og sál hans. Markmiðið er að mynda samband á milli manns og hests af frjálsum vilja,“ segir Hekla, sem náði ótrúlegum árangri með hest sem átti að senda í sláturhús.**

Hekla býr í Austurríki en kemur reglulega hingað til lands og heldur námskeið og sýnikennslu þar sem tekist er á við vandamál sem geta komið upp í tamningar- og þjálfunarferli hests, svo sem styggð, ósjálfstæði eða yfirgangur.

„Ég vinn að mestu leyti með neikvæðri styrkingu (e. Negative reinforcement) þar sem áreiti eða þrýstingur er tekinn af um leið og hesturinn svarar rétt. Þegar áreitið hverfur lærir hesturinn að hann brást rétt við og mun þá sýna sömu hegðun oftar. Þetta er aðferð sem hestar nota hvor við annan. Fólk á það til að rugla saman neikvæðri styrkingu og refsingu. Mér finnst alltaf best að útskýra muninn þannig að með neikvæðri styrkingu geri ég ranga hegðun erfiðari fyrir hestinn og um leið og hann sýnir rétta svörun tek ég allt áreitið af. Með refsingu, aftur á móti, ögra ég þangað til hesturinn sýnir merki um undirgefni. En með refsingu missi ég allt vald á tilfinningum mínum og sambandinu. Traustið og virðingin frá hestinum er horfið,“ segir Hekla sem segir að neikvæð styrking sé aðeins eitt dæmi um aðferðir sem beittar eru með hestahvísli.

„Ég byrja á því að byggja upp samskipti frá jörðu og undirbý þannig ábendingarnar sem ég nota síðar í hnakknum. Um leið reyni ég að komast sem næst tungumáli hestsins, þ.e.a.s. með líkamstjáningu. Til þess að fá hestinn næman nota ég fjögur stig í þjálfuninni. Fyrst gef ég honum til kynna að ég vilji, sem dæmi, að hann fari á stökk með sem minnstu ábendingu t.d. að benda upp með fingri. Ef sú ábending heppnast ekki er stigið hækkað og ég spyr hestinn næst með aðeins meira áreiti eins og léttri ábendingu á hringtaumstraumnum. Ef hann svarar því ekki hækka ég áreitið enn meira. Næst væri það t.d. að lyfta pískinum upp og sveifla honum. Stig fjögur er síðasta stigið og það að vera það skýrt að hesturinn svarar. Ég annaðhvort geng í átt að hestinum og slæ pískinum á jörðina fyrir aftan hestinn eða læt pískinn snerta hann. Ég er alltaf sanngjörn og leyfi hestinum að reyna að svara rétt við fyrstu ábendingu og vil helst aldrei þurfa að nota fjórða stig. Ef þetta er rétt framkvæmt, nægir það fyrir flesta hesta að fara einu sinni fjórða stig til þess að fá réttu svörun.“



Mikil umbreyting hefur orðið á Hlífari síðan Hekla tók við honum. Hér eru þau við sýnikennslu. Mynd / HH



Hekla ásamt hryssunni Villimey frá Varmadal á góðum sumardegi. Mynd / Mona Kensik

### *Að fá hest til að treysta*

Aðferðina, sem á ensku nefnist Natural Horsemanship, á rætur sínar að rekja til Ameríku á fyrri hluta 20. aldar, hjá bræðrunum Bill og Tom Dorrance. Nemendur þeirra hafa haldið aðferðinni á lofti og nefnir Hekla í því samhengi hestahvíslarana Ray Hunt, Buck Brannaman og Pat Parelli en það var sú síðastnefnda sem kynnti Heklu fyrir hestahvísli árið 2011.

„Aðferðirnar hafa ekki fest rætur á Íslandi. Ég held að það sé vegna þess að íslenski hesturinn hefur lengi haft allt annað gildi hér á landi en hesturinn á meginlandinu. Hann var vinnudýr, ekki gæludýr sem fólk átti sér til skemmtunar. En tímarnir hafa löngu breyst og sífellt fleiri atvinnu- og frístundaknapar reyna að þjálfa hestinn sinn á sem heilbrigðastan hátt og knapar sjá hestinn sem góðan vin.“

Hún segir hestahvísl virka afar vel á íslenska hestinn. „Það sem gerir íslenska hestinn öðruvísi er að hann minnir mig á Mustang hestinn í Ameríku, sem er alinn upp í stórum villtum hestahögum með lágmarks umgengni frá mannfólkinu. Það gerir suma hluti auðveldari, en upp koma önnur vandamál í staðinn sem getur hægt á tamningunni. Andstæðan er hestur sem er alinn upp í bakgarði og hefur ekki lært neinar reglur. Nálgun þessara hesta er þverólík. Bakgarðshesturinn hefur ekki kynnst neinni virðingu gagnvart manninum og er mjög yfirgangssamur og heimtugur. Það er ekki nauðsynlegt að sannfæra þessa hesta að maðurinn er ekki rándýr. Hann veit hins vegar vel að hann er sterkari en þú. Þannig þarf þjálfarinn strax að vernda sitt svæði. Það getur reynst erfitt því að oftast svara hrossin með því að sýna mótþróa og ógna jafnvel þjálfaranum. Aftur á móti er hann uppalinn í umhverfi þar sem lítið getur fælt hann því að hann hefur daglegt áreiti frá umferðinni, leikandi börnum, hjólum, verkfærum og öðrum dýrum. Þegar við höfum fengið virðingu frá þessari hestgerð er hægt að treysta þeim 110%. Munurinn á íslenska hestinum heima og íslenskum og/eða öðrum hestakynum erlendis liggur í því að hesturinn ber virðingu gagnvart manninum. En hún er oft of mikil hér á landi og myndi falla undir hræðslu og ótta. Því þarf að gera miklar traustsæfingar og sannfæra hestinn um að hann sé ekki á matseðlinum. Þessi vinna getur tekið nokkra mánuði og jafnvel nokkur ár,“ segir Hekla og nefnir eitt nærtækt dæmi um hestinn Hlífar.

### *Sagan af Hlífari*

„Það sem ég fékk í hendur var hestur sem hafði verið kúgaður niður. Hlífar sýndi bæði slægð og fast munstur við ákveðin áreiti, sem gefur til kynna að hann hefur farið í gegnum síendurtekið líkamlegt ofbeldi,“ segir Hekla, sem fékk Hlífar upp í hendurnar eftir að búið var að dæma hann ómeðhöndlanlegan og mannýgan. Honum átti í reynd að slátra þegar Hekla tók við honum.

„Ef hurðir skellast hratt, ef píski er smellt, eða ef hestar skynja skyndilega hreyfingu er eðlisviðbrögð þeirra að rífa snöggt upp hausinn til að koma adrenalíni í líkamann og vera tilbúinn að flýja. Hlífar hafði hins vegar myndað það hegðunarmynstur að setja hausinn niður í gólf og hrista hann í takt við hljóðið og berja í áttina með framlöppunum. Það sýndi mér að ekki var farið vel með hann í fortíðinni og það tók mikið á sjálfsagann að fela tilfinningarnar til fyrrverandi tamningamanna og reyna að hjálpa þessum hesti á rétta braut,“ segir Hekla, sem lagði í langt þjálfunarferðalag með Hlífar.

„Fyrsti einn og hálfi mánuðurinn fór algjörlega í að vinna traust hans upp á nýtt. Honum var komið fyrir í stóru gerði þar sem hann fékk vatn og mat að vild, en með einni undantekningu. Ég var alltaf viðstödd. Langar sumarnætur fóru í það að fá hann til þess að drekka úr fötu sem var í höndunum á mér og borða heyið sitt. Ég greindi framför á hverjum degi og hann fór smám saman að treysta mér. Þegar ég gat gengið til hans, klappað og mýlt hann var kominn tími á að koma honum í hesthúsið í daglegar traustsæfingar sem reyndi mikið á andlegu hliðina hans og mig, því þeim fylgdi endalausar endurtekningar á sömu hlutum. Ég veit ekki hver eða hvað gaf mér þessa þolinmæði en ég held að trú á aðferðafræðina hafi með það að gera,“ segir Hekla, en í dag er Hlífar þægur reiðhestur.

„Hestahvísl hefur gefið mér og hestunum sem ég hef kynnst betra sjálfsöryggi, en aðallega hefur þessi aðferðafræði og lífsstíll orðið til þess að ég ber enn meiri virðingu gagnvart þessum yndislegu skepnum. Það er ótrúleg tilfinning þegar það myndast alvöru samband milli knapa og hests, þegar samtal hefst og hesturinn svarar alltaf jákvætt og af frjálsum vilja. Það er æðislegt þegar maður fer að sjá hvað hestarnir sjá, finna hvað hestarnir finna og þegar maður fer að hlusta meira, því í rauninni eru þeir að segja okkur ansi mikið,“ segir hestahvíslarinn Hekla Hermundsdóttir.










- FAGLÆRÐIR SÖÐLASMIÐIR
- FRAMLEIÐSLA OG VIÐGERÐIR Á REIÐTYGJUM
- MESTA VÖRUÚRVAL Á SUÐURLANDI FYRIR HESTAFÓLK

**VIÐGERÐIR**

- Gerum við og yfirförum hnakka
- Saumum löf
- Skiptum um móttök
- Stoppum í undirdýnur ofl. ofl.

**SÉRSMÍÐI**

- Vantar þig eitthvað sem ekki fæst akkúrat eins og þú vilt hafa það?



ALLTAF KAFFI
Á KÖNNUNNI!

OPIÐ VIRKA DAGA 9–18,
OG LAUGARDAGA 10–13

BALDVIN OG ÞORVALDUR SELFOSSI

Baldvin og Þorvaldur • Austurvegi 56 • 800 Selfossi • 482 1900 • www.baldvinogthorvaldur.is




f / ISPAN · WWW.ISPAN.IS | SMIÐJUVEGI 7 200 KÓPAVOGI SÍMI 54 54 300

Íspan
GLER OG SPEGLAR

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR




Jötunn stendur fyrir fræðsluferð á stærstu landbúnaðarsýningu í Evrópu sem haldin er í Hannover í Þýskalandi annað hvert ár.

**Drög að dagskrá ferðarinnar eru eftirfarandi:**

**Mánudagur 13. nóvember**
07:30 Brottför frá Keflavík með Icelandair flugi FI 520 til Frankfurt.
12:00 Lending í Frankfurt.
13:00 Ekið með rútu í áttina að Hannover með stoppi á sveitabæ í leiðinni.
18:00 Komið á hótel í nágrenni Hannover (2 nætur) og kvöldmatur.

**Þriðjudagur 14. nóvember**
08:00 Lagt af stað á sýninguna og deginum varið á sýningunni.
18:00 Brottför frá sýningunni aftur á hótel – kvöldmatur á hóteli.

**Miðvikudagur 15. nóvember**
08:00 Lagt af stað á sýninguna og deginum varið á sýningunni.
17:00 Brottför af sýningunni og haldið í áttina tilbaka til Frankfurt. Gist á hóteli í nágrenni Frankfurt og kvöldmatur á hótelinu.

**Fimmtudagur 16. nóvember**
09.00 Lagt af stað frá hóteli til Flugvallarins í Frankfurt.
13.25 Brottför frá Frankfurt með flugi FI 521 til Keflavíkur
16.00 Lending í Keflavík – ferðalok.

**Í boði eru einungis 40 sæti og er miðað við að hámarki 2 miða á hvert lögbýli – fyrstur kemur fyrstur fær.**

**Innifalið er:** Allar ferðir, gisting, morgunmatur og kvöldverður alla daganna auk aðgangsmiða á Agritechnica.
**Fararstjóri er:** Finnbogi Magnússon

**Bókanir og upplýsingar um ferðina veita vélasölumenn í síma 4800400**

Verð á mann í tvíbýli er aðeins

98.000,-

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

FRÉTTASKÝRING

### Skýrsla á vegum Norræna ráðherraráðsins telur brýnt að berjast um nauðsynlega en mengandi lofttegund:

# Athygli vakin á baráttu gegn ofnotkun köfnunarefnis í landbúnaði

## – Mikil áskorun en um leið vandasöm pólitísk glíma við margvíslegar þversagnir í umhverfismálum þar sem fátt er um töfralausnir

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



**Í júní kom út skýrslan „Nordic nitrogen and Agriculture“ sem fjármögnuð var af Norræna ráðherraráðinu. Fjallar hún um köfnunarefni í landbúnaði á norðurslóðum, stefnumótun og ráðstafanir til að draga úr umhverfisáhrifum af völdum þessarar lofttegundar. Þar er lögð áhersla á nauðsyn þess að efla þekkingu til að auka skilvirkni í notkun köfnunarefnis í landbúnaði.**

Köfnunarefni er frumefni sem er lyktar- og litlaus lofttegund og mest er af í lofthjúpi jarðar, eða um 78%. Köfnunarefni er að finna í öllum lifandi frumum og er nauðsynlegur partur í öllum próteinum, ensímum og við framleiðslu á orku við ljóstillífun. Það er m.a. nýtt í stórum stíl í áburð sem notaður er til landbúnaðar.

Þótt köfnunarefni sé nauðsynlegt til allrar ræktunar, þá getur of mikil köfnunarefnisnotkun leitt til mengunar jarðvegs og grunnvatns með alvarlegum afleiðingum. Þá er mjög þekkt neikvæð áhrif köfnunarefnismengunar á lífríki í vötnum og ám og jafnvel á grunnsævi úti fyrir ströndum öflugra landbúnaðarsvæða.



Nauðsynlegt þykir að bera köfnunarefnisáburð á tún til að auka grasuppskeru. Áburðargjöfin verður þó að vera hnitmiðuð því of mikil notkun á köfnunarefni nýtist gróðrinum ekki og rennur því með regnvatni í ár og vötn og þaðan til sjávar. Mynd / BBL





Köfnunarefni er hægt að vinna úr andrúmsloftinu og var köfnunarefnisáburður framleiddur í stórum stíl um lang árabil í Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi.

### *Kröfur um aukna framleiðni og ódýrar afurðir leiða til aukinnar mengunar*

Stöðugt er verið að gera kröfur um aukna framleiðni í landbúnaði og ódýrari landbúnaðarvörur. Gallinn er bara sá að kröfur um aukna lífmassaframleiðslu á hvern hektara lands hafa krafist stóraukinnar notkunar á köfnunarefnisáburði. Aukin fóður- og nytjajurtaframleiðsla leiðir líka til aukinnar eldsneytisnotkunar og kolefnismengunar. Þar hefur víða verið farin sú leið að auka notkun á lífrænu eldsneyti sem að stærstum hluta er framleidd úr korni. Talað er um sjálfbæra orkuframleiðslu og jafnvel að hún sé vistvæn. Það hljómar vissulega mjög vel, en samkvæmt skýrslu sem Jan Willem Erisman gerði fyrir Evrópusambandið, leiðir það jafnvel til enn stærri vandamála.



Eitraður þörungablómi í Erie-vatni í Bandaríkjunum sem stafar m.a. af skolun köfnunarefnis frá landbúnaði þar í kring. Mynd / hecweb.com

### *Lífrænt eldsneyti kallar á aukna köfnunarefnisnotkun*

Aukin framleiðsla á lífrænu eldsneyti kallar á enn meiri notkun á köfnunarefnisáburði. Þá er köfnunarefnisoxíðsmengun (NOx) meiri af notkun lífeldsneytis en af jarðefnaeldsneyti að því er fram kemur í skýrslu Jan Willem Erisman. Það er einfaldlega sagt vera vegna hærra hlutfalls köfnunarefnis í slíku eldsneyti.

NOx er samheiti yfir tvíefna sambönd af oxíði (súrefni) og frumefninu nitri. Þar getur verið um að ræða köfnunarefnisoxíð eða niturоxíði (nitric oxide) og köfnunarefnis díoxíði (nitrogen dioxide) sem valda m.a. súru regni. Köfnunarefnisoxíð getur verið hættulegt heilsu manna. Sé allt þetta haft í huga hlýtur sú hugsun yfirvalda á Íslandi að auka notkun lífdísils í stað hreins dísils af umhverfisástæðum að vera alvarlegt umhugsunarefni svo ekki sé meira sagt.

### *Mest NOx losun er sögð vera í Norður-Ameríku*

Norður Ameríka losar hlutfallslega mest af köfnunarefnisoxíði í heiminum, eða 17,2%, samkvæmt skýrslu Erisman. Þar á eftir kemur Austur- Asía með 14,1% og Evrópa með 13,7%.

Landbúnaður í heiminum stendur þó einungis fyrir losun á 0,9% köfnunarefnisoxíði. Flutningar á landi eru aftur á móti á bak við 30,7% losunarinnar. Iðnaður stendur fyrir 16,9%, orkuframleiðsla er á bak við 15,7%, alþjóðlegur skipa-rekstur stendur fyrir 15% og aðrir flutningar (þ.m.t. flug) standa fyrir 16,2%. Þá stendur eldsneytisbruni á heimilum fyrir 4,5% af losun köfnunarefnisoxíði í heiminum.



Köfnunarefni er ekki einungis hægt að nota til áburðar, heldur er það líka mikið notað sem uppistaða í sprengiefni, m.a. við jarðgangagerð.

### *Aukin rafbílavæðing getur líka leitt til aukinnar mengunar*

Erisman bendir líka á áhugaverðan hliðaranga þessarar umræðu sem tengist notkun köfnunarefnis í landbúnaði við framleiðslu á lífrænu eldsneyti. Aukin rafvæðing í samgöngum geti nefnilega kallað á enn meiri NOx útblástur vegna framleiðslu á raforku. Þótt það eigi ekki við á Íslandi, þá er Ísland ekki stórt í stóra samhenginu, t.d. í samanburði við veruleikann í ESB. Þetta getur því þýtt, allavega til skamms tíma, að rafbílavæðingin í Evrópu leiði til meiri mengunar og minni skilvirkni í orkunýtingu en áframhaldandi notkun farartækja með sprengihreyflum. Í öllu falli á meðan framleiða þarf raforkuna með kolum, jarðefnaeldsneyti, lífrænu eldsneyti, gasi eða kjarnorku.

### *Ofnotkun köfnunarefnis og óskilvirkni í aðgerðum*

Í skýrslu Norræna ráðherraráðsins er sjónum nær eingöngu beint að köfnunarefnisnotkun í landbúnaði. Ekki er þó tekin nein hörð afstaða í málinu. Þar segir að mjög vaxandi áhugi sé á alþjóðlega vísu fyrir



Fiskdauði í kínversku stöðuvatni vegna köfnunarefnismengunar. Mynd / Business Insider



Fiskdauði í vatni á Indlandi. Köfnunarefni hefur runnið út í vatnið frá nálægu landbúnaðarsvæði og valdið þörungablóma- og súrefnisskorti í vatninu. Mynd / New Indian Express

því að lögð verði ríkari áhersla á þekkingaröflun sem leitt geti til betri skilnings á því hvernig stýra megi efnahringrás í náttúrunni, þar með á kolefni og köfnunarefni. Í skýrslunni er bent á að alþjóðleg samvinna þvert á landamæri hafi aukið skilning manna á að ofnotkun köfnunarefnis sé eitt af stærstu vandamálunum sem við er að glíma í landbúnaði. Það sé eitt af vandamálunum sem snerti loftmengun, ofmettun næringarefna í jarðvegi og vötnum og loftslagsbreytingar. Til að takast á við þessi vandamál hafi málum verið hlaðið niður á ólíkar stofnanir þar sem oft sé lítið samræmi í aðgerðum.

Í nýlegum úttektum á vegum European Nitrogen Assessment og verkefni á vegum OECD hefur verið skoðað hvernig markvissari stefnumörkun gæti leitt til betri árangurs sem jafnframt væri skilvirkari í kostnaðarlegu tilliti. Myndaður hefur verið viðbragðshópur á vegum Convention on Long-Range Transboundary Air Pollution (CLRTAP), til að draga úr áhrifum köfnunarefnis (Task Force on Reactive Nitrogen (TFRN). Honum er ætlað að skoða á vísindalegan hátt hvernig draga megi úr notkun köfnunarefnis til að mynda grunn sem pólitísk stefnumótun geti byggt á.

Notkun áburðar í landbúnaði samhliða losun köfnunarefnisoxíðs (NOx), m.a. við brennslu jarðefnaeldsneytis í dráttarvélum, eru sögð lykilatriði í þessu samhengi.

### *Norðurlöndin með sérstöðu*

Norðurlöndin hafa síðustu 20 ár vakið athygli á nauðsyn þess að draga úr losun köfnunarefnis út í umhverfið. Eigi að síður er losun köfnunarefnis enn tiltölulega mikil með hliðsjón af þeim markmiðum sem sett hafa verið. Einnig með hliðsjón af regluverki um landbúnaðinn sem sett hafi verið innan Evrópusambandsins og á alþjóðlega vísu. Norðurlöndin hafa þó mikla sérstöðu hvað þetta varðar og sem dæmi hefur Danmörk þegar dregið úr notkun köfnunarefnis um 50%.

Í skýrslunni segir að til að tryggja framvindu þessara mála á Norðurlöndunum, þurfi að beita harðari löggjöf, markvissari reglugerðum og efnahagslegum hvötum og/eða auka ráðleggingar og efla sjálfboðaliðastarf. Þá sé mjög mikilvægt að ræða og skilja áhrif mengunar og óvissu sem hún veldur í umhverfinu þó svo að bændur geti kannski ekki beinlínis stýrt veðurfarinu með aðgerðum sínum.

### *Minnkun ammoníaksmengunar getur líka haft neikvæðar hliðar*

Í skýrslunni er líka bent á ódýrustu leiðirnar til þess t.d. að draga úr losun ammoníaks (NH3) í landbúnaði. Ammóníak er litlaus en daunill lofttegund sem samanstendur af einni köfnunarefnisfrumeind (N) og þrem vetnisfrumeindum (H). Þar er sagt að hægt sé að draga úr losun ammóníaks í landbúnaði m.a. með minni notkun köfnunarefnis og með því að geyma mykju í lokuðum tönkum. Einnig megi endurskoða reglur um dreifingu á skít en allt þetta þurfi að rannsaka betur. Þá er mælt með að margvíslegt regluverk fyrir landbúnaðinn verði endurskoða og einfaldað.

Samkvæmt úttekt Umhverfisstofnunar Evrópusambandsins (EEA) hefur dregið verulega úr ammoníaksmengun í landbúnaði frá 1990, en þó ekki eins mikið og annarra mengandi lofttegunda. Ekki heldur nægilega til að standast samþykkt markmið Sameinuðu þjóðanna. Þá jókst ammoníaksmengun í landbúnaði í mörgum ríkjum ESB á árinu 2015. Í heild jókst þá mengunin milli ára um 1,8% að meðaltali í ESB-löndunum. Mest var aukningin í Frakklandi, Þýskalandi og á Spáni.

### *Mikil áskorun og þversagnir*

Bent er á að það sé mikil áskorun að draga úr neikvæðum áhrifum landbúnaðar á umhverfið. Horfa þurfi á tæknilegar lausnir samhliða kerfisbreytingum. Draga þurfi úr sóun matvæla og auka skilvirkni í allri fæðuframleiðslunni. Hugsanlega líka að stýra neyslumynstri sem getur haft áhrif til að draga úr köfnunarefnismengun.

Í skýrslu Norræna ráðherraráðsins segir að í pólitísku tilliti geti komið upp þversagnir er varða kolefnisbindingu og nýtingu á mykju til að framleiða lífrænt eldsneyti. Það geti leitt til aukins kolefnisútblásturs. Ef menn dragi síðan úr eða hætti alveg að bera húsdýraáburð á tún til að draga úr ammoníaksmengun, þá geti það líka leitt til vandamála vegna skorts á kolefni í jarðvegi.

Áskorunin snýst því um að framleiða meiri mat með meiri skilvirkni en um leið að draga úr mengun. Vissulega ekki einfalt verkefni en afar brýnt í ljósi aukinnar mengunar, hlýnunar jarðar *og* örrar fjölgunar mannkyns. */HKr.*






Nýr og stærri yfirbyggður pallur var smíðaður fyrir framan söluhús Heimöxi þegar það var fært að Gljúfrastofu í Ásbyrgi, upplýsingamiðstöð Vatnajökulþjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum. Myndir / Árdís Jónsdóttir

# Söluhús hjá Heimöx flutt á nýjan stað

**Söluhús handverkshópsins Heimöx hefur verið fært að Gljúfrastofu í Ásbyrgi, sem er upplýsingamiðstöð Vatnajökulþjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum.**

Heimöx var stofnað þann 29. febrúar 1992 af athafnakonum í Núpasveit, við Öxarfjörð og í Kelduhverfi, sem vildu koma handverki sínu á framfæri og auka með því atvinnumöguleika í héraðinu. Handverkshópurinn var lengi með söluhús skammt frá versluninni í Ásbyrgi.

Hópinn skipa nú 30 manns frá fjórum þjóðlöndum sem allir eru búsettir á svæðinu, eða hafa mjög sterka tengingu við svæðið.



Heimöx selur fjölbreytt handverk, þó mest sé af prjónavörum úr ull. Einnig fæst þar vefnaður, minjagripir, sultur, skartgripir, málverk, tálgaðir fuglar, þæfðar myndir, sápur og kerti.

Í sumar hefur söluhús Heimaxar verið opið alla daga frá kl. 11–18.

Gúmmíbelti frá Linser
til á lager á flestar gerðir minivéla.
Gæða vara á góðu verði!
VÉLAFL
Uppl. í síma 893-8424/set@velafl.is og á 694-3700/gk@velafl.is. Heimasíða www.velafl.is



Umsjónarmaður orlofssvæðis í Miðdal

GRAFÍA stéttarfélag auglýsir eftir umsjónaraðila orlofssvæðis félagsins í Miðdal, Bláskógabyggð. Í starfinu felst almenn umsjón og viðhald orlofshúsa og orlofssvæðis. Heilsársbúseta er skilyrði. Starfinu fylgir íbúðarhúsnæði og aðstaða í útihúsum. Starfið er hlutastarf að vetri en fullt starf yfir sumartímann.

Umsóknir sendist á georg@grafia.is eða til GRAFÍU stéttarfélags, Stórhöfða 31, 110 Reykjavík merkt „Miðdalur“ **Umsóknarfrestur er til 18. september 2017.**

Upplýsingar veitir Georg Páll Skúlason formaður GRAFÍU stéttarfélags í síma 552 8755 eða georg@grafia.is

Stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum
GRAFÍA

Bylting í hreinlæti!
Auðveldari og betri þrif, sparar tíma og léttir lífið
i-mop revolutionary cleaning
WORLDWIDE PATENTED TECHNOLOGY
Hafðu samband og pantaðu kynningu fyrir þitt fyrirtæki
Sími 480-0040 sala@buska.is www.i-teamglobal.com
Búska





Ræktandinn Sigurður Unuson færði blaðamanni gnægð af fersku grænmeti. Mynd / ghp

## Mikill uppgangur matjurtaræktunar í þéttbýli:

# Mannbætandi félagslandbúnaður

**Sigurður Unuson er ræktandi í Seljagarði, sameiginlegum matjurtagarði í Breiðholti. Þar stunda um 20 Breiðhyltingar saman matjurtaræktun á sínum leigureitum. Sigurður heillast af hugmyndum um samfélagslega rekna ræktunarstarfsemi og hyggst koma á fót félagslandbúnaði í borginni.**

„Félagslandbúnaður er leið sem samfélagið getur notað til að rækta grænmeti í sínu nágrenni. Félagið safnar saman tilteknum fjölda af meðlimum, t.d. 40–50 manns, og ræður svo einn eða fleiri starfsmenn til að annast ræktunina. Umfangið ræðst svo af því hvað fólk vill borða af grænmeti yfir árið, en því fjölbreyttari tegundir, eins og litrík beðja og safaríkur hvítlaukur, því heilsusamlegra og skemmtilegra verður það,“ segir Sigurður.

### *Leggur grunn að umhverfisvænna samfélagi*

Félagslandbúnaður er sniðinn að fólki í fullri vinnu því hann hentar fólki sem vill taka þátt í ræktun en hefur ekki áhuga eða tíma til að vera alltaf bundinn yfir því.

„Þetta er líka tækifæri til að vera mjög meðvitaðir neytendur, minnka sóun við flutning og gera mengandi plastumbúðir óþarfar við framleiðslu grænmetis. En ávinningurinn er enn ríkari, enda er fólk þarna partur af hóp sem hefur skýra stefnu í umhverfismálum og það er partur af þessu að uppskera úr garðinum reglulega. Meðlimir borga ársgjald, sem fer þá í að greiða starfsmanni laun og kaupa inn þau efni sem vantar,“ segir Sigurður og bendir á sambærilegt félag á Ísafirði, Gróanda, en félagar hans telja nú um 50 manns.

„Fyrir þá sem vilja vera virkari og meira í moldinni verður boðið upp á nokkur vinnunámskeið, þar sem hægt er að læra hvernig garður verður til, hvernig maður reytir eða sleppir því að reyta arfa og hvernig maður gengur frá garði að uppskeru lokinni. Þetta fólk er mikilvægt fyrir félagslandbúnaðinn því það deilir þekkingunni áfram til annarra meðlima út í samfélagið.“

Sigurður segir mikilvægt fyrir þróun okkar samfélags að rækta matinn inni í borgum, það gerir fólk að hæfari þátttakendum í vistkerfinu, skapi meðvitaðri lífsstíl sem lengir líf borgarbúa og með minni sóun lengir það líftíma jarðarinnar.

### *Fjölbreytt uppskera*

Sigurður er núna meðlimur í Seljagarði í Breiðholti, en þar hafa hverfisbúar ræktað saman matvæli síðan árið 2014. Seljagarður var hugarfóstur hugsjónamanna um borgarbúskap og lögðu þau grunn að Seljagarði og Laugargarði í Laugardal í nafni Borgarbýlis.



Meðlimir Seljagarðs koma reglulega saman og njóta góðs af uppskerunni í góðum félagsskap. Mynd / ghp

Hugsjónin að baki garðinum var að auka tækifæri borgarbúa til að rækta sinn eigin heilnæma mat, vinna saman og kynnast nágrönnum sínum, að gefa borgarbúum aðgang að náttúru innan borgarmarkanna. Hugsjónin rennur undan rifjum vistræktar (e. permaculture).

Garðurinn býður upp á einkareiti úti og inni í gróðurhúsi. Þátttakendum Seljagarðs hefur fjölgað jafnt og þétt og eru nú 19 manns.

Garðurinn var uppfullur af ferskum matvælum þegar fregnkonu Bændablaðs bar að garði. Þar mátti finna beðjur, baunir, spínat, alls kyns kál í mismunandi litum, fjölda afbrigða af kartöflum ásamt kryddjurtum og lauk. Inni í gróðurhúsinu mátti svo finna tómata, paprikur, ber og kúrbít.

Garðurinn uppsker meira en ræktendurnir þurfa og hefur Sigurður brugðið á það ráð að deila með áhugasömum uppskerunni um leið og hann kynnir ræktunarstarfið og félagslandbúnað.

„Það fylgir því mikil jarðtenging í ræktun og hún hefur bætt mig sem manneskju. Ég velti oft fyrir mér hvernig hægt er að takast á við vandamál í samfélaginu. Ræktun er ein leið til þess. Í gegnum hana tengist maður umhverfi sínu og nær þannig ákveðnu jafnvægi gagnvart hraða samfélagsins, það mun lengja líf mitt og lengja líftíma jarðarinnar að skapa umhverfismeðvitara samfélag,“ segir hann.




Í Seljagarði er hægt að stunda matjurtaræktun í útireitum og inni í gróðurhúsi. Á næsta ári mun hópurinn leggja grunn að félagslandbúnaði. Teikningin sýnir framtíðarsýn garðsins. Mynd / Þórey Mjallhvít

### *Mannbætandi að rækta*

Sigurður hefur stundað ræktun í nokkur ár. Hann lærði fyrst af móður sinni og fór svo til Írlands þar sem hann tók Vistræktarhönnunarnámskeið (PDC) sem var yfir einn vetur.

„Þar öðlaðist ég meiri þekkingu á vistfræði, auk þess að fá praktíska reynslu, en ég áleit þetta vera mikilvæga færni að hafa. Ég kynntist líka sjálfbærum hugmyndum. Það er hægt að stefna að sjálfbærni á ýmsan hátt, maður getur gert það sem einstaklingur eða með fjölskyldu sinni, eða samfélaginu öllu ef maður er nógu hvetjandi.“

Kynningarfundur um félagslandbúnað verður haldinn í Árskógum 2 fimmtudaginn 7. september kl. 20.

„Það er greinilega frjór jarðvegur fyrir félagslandbúnað, það er mikilvægt skref fyrir aukna sjálfbærni í samfélaginu og það er mikil tilhlökkun fyrir komandi ári,“ segir Sigurður Unuson.

*/ghp*












**Fjölbrautaskóli Suðurlands. Þeir nemendur sem stunda nám við Fjölbrautaskóla Suðurlands og búa langt frá skólanum þurfa sjálfir að útvega sér leiguhúsnæði á Selfossi eða næsta nágrenni með tilheyrandi kostnaði.** Mynd / MHH

# Ekki lengur heimavist

**Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi hefur verið með heimavist fyrir þá nemendur sem þess óska síðustu ár en nú bregður svo við að skólinn er ekki með neina heimavist á sínum snærum.**

Þessu mótmælir stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) sem skorar á ráðherra mennta- og menningarmála að fundin verði lausn á því ófremdarástandi sem ríkir í aðgengi nemenda að framhaldsnámi á Suðurlandi. „Upptökusvæði framhaldsskóla á Suðurlandi er dreift og eins og staðan er nú býr hluti ungmenna á framhaldsskólaaldri við það að eiga ekki möguleika á því að nýta almenningssamgöngur til að stunda nám við framhaldsskóla á svæðinu og ekki er boðið upp á heimavist við framhaldsskóla á Suðurlandi nema einungis á Laugarvatni. Nauðsynlegt er að ríkið ráðist í viðeigandi úrbætur þannig að nemendur hafi aðgang að heimavist við alla skóla á Suðurlandi, enda mikilvægt að allir framhaldsskólanemendur á Íslandi hafi jafnt aðgengi að námi“, segir í bókun stjórnar SASS um málið.

*/MHH*



**Hestar á gangbraut.** Mynd / MHH

# Hestar nýta gangbraut

**Það er engu líkara en að hestarnir sem sluppu nýlega út úr hestagerði á Selfossi hafi farið í umferðarskóla.**

Athygli vakti að þegar þeir voru að rölta yfir í eitt af hverfunum nálægt hesthúsahverfinu fóru þeir yfir gangbrautina á hraðahindrun eins og löghlýðnir „borgarar“.

Hestarnir voru þó ekki frjálsir mjög lengi því þeim var smalað fljótlega saman og reknir aftur inn í hestagerðið.

*/MHH*



FRÉTTASKÝRING

## Umhverfisáhrif búfjárframleiðslu:

# Sótspor búfjárstofna og búfjárafurða eftir heimsálfum

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



**FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, hefur tekið saman yfirlit um búfjárrækt og búfjárafurðir í heiminum og losun gróðurhúsalofttegunda eða sótspor af þeirra völdum. Talið er að draga megi úr losun gróðurhúsalofttegunda af völdum búfjárræktar um 30% með betri ræktunar- og framleiðsluaðferðum.**

Þegar framleiðsla búfjárafurða er umreiknuð í próteingildi er mögulegt að bera saman framleiðslumagn milli tegunda og afurða. Sé slíkt gert er framleiðsla búfjár mest í Austur- og Suðaustur-Asíu um 14 milljón tonn af próteini á ári. Í Austur- og Suðaustur-Asíu er langmest ræktað af dýrum með einfaldan maga, svínum og hænsnum, en ekki jórturdýrum. Í Vestur-Evrópu, Norður- Ameríku, latnesku Ameríku og eyjum í Karíbahafinu er reiknuð próteinframleiðsla á hverju svæði fyrir sig milli 9 og 9,5 milljón tonn.

Munurinn á próteinframleiðslu á þessum svæðum og í Austur- og Suðaustur-Asíu er að í latnesku- og Norður-Ameríku er mest alið af kjúklingum og nautgripum en í Mið- og Suður-Evrópu byggir próteinframleiðslan að mestu á nautgripum til kjötframleiðslu og mjólkurkúm.

Sé litið til annarra heimshluta er próteinframleiðsla í Suður-Asíu um 4 milljón tonn á ári. Í Mið-Austurlöndum, Norður-Afríku, Afríku sunnan Sahara, Austur-Evrópu, Eyjaálfunni og Rússlandi er próteinframleiðslan milli 1,5 og 3 milljón tonn á ári.

### *Fóðurnotkun búfjár*

Áætluð fóðurnotkun búfjár í heiminum er 6 milljarðar tonna af þurrefni og þar af er einn þriðji af kornframleiðslu heimsins. Um 86% af fóðri búfjár er hráefni sem í dag er ekki nýtt til manneldis. Af ræktuðu landi í heiminum er mest notað til að rækta soja og um 4% af uppskerunni er notuð í búfjárfóður.

Fóður jórturdýra er ríflega 57% gras og lauf en búfé með einfaldan maga, svín og hænsni, éta um 72% af öllu korni sem nýtt er sem búfjárfóður.

### *Losun búfjár í koltvísýringsígildum*

Búfjárrækt er viðamikill þáttur þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum. Alls er losun koltvísýringsígildis vegna búfjár áætluð tæp 8,5 milljarðar tonna. Þar af er um helmingurinn metan og koltvísýringur og nituroxíð 25% hvort efnasamband.

### *Losun gróðurhúsalofttegunda eftir búfjártegundum*

Ræktun á nautgripum til kjöt- og mjólkurframleiðslu á langstærstan þátt í losun gróðurhúsalofttegunda í búfjárrækt í heiminum. Áætluð losun nautgripa er ríflega 5 milljarðar tonna í koltvísýringsígildum, eða rúm 65% af árlegri losun allra gróðurhúsalofttegunda í búfjárrækt í heiminum.

Losun svína, kjúklinga, buffalóa og minni jórturdýra eins og sauðfjár og geita er milli 7 og 11% af heildarlosuninni.

### *Losun gróðurhúsalofttegunda vegna afurða*

Nautakjöt og mjólk eru þær landbúnaðarafurðir sem valda mestri losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum vegna afurða, eða 3 og 1,6 milljarða tonna koltvísýringsígilda á ári. Kjúklingakjöt og egg eru annar stærsti losunarþátturinn, 830 milljón tonn, svínakjöt sá þriðji, 820 milljón tonn og buffalóakjöt og buffalóamjólk sá fjórði, 700 milljón tonn og kjöt- og mjólkurframleiðsla af minni jórturdýrum, sauðfé og geitum, í því fimmta 500 milljón tonn af koltvísýringsígildum. Það sem eftir stendur er meðal annars vegna andakjöts, annarri fuglakjötsframleiðslu og ónýtanlegra afurða.

Ef borið er saman próteininnhald mismunandi landbúnaðarafurða og losum gróðurhúsalofttegunda af þeirra völdum kemur í ljós að framleiðsla á buffalóakjöti losar mest, eða 404 kíló af koltvísýringsígildum fyrir hvert kíló af próteini. Framleiðsla á próteini í nautakjöti er annar mesti losunarvaldurinn með losun upp á 295 kíló af koltvísýringsígildum fyrir hvert kíló af próteini. Kjöt og mjólk framleidd af minni jórturdýrum og buffalóamjólk er í þriðja, fjórða og fimmta sæti með losun á 210, 148 og 140 kílóum að koltvísýringsígildum fyrir hvert framleitt kíló af próteini. Framleiðsla á kúamjólk, kjúklingakjöti, eggjum og svínakjöti losar minnst af gróðurhúsalofttegundum við framleiðslu á hverju kílói af próteinum og minna en 100 kíló af koltvísýringsígildum hver afurð.

Vert er að geta þess að magn losunar gróðurhúsalofttegunda hjá jórturdýrum getur verið breytilegt eftir aðstæðum í umhverfinu, ræktunaraðferðum og fóðri. Séu þessir og aðrir þættir, eins og flutningur, sem hafa áhrif á losunina teknir til vandlegrar skoðunar sést að með stjórnun þeirra má draga talsvert úr losun gróðurhúsalofttegunda.




Framleiðsla einstakra svæða umreiknað í prótein. Próteinframleiðsla er reiknuð út frá magni af framleiddu kjöti, mjólk og eggjum.




Losun gróðurhúsalofttegunda búfjár sem koltvísýringsígildi eftir afurðum í magni próteins.




Fóðurnotkun búfjár. Hlutfall fóðurgerðar ólíkra búfjárstofna.




Áætluð heildarlosun koltvísýringsígilda í milljónum tonna eftir búfjárstofnum.

***Losun gróðurhúsalofttegunda eftir uppruna***

Losun gróðurhúsalofttegunda frá búfé stafar af fjórum megin þáttum, meltingu, búfjáráburði, fóðurframleiðslu og orkunotkun vegna búfjáreldis.

Við meltingu myndast metan. Metanmyndunin er mun meiri hjá jórturdýrum en dýrum með einfaldan maga. Gæði fóðurs hefur mikil áhrif á magn metans sem myndast við meltinguna. Við meltingu á trefjaríku, grófu og tormeltu fóðri verður metanmyndunin meiri en við meltingu á auðmeltanlegu fóðri.

Í búfjáráburði er að finna bæði metan og nituroxíð. Metan losar niðurbrot áburðarins af völdum andrúmsloftsins en nituroxíð við niðurbrot ammoníaks. Ólíkar aðferðir við geymslu á búfjáráburði hafa áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda af hans völdum. Búfjáráburður sem geymdur er í fljótandi formi losar meira af gróðurhúsalofttegundum en búfjáráburður í föstu formi.




Heildar og hugsanlegur samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda í búfjárframleiðslu með breytingum á framleiðsluferlinu.

Mikið losnar af gróðurhúsalofttegundum við framleiðslu á fóðri fyrir búfé, til dæmis þegar skógar eru felldir, mýrar þurrkaðar til að búa til beitiland og land til að rækta fóðurjurtir. Auk þess sem mikil losun á sér stað þegar nituroxíð losnar út í andrúmsloftið við notkun á búfjáráburði og tilbúnum niturríkum áburði og við flutning fóðurs á milli staða.

Orkunotkun vegna búfjáreldis á sér stað gegnum allt framleiðsluferlið. Framleiðsla á tilbúnum áburði, notkun á vélbúnaði við ræktun, uppskeru, vinnslu og flutningi á fóðri og öðrum aðföngum, losar mikið magn gróðurhúsalofttegunda sem á að reikna með sem hluta af framleiðsluferlinu. Losun á sér einnig stað við notkun á annars konar vélbúnaði eins og viftum í gripahúsum, lýsingu, við mjaltir og margs konar annars konar tækjum og búnaði. Einnig á sér stað losun við vinnslu afurða, pökkun og flutningi þeirra í verslanir og á disk neytenda.

Áætlað er að magn gróðurhúsalofttegunda sem þessir þættir losa skiptist þannig að melting búfjár losi um jafngildi 3,5 milljarða af koltvísýringsígildum, eða 44% af heildarmagninu. Búfjáráburður 800 milljón tonn, eða um 10%. Fóðurframleiðsla 3,3 milljarða tonna, um 41%, og orkunotkun vegna búfjáreldis, afurðavinnslu og flutninga á aðföngum og afurðum 400 milljón tonn í koltvísýringsígildum, eða 5% af heildarmagninu.




Losun gróðurhúsalofttegunda frá búfé eftir heimshlutum.

***Losun gróðurhúsalofttegunda eftir heimshlutum***

Magn losunar frá landbúnaði eftir heimshlutum er breytilegt og ræðst að mestu af fjölda jórturdýra og búfjár með einfaldan maga á hverju svæði. Losunin ræðst einnig af gerð fóðurs, beitarlands og orkunotkunar við ræktunina.

Þrátt fyrir að mikið hafi dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda í latnesku Ameríku og eyjum í Karíbahafinu er hún enn mest þar 1,9 milljarðar tonna í koltvísýringsígildum og aðallega vegna nautgriparæktar til kjötframleiðslu. Losunin í Austur- og Suðaustur-Asíu er 1,6 milljarðar tonna og 1,5 milljarðar tonna í Asíu sunnanverðri. Í Norður-Ameríku og Evrópu er losunin um 600 milljón tonn í hvorri álfu. Losun gróðurhúsalofttegunda í koltvísýringsígildum í Mið-Austurlöndum, Norður-Afríku og Afríku sunnan Sahara er um 400 milljón tonn á hverju svæði en í Austur-Evrópu og Rússlandi milli 100 til 200 milljón tonn í koltvísýringsígildum.

***Dregið úr losun vegna búfjárræktar***

Draga má úr losun gróðurhúsalofttegunda í búfjárrækt með því að draga úr framleiðslu og neyslu búfjárafurða eða með því að draga úr losun við framleiðsluna. Talið er að með því að breyta framleiðsluferli búfjárræktar megi draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í greininni um allt að 30%, eða um 1,8 milljarða tonna koltvísýringsígilda.






## Vilborg Bjarkadóttir skyggndist inn í hugarheim fræsafnara og ræktenda:

# Framtíðin býr í fræjunum

– -Viðhorfsbreytinga er þörf um verndun fjölbreytileika plantna

Guðrún Hulda Pálsdóttir
ghp@bondi.is



**„Þó að fræ sé ein minnsta eining af lífi, þá inniheldur það ansi flókinn heim sem einkennist ekki bara af rómantík heldur líka hugsjón og átökum á milli hópa sem varðar framtíð mannskyns," segir Vilborg Bjarkadóttir, meistaranemi í þjóðfræði, sem rannsakar plöntusöfn, fræbanka og sjálfstætt starfandi ræktendur sem rækta gömul yrki.**

„Þar sem ég er þjóðfræðingur er verkefnið út frá menningarlegum forsendum frekar en líffræðilegum. Þannig að ég leitast fyrst og fremst við að skoða hvers konar menning er í kringum plöntur og þá sérlega hvað varðar verndun og fjölbreytileika plantna á Íslandi. Það er skemmtilegt að sjá hvað það eru margar leiðir til að vernda plöntur. Ég hef sjálf sett þessa verndun í þrjá flokka og hef greint þá svona: þurrkuð plöntusöfn eru einhvers konar fortíð plöntunnar, lifandi plöntusöfn eins og grasagarðar eru plantan hér og nú og svo fræbankar einhvers konar framtíð plöntunnar," segir Vilborg.



Vilborg Bjarkadóttir, meistaranemi í þjóðfræði, hefur í sumar rannsakað plöntusöfn, fræbanka og sjálfstætt starfandi ræktendur sem rækta gömul yrki. Mynd/ghp

### *Eftirminnileg ferð*

Rannsókn hennar, sem er styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna, byggist að stórum hluta á viðtölum en Vilborg ræddi við nokkra ræktendur og garðyrkjufræðinga sem gerði rannsóknarferlið einkar eftirminnilegt að hennar sögn.

„Mér fannst einna skemmtilegast í sumar þegar ég hitti garðyrkjufræðinginn Hafstein Hafliðason því mér hafði margsinnis verið sagt að hann væri svona eins og minni Garðyrkjufélags Íslands. Ég hringdi í hann og spurði hvort hann vissi um einhver íslensk yrki sem höfðu varðveist á milli kynslóða. Hann sagði mér frá bóndanum Lárusi Helgasyni á Kálfafelli og að hann ræktaði Kálfafellsrófuna, sem hafði verið í fjölskyldunni hans í meira en hundrað ár.

Mér fannst ég hafa dottið í lukkupottinn að heyra um þetta. Hafsteinn var svo vinalegur að bjóðast til þess að taka á móti mér á Selfossi þegar ég kæmi úr strætó og keyra mig svo á Kirkjubæjarklaustur til að hitta Lárus, til að taka við hann viðtal um Kálfafellsrófuna. Ferðin var eins og í skáldsögu, því mér finnst eins og það sé ekki á hverjum degi sem tvær manneskjur fara að hitta bónda á Kirkjubæjarklaustri til að ræða um rófu. Það var líka heppilegt að Hafsteinn, sem ég var með í átta klukkustundir í bíl, reyndist bráðskemmtilegur maður sem nýtir tímann svo vel að hann greinir plöntur í vegköntum á meðan hann keyrir."



Tómas Ponzi í Brennholti breytti viðhorfi Vilborgar til tómata. „Ég skammaði hann í góðlátlegu gríni um daginn fyrir að hafa eyðilagt hina tómatana fyrir mér."



Vilborg fór eftirminnilega ferð með Hafsteini Hafliðasyni austur að Kálfafelli að hitta Lárus Helgason, sem ræktar ættaryrkið Kálfafellsrófuna. „Ferðin var eins og í skáldsögu, því mér finnst eins og það sé ekki á hverjum degi sem tvær manneskjur fara að hitta bónda á Kirkjubæjarklaustri til að ræða um rófu," segir Vilborg sem stóðst ekki mátið og smellti af þeim mynd.



Vilborg telur rannsóknina geta vakið athygli á því að fjölbreytileiki plantna og verndun er stórt mál í samtímanum.





Fræbankar viðhalda fjölbreytileika plantna. Félagsmenn Garðyrkjufélags Íslands halda uppi stærsta fræbanka landsins. „Þessi starfsemi viðheldur meðvitund fólks um plöntur og ýtir ekki síst undir fjölbreytileika í einkagörðum ásamt því auðvitað að tengja saman félagsmenn," segir Vilborg. Myndir/VB



Fræmeistarinn og líffræðingurinn Barböru Stanzeit kynnti Vilborgu fyrir træsöfnun og fræbanka GÍ í sumar, en hún hefur yfirsjón yfir bankanum ásamt sérskipaðri frænefnd, sem hefur það hlutverk að taka á móti fræjunum, flokka þau og deila þeim.

### *Gildi fræbanka*

Markmið verkefnisins er margþætt að sögn Vilborgar. Í fyrsta lagi leitast hún eftir að fá yfirsýn yfir það sem hefur verið skráð og skrifað um plöntusafnanir og fræbanka á Íslandi. Í öðru lagi gerir hún samtímagreiningu með viðtölum. Þá skoðar hún einnig samband íslenskra stofnana við aðra grasagarða og fræbanka úti í heimi.

„Til dæmis geymir Grasagarðurinn í Reykjavík mjög fágætar plöntur sem eru mikilvægar fyrir heiminn og er í alþjóðlegum samskiptum við aðra fræbanka. Því hann, eins og flest plöntusöfn, er hluti af alþýðlegum stofnunum sem gefa út árlega frælista til annarra grasagarða til þess að þeir geti stundað fræskipti. Jafnvel þegar það er stríð í löndum er fólk að skiptast á fræjum og hjálpast þannig þvert yfir landamæri að vernda plöntur.

En það eru ekki þó ekki bara stofnanir sem viðhalda fjölbreytileika plantna því það er líka heilmikið um að einstaklingar tíni fræ og gera það jafnvel undir formerkjum einhverra félaga, eins og fræbanki Garðyrkjufélags Íslands, sem er heilmikið batterí. Ég fékk að skyggnast inn í þennan dularfulla, forvitnilega heim í gegnum fræmeistarann og líffræðinginn Barböru Stanzeit í sumar, en hún hefur yfirsjón með bankanum ásamt sérskipaðri frænefnd, sem hefur það hlutverk að taka á móti fræjunum, flokka þau og deila þeim. Árlega er svo gefin út frælisti yfir það sem safnað hefur verið. Þá geta félagsmenn keypt fræin sem eru á listanum á kostnaðarverði. Þessi starfsemi viðheldur meðvitund fólks um plöntur og ýtir ekki síst undir fjölbreytileika í einkagörðum ásamt því auðvitað að tengja saman félagsmenn," segir Vilborg.

### *Merking fræja býr í sögu þeirra*

Hluti af rannsókninni var að ræða við fólk sem safnar svokölluðum heirloom fræjum. Heirloom fræ eru fræ sem ganga á milli kynslóða, einhvers konar ættargripir í formi fræja. „Oft er skilningur fólks á ættargripum að þeir þurfi að vera í formi dauðra hluta. En það sem flyst á milli kynslóða, hvort sem það er leirpottur, fjölskyldusiðir, orðnotkun innan fjölskyldu, eða fræ er í raun ættargripur. Þannig má sjá fræ sem ættargrip, enda er gjarnan litið á fræ sem tákn fyrir framtíðina," segir Vilborg.

Hún segir fólk, sem safnar heirloom fræjum, vera mikið hugsjónafólk sem er drifið áfram af ástríðu.

„Það er ekki bara að vernda fræin ein og sér, heldur viðhalda þau þekkingunni um viðkomandi fræ í samfélaginu og hjálpa þannig ákveðnum yrkjum að vera hluti af menningunni sem við lifum í. Merking fræja liggur vissulega ekki bara í fræinu sjálfu, heldur

líka sögunni sem það hefur að geyma. Eitt fræ getur sagt mikla sögu ef við rýnum í það. Nafngift á ákveðnu yrki getur til dæmis sagt heila ættarsögu. Þá geta yrki sagt þjáningarsögu sem fólst í að vernda fræin, eins og var tilfellið í Rússlandi, í Leningrad, þegar hungursneyð stóð yfir í seinni heimsstyrjöldinni. Þá dóu fræðimenn frekar á skrifborðinu á rannsóknarstofu fræbankans í Leningrad heldur en að borða úr safni sínu, því þeim fannst framtíðin búa í fræjunum, en ekki í einstaka mannslífi,“ segir Vilborg.

### *Hugsjónafólk sem berst fyrir breytingum*

Þá segir hún heirloom fræsafnara afar meðvitaða um stöðu fræja í samtímanum og berjist fyrir tilveru þeirra.

„Þetta er hópur sem blöskrar harðskeyttur framgangur einkafyrirtækja sem hafa lengi gengið ansi hart fram til að öðlast eignarrétt yfir fræjum, jafnvel þeim sem hafa verið í alþýðueign svo árhundruðum skiptir. Fólk sem safnar heirloom fræjum, er í baráttu við þessa þróun og vill sporna við því að fræ fari alfarið í eigu einkafyrirtækja. Þau vilja að fræ haldi áfram að vera í eigu almennings. Þessi þróun er einnig hluti af því að við getum ekki farið út í búð án þess að kaupa fræ sem eru í eigu einhvers fyrirtækis. Ástæðan fyrir þessu er að söluaðilarnir vilja að einhver ábyrgist fræin sem við kaupum og þannig baktryggt sig ef eitthvað er að fræjunum sem þeir selja. Þannig hefur markaðurinn stuðlað að því að fræ séu ávallt í eigu fyrirtækja,“ segir Vilborg.

„Heirloom-hópurinn gagnrýnir einnig einsleitni á matarmarkaði, að maturinn sem við borðum sýni ekki fjölbreytileika heldur fábreytt úrval. Þau vilja breytingu á heiminum og horfa til framtíðar í von um að vernda hag alþýðunnar með því að viðhalda yrkjum með fræskiptum sín á milli, sem eru stunduð á milli heimshluta, oft í formi bréfa. Tómataræktandinn Tómas Ponzi í Brennholti, sem notar heirloom fræ, sýndi mér til að mynda jólakort þar sem fræjum í poka hafði verið komið fyrir. Þetta er fallegasta jólakort sem ég hef séð, því hvað er fallegra en að óska einhverjum gleðilegs nýs árs og veita honum svo framtíð með fræjum?“

### *Bragðlausir tómatar og kartaflan sem móðir*

Vilborg segir að samtöl sín við ástríðufulla fræsafnara hafi breytt viðhorfi hennar til frambúðar.

„Það er aðdáunarvert að hitta fólk sem brennur fyrir eitthvað. Samræðurnar verða svo lifandi, fullar af orku, drifkrafti og ást. Það er líka svo gaman að tala við fólk sem er umkringt því sem það elskar. Það er eitthvað sérstakt við að hlusta á fólk sem getur látið plöntur verða meira á lífi fyrir manni en áður.

Það var til dæmis einstakt að sjá hvernig tómatur umbreyttist í höfðinu á mér á nokkrum klukkutímum við að tala við Tómas Ponzi. Ég skammaði hann í góðlátlegu gríni um daginn fyrir að hafa eyðilagt hina tómatana fyrir mér. Því í hvert skipti sem ég kaupi mér tómata úti í búð núna, neyðist ég til þess að bragðbæta bragðlausa tómatana með salti, sósu og óskhyggju um að þeir smakkist betur en þeir gera.“

Það sama hafi verið upp á teningnum þegar hún hitti Dagnýju Hermannsdóttur kartöfluræktanda í sumarbústað á ræktunarlandi sínu að Laugarvatni. „Það var magnað hvernig hún breytti kartöflu í flókna móður fyrir mér, sem gæti verið jafnvel fjölublá. Það er eitthvað sérstakt þegar heill heimur getur opnast fyrir manni bara með að tala um hversdagslega hluti eins og kartöflur, og maður fattar að þótt þær séu í kringum mann daglega



Merking fræja liggur vissulega ekki bara í fræinu sjálfu, heldur líka sögunni sem það hefur að geyma.




Grasagarðurinn í Reykjavík spilar mikilvægt hlutverk í þágu fjölbreytileika plantna og verndunar þeirra þar sem hún geymir fágætar plöntur á alþjóðavísu.

þekkir maður þær vandræðalega lítið.“

### *Almenningur aftengdur grunnþörfum*

Vilborg vill með rannsókn sinni vekja athygli á mikilvægi verndunar fræja og plantna.

„Við stöndum nefnilega frammi fyrir því á okkar tímum að fjöldi gamalla plöntutegunda er að tapast. Ég tel að svona rannsókn geti vissulega vakið athygli á því að fjölbreytileiki plantna og verndun er stórt mál í samtímanum. Það þurfa að verða miklar viðhorfsbreytingar hjá stjórnmálamönnum, fyrirtækjum og meðal almennings hvað snertir fjölbreytileika platna og verndun þeirra.“

Þá geti verkefnið vakið okkur til umhugsunar um hvar við erum stödd gagnvart matarræktun.

„Það er eitthvað skrýtið við það hversu mikið við erum búin að starfsvæða okkar eigin grunnþarfir. Við látum bara ákveðinn hóp fólks í samfélaginu um það að búa til matinn okkar en erum svo flest algjörlega alveg aftengd. Þetta mætti að sumu leyti líkja við það að við myndum láta lækna eingöngu sjá um að fjölga okkur, en hefðum svo gleymt getunni og áhuganum til að stunda kynlíf. Þannig það hlýtur að myndast ákveðið rof við að verða aftengdur eigin uppruna og eigin grunnþörfum, það er ekki nóg að rækta nokkrar basilikur í glugga og finnast maður sjálfbær. Þvert á móti þarf að eiga sér stað stórtæk breyting í samfélagi okkar þegar það kemur að ræktun,“ segir Vilborg Bjarkadóttir.

Hún mun kynna niðurstöður rannsóknar sinnar á Þjóðarspeglinum, ráðstefnu um félagsvísindi í Háskóla Íslands, í október.


Nú aftur sagarblöð í úrvali frá freud.




Skerping ehf.
Smiðjuvegi 11 200 Kópavogi Sími. 564 2488 Gul Gata
Þjónusta við tré- og málmiðnað í 33 ár

Bændablaðið
Næsta blað kemur út 21. september

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is
HAUSTILBOÐ!




Zetor Proxima 100
4 cyl. mótor, 96 hestöfl
Zetor
Nú með kr. 500.000 afslætti
Verð kr. 5.950.000 án vsk.
Með ALÖ ámoksturstækjum og skóflu
VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

IS HURÐIR BÍLSKÚRSHURÐIR | IÐNAÐARHURÐIR
www.ishurdir.is
✔ ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, SMÍÐI OG SAMSETNING
✔ ALLAR HURÐIR SMÍÐAÐAR SAMKVÆMT MÁLI
✔ MARGAR ÚTFÆRSLUR OG LITAMÖGULEIKAR
✔ ÁRATUGA REYNSLA STARFSMANNA Í HURÐUM
✔ HÁGÆÐA HRÁEFNI
✔ ÞOLA VEL ÍSLENSKT VEÐURFAR
✔ STUTTUR AFGREIÐSLUTÍMI
ÝMSAR GERÐIR & ÚTFÆRSLUR
YFIR 20 ÁRA REYNSLA Í HURÐUM Á ÍSLANDI
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
STÍLHREINAR BÍLSKÚRSHURÐIR
FYRIR BÍLSKÚRINN



ÖFLUGAR IÐNAÐARHURÐIR
FYRIR IÐNAÐINN
FÁÐU HEIMSÓKN
SÖLURÁÐGJAFI OKKAR KEMUR Á STAÐINN, VEITIR FAGLEGA RÁÐGJÖF OG GERIR ÞÉR VERÐTILBOÐ.
VINSAMLEGAST ÓSKIÐ EFTIR HEIMSÓKN Í SÍMA 865-1237 EÐA Á logi@ishurdir.is
IS HURÐIR
Sími 564 0013 | www.ishurdir.is
HAFÐU SAMBAND
✔ IS Hurðir ehf.
✔ Reykjalundi, 270 Mosfellsbæ
✔ Sími: 564 0013
✔ logi@ishurdir.is / 865 1237
✔ www.ishurdir.is

STRÚKTÚR
Byggðu þinn STRÚKTÚR á traustum grunni
Stálgrindarhús - Yleiningar - Límtré



www.STRUKTUR.is
Við finnum lausn sem hentar Þér!
| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Hraðastöðum IV | 271 Mosfellsbæ |

Byggðaráð Blönduóss og lækkun afurðaverðs:

# Veldur forsendubresti í rekstri sauðfjárbúa

**Byggðaráð Blönduósbæjar hefur lýst yfir miklum áhyggjum af stöðu sauðfjárbænda. Skorar ráðið á ráðherra landbúnaðarmála og ráðherra byggðamála, sem og á þingmenn kjördæmisins, að beita sér fyrir því að málefni sauðfjárbænda verði leyst með farsælum hætti.**

Í samþykkt byggðaráðs sem samþykkt var samhljóða á fundi þess nýverið kemur fram að verði af þeim lækkunum á verði til bænda sem boðaðar hafa verið í haust sé ljóst að um gríðarlegt tekjutap verði að ræða og í raun valdi þær forsendubresti í rekstri flestra sauðfjárbúa.

Fleiri sveitarstjórnir á svæðinu, svo sem í Húnavatnshreppi, og byggðaráð Húnaþings vestra hafa lýst yfir sömu áhyggjum vegna stöðu sauðfjárbænda og hefur verið skorað á þingmenn kjördæmisins sem og ráðherra að beita sér fyrir því að málefni þeirra verði leyst með farsælum hætti. /MÞÞ

Húnavatnshreppur:

# Vilja kanna möguleika á sameiningu

**Sveitarstjórn Húnavatnshrepps telur eðlilegast að sveitarfélögin fjögur í Austur-Húnavatnssýslu kanni möguleika á sameiningu.**

Fjallað var um sameiningarmál á fundi sveitarstjórnar á dögunum og segir í samþykkt frá þeim fundi að samstarf sveitarfélaga sé mikið, meðal annars í byggðasamlögum um rekstur stórra málaflokka. Það samstarf sé með ágætum en óneitanlega þyngra í vöfum en ef um eitt sameinað sveitarfélag væri að ræða.

*Eflir getu til að veita þjónustu*

„Í sameinuðu sveitarfélagi í Austur-Húnavatnssýslu byggju um 1.850 íbúar og vegalengdir innan sveitarfélagsins eru ekki hamlandi. Að mati sveitarstjórnar Húnavatnshrepps ætti sameinað sveitarfélag í Austur-Húnavatnsýslu að hafa burði til að veita íbúum sínum góða þjónustu og hefði nægilegan styrk til að bæta hag íbúanna til framtíðar," segir í samþykktinni. /MÞÞ



Pósthúsið á Hvolsvelli verður framvegis opið frá kl. 11.00 til 15.00 en fyrri afgreiðslutími var frá 10.00 til 16.00. Mynd / MHH

# Skert póstþjónusta í Rangárþingi

## – Styttri afgreiðslutími á Hvolsvelli

**„Við erum mjög óánægð með þessa ákvörðun Íslandspósts og mótmælum henni harðlega, þetta getur ekki gengið svona," segir Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri á Hvolsvelli.**

Pósthúsið hefur verið opið frá 10.00 til 16.00 en frá og með 1. september var hann styttur í 11.00 til 15.00. Sveitarstjórn Rangárþings eystra hefur sent frá sér harðorða ályktun þar sem nýja afgreiðslutímanum er mótmælt harðlega.

„Hvolsvöllur er þjónustukauptún og mikill uppgangur hefur verið í sveitarfélaginu á síðustu árum. Í dreifbýlinu er rekinn öflugur landbúnaður. Þá er ferðaþjónusta ört vaxandi atvinnugrein. Mikilvægt er að öll atvinnustarfsemi hafi aðgang að sendingum sínum sem fyrst á morgnana til að starfsemi þeirra gangi sem skyldi. Þegar hefur póstþjónustu verið hagrætt langt umfram þolmörk á landsbyggðinni", segir í ályktuninni sem var samþykkt samhljóða.

*Nýr afgreiðslutími speglar umsvif á svæðinu*

Brynjar Smári Rúnarsson, upplýsingafulltrúi Íslandspósts, var spurður af hverju það væri verið að skerða afgreiðslutímann á Hvolsvelli.

„Við höfum litið svo á að 4 tíma opnunartími sé heppilegur á minni stöðum en að sjálfsögðu verðum við að meta stöðuna á hverjum stað fyrir sig og taka ákvörðun út frá hvað hentar hverju sinni. Engir tveir staðir eru eins og því mikilvægt að skoða hvern stað sérstaklega með tilliti til umsvifa og dreifikerfisins. Ástæðan fyrir breytingunni á Hvolsvelli er því fyrst og fremst sú að nýr opnunartími speglar umsvif á svæðinu," segir Brynjar. Þrír starfsmenn vinna á Hvolsvelli. /MHH


Það var þungt hljóð í mörgum bændum sem tóku til máls á fundi í Ýdölum, enda sjá þeir fram á mikla tekjuskerðingu. Kindurnar á myndinni virðast meira að segja furðu lostnar yfir ástandinu. Mynd / HKr.

Sauðfjárbændur úr Eyjafirði og Þingeyjarsýslum á fundi í Ýdölum:

# Allar bjargir í raun bannaðar

## – Verða að taka því verði sem í boði er

**Sauðfjárbændur úr Eyjafirði og Þingeyjarsýslum komu á dögunum saman til fundar í Ýdölum í Aðaldal, en til hans hafði verið boðað vegna þeirrar alvarlegu stöðu sem blasir við í sauðfjárrækt í kjölfar 35% lækkunar á afurðaverði til bænda, sem sláturleyfishafar hafa boðað. Fulltrúar úr stjórnum Bændasamtakanna og Landssambands sauðfjárbænda voru á staðnum og sögðu m.a. frá viðræðum sínum við ráðherra landbúnaðarmála og þeim hugmyndum sem ræddar hafa verið til lausnar á vandanum.**

Fram kom á fundinum gagnrýni á ráðherra landbúnaðarmála fyrir að hafa ekki brugðist fyrr við vandanum, en ljóst var strax í mars að það stefndi í óefni í haust og var ráðherra látinn vita af því þá. Hugmyndin ráðherra um að fækka fé um 20% strax í haust féllu í frekar grýttan jarðveg og töldu fundarmenn það útilokað að svo mikil fækkun væri framkvæmanleg, né heldur að vilji væri fyrir því hjá bændum að fækka um 90.000 kindur í einum grænum í haust. Þeir sem til máls tóku töldu þó flestir að fækkun á fé yrði að eiga sér stað og að margir sauðfjárbændur komi til með að fækka fé nú í haust, en fækkunin yrði ekki svona mikil á einu bretti þegar aðkoma ríkisins væri óljós.

*Þungt hljóð enda mikil tekjuskerðing*

Það var þungt hljóð í mörgum bændum sem tóku til máls enda sjá þeir fram á mikla tekjuskerðingu. Ljóst væri að byggð í sumum héruðum landsins væri undir og fáar atvinnugreinar þyldu 35% lækkun nú, til viðbótar við 10% lækkun árið 2016.

Mikil umræða var um það á fundinum hve miklar birgðir væru raunverulega til af lambakjöti í upphafi sláturtíðar og töldu margir að þær væru ofmetnar. Margir lýstu yfir furðu á því hve erfitt væri að fá áreiðanlegar tölur um þetta. Margir lýstu einnig yfir furðu sinni á því að erfitt væri að koma auga á lambakjöt í mörgum verslunum þessa dagana og væri það furðulegt í ljósi umræðunnar um að of mikið væri til af kjöti í landinu nú í upphafi sláturtíðar.

*Tekur mörg ár að hífa verðið upp á ný*

Margir höfðu áhyggjur af því að þetta verð sem væri í boði fyrir kjötið í haust væri komið til með að vera og það tæki mörg ár að hífa það aftur upp. Vel borgandi markaðir erlendis væru ekki fyrir hendi, gengi krónunnar væri útflutningi óhagstæður og viðskipti við Rússland væri ekki möguleg. Innanlandsmarkaður væri eini markaðurinn sem væri í boði og hann væri yfirfullur um þessar mundir. Það eina sem bændur gætu vonast eftir væri að allur almenningur í landinu færi að borða meira af lambakjöti til að jafnvægi kæmist á. Ef bændur fengju ekki raunhæf verkfæri til að losna við umframkjöt í útflutning á næstu tveimur árum væri þetta lága verð komið til með að vera.

Einn bóndi varpaði því fram að það væri auðvitað óbúandi við það að vita ekki afurðaverðið sem greiða ætti fyrir innlegg næsta árs, fyrr en rétt áður en sláturtíð hefst. Bændur þyrftu helst að vita verðið heilu ári fyrr, svo þeir geti gert ráðstafanir í samræmi við það. Sauðfjárbændur væru í þeirri ömurlegu stöðu að geta ekkert gert. Þeir gætu ekki annað en tekið því verði sem í boði væri hverju sinni. Sauðfjárbændum væri í raun allar bjargir bannaðar.

*Vörpuðu fram hugmyndum*

Ýmsum hugmyndum til lausnar á vandamálinu var varpað fram á fundinum, eins og td. að reyna að fá lánastofnanir til þess að innheimta ekki vexti af lánum sauðfjárbænda tímabundið, eða á meðan þetta ástand varir. Hugmynd um að Byggðastofnun komi í lið með sauðfjárbændum með yfirtöku á lánum þeirra og breytingar á skilmálum í kjölfarið var líka varpað fram. Hugmynd um að láta ærnar bera seinna á vorin til að lömbin verði léttari við slátrun og minnka þar með heildarkjötmagnið sem slátrað er að hausti, kom einnig fram.

Þingmaður Norðausturkjördæmis og fyrrverandi forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, var viðstaddur fundinn og ávarpaði hann bændur. Sigmundur reyndi að stappa stálinu í bændur og minnti á það að þeir hefðu meiri stuðning almennings heldur en ætla mætti af umræðunni í sumum fjölmiðlum og taldi að það ætti eftir að koma í ljós þegar frá líður. Aðrir þingmenn kjördæmisins voru ekki á fundinum að því er fram kemur á vefnum 641.is þar sem sagt er frá fundinum. /MÞÞ

Grýtubakkahreppur:

# Rekstrargrundvöllur sauðfjárbúa algjörlega brostinn

**Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps hefur, líkt og mörg sveitarfélög önnur, lýst yfir þungum áhyggjum vegna boðaðra lækkana á verði til sauðfjárbænda í komandi sláturtíð.**

Fram kemur í bókun sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps að verði boðaðar verðlækkanir á afurðaverði til sauðfjárbænda nú í haust að veruleika sé rekstrargrundvöllur sauðfjárbúa í landinu algerlega brostinn. Nú, annað árið í röð, standi sauðfjárbændur frammi fyrir verulegri tekjuskerðingu og á komandi hausti af þeirri stærðargráðu að ekkert mun standa eftir af tekjum búanna til greiðslu á launum, þegar kostnaður við framleiðsluna hefur verið greiddur. Laun bænda vegna búrekstrarins verði því engin.

*Hrun í greininni og stórfelld byggðaröskun*

Miklir fjárhagsörðugleikar blasi við, sérstaklega skuldsettum bændum. Tekjuskerðing komi augljóslega harðast niður á þeim sem nýlega hafa byrjað búskap. Afleiðingarnar verða hrun í búgreininni og í framhaldi af því stórfelld byggðaröskun þar sem sauðfjárrækt er víða undirstaða byggðar.

„Sauðfjárbúskapur er mikilvæg atvinnugrein í Grýtubakkahreppi og hefur boðuð lækkun á verði til sauðfjárbænda gífurleg áhrif á afkomu margra heimila í Grýtubakkahreppi," segir í bókun sveitarstjórnar sem skorar á stjórnvöld, forystumenn bænda, sláturleyfishafa og aðra hlutaðeigandi að leita allra leiða til leysa þá grafalvarlegu stöðu sem uppi er. /MÞÞ

HLUNNINDI & VEIÐI

Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum:

# Meðeigandi stærsta framleiðanda loðnuafurða í Japan

**Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum er orðin meðeigandi í Okada Suisan í Japan, rótgrónu fjölskyldufyrirtæki sem hefur nær 50% hlutdeild á markaði fyrir loðnuafurðir þar í landi.**

Á heimasíða Vinnslustöðvarinnar er haft eftir Sigurgeiri B. Kristgeirssyni, framkvæmdastjóra VSV, að með kaupunum í Okada Suisan muni fyrirtækið efla sölu- og kynningarstarf vegna íslenskra sjávarafurða á Japansmarkaði.

Okada Suisan er risafyrirtæki í framleiðslu og sölu loðnuafurða í Japan. Fyrirtækið á sjálft fjórar verksmiðjur í Japan, eina í Kína og er að auki í samstarfi við fimm aðrar verksmiðjur í Kína, Taílandi og Indónesíu. Fyrirtækið selur loðnu og loðnuafurðir í flestum verslunum í Japan, þó aðallega þægindaverslunum sem eru um 50.000 talsins. /VH

STARTARAR OG ALTERNATORAR
fyrir allar gerðir bíla, báta og vinnuvéla
Frí heimsending um allt land
Glerárgata 34b v/ Hvannavelli · 600 Akureyri
Sími: 461 1092 · E-mail: asco@asco.is
ÁSCO

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm
HUSQVARNA K 760
Sögunardýpt 12,5 sm
HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm
HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm
HUSQVARNA DM 230
HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar
MHG VERSLUN
ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN
MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

can-am
TÆKI SEM ÞÚ GETUR TREYST!



OUTLANDER
MAX 450
VERÐ 1.525.000.-
VERÐ M/VSK 1.890.000.-
Sæti fyrir tvo
450cc Rotax mótor / 38hö
Þurrvikt 319 kg / Dráttarvélaskráning
Rafmagnsstýri / Dráttargeta 750 kg
Burðargeta 55+109 kg / Hátt og lágt drif

OUTLANDER
PRO 450
VERÐ 1.360.000.-
VERÐ M/VSK 1.690.000.-
450cc Rotax mótor / 38hö
Þurrvikt 308 kg / Dráttarvélaskráning
Rafmagnsstýri / Dráttargeta 750 kg
Burðargeta 55+109 kg / Warn spil 1361 kg
Hátt og lágt drif

OUTLANDER
650 6X6
VERÐ 2.250.000.-
VERÐ M/VSK 2.790.000.-
650cc Rotax mótor / 62hö
Þurrvikt 515 kg / Dráttarvélaskráning
Rafmagnsstýri / Sturtanlegur pallur
Dráttargeta 750 kg / Burðargeta 45+318 kg
Warn spil 1361 kg / Hátt og lágt drif

ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVAGÖTU 1–3 AKUREYRI / ELLINGSEN.IS / SÍÐAN 1916




Embluverðlaunahafarnir stilltu sér allir upp fyrir myndatöku eftir að úrslitin voru kunngjörð. Marie prinsessa og landbúnaðarráðherrar bæði Danmerkur og Íslands voru meðal þeirra sem afhentu verðlaunin í ráðhúsi Kaupmannahafnar. Mynd / TB

## Embluverðlaunin afhent í fyrsta sinn:

# Færeyingar komu, sáu og sigruðu

Embluverðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í ráðhúsinu í Kaupmannahöfn 24. ágúst síðastliðinn. Það voru Færeyingar sem voru sigurvegarar kvöldsins en þeir sópuðu að sér þremur verðlaunum af sjö. Leif Sörensen kokkur var valinn matvælaiðnaðarmaður Norðurlandanna 2017, verkefnið Heimablídni var valið í flokknum um mataráfangastað Norðurlandanna árið 2017 og bændurnir í Dímunargarði fengu Embluverðlaunin sem hráefnisframleiðendur ársins. Íslendingar og Danir riðu ekki feitum hesti frá Embluverðlaununum að þessu sinni en hinar Norðurlandaþjóðirnar fengu sín verðlaun hver.

Embluverðlaununum er ætlað að hefja norrænan mat til vegs og virðingar en að verðlaununum standa bændasamtök allra Norðurlandanna auk þess sem Norræna ráðherranefndin er bakhjarl þeirra. Verðlaunin eiga að efla sameiginlega vitund Norðurlandabúa á sviði matargerðar og menningar og jafnframt að vekja athygli á norrænum matvælum á erlendri grund.

Embluverðlaunin, sem eru þau fyrstu sinnar tegundar sem veitt eru á öllum Norðurlöndum, beina kastljósinu að hráefnum, matvælum, framleiðsluaðferðum og fagfólkinu sem stendur þar að baki. Stofnað er til verðlaunanna í þeim tilgangi að miðla þekkingu og reynslu milli landanna og vekja athygli á því sem vel er gert í matvælageiranum.

### *Afhent annað hvert ár*

Embluverðlaunin verða afhent annað hvert ár en í ár sáu dönsku bændasamtökin Landbrug og födevarer um framkvæmdina. /TB

## *Embluverðlaunahafar 2017:*

**Hráefnisframleiðandi**
**Færeyjar – Dímunargarður**

**Matvælaiðnaðarmaður**
**Færeyjar – Leif Sörensen**

**Matur fyrir börn og ungmenni**
**Noregur – Geitmyra Matkultursenter**

**Matur fyrir marga**
**Svíþjóð – Annika Unt**

**Matarblaðamennska/kynning**
**Álandseyjar – Michael Björklund, Smakbyn**

**Matarfrumkvöðull**
**Finnland – Thomas Snellman - REKO**

**Mataráfangastaður**
**Færeyjar – Heimablídni**

## Hráefnisframleiðandi – Færeyjar – Dímunargarður:

# Bændur sem búa við ysta haf

**Það voru færeysku bændurnir í Dímunargarði sem hrepptu Embluverðlaunin í flokki hráefnisframleiðenda. Þar kepptu bændur frá öllum hinum Norðurlöndunum en hjónin Eva úr Dímum og Jógvan Jón Petersen með börnin sín þrjú skutu þeim ref fyrir rass.**

Dímunargarður er eyja og samgöngur eru ekki auðveldar. Farið er með þyrlu út í eyjuna þrisvar í viku en erfitt er að leggja bátum upp við klettana. Hjónin lifa af landsins gæðum en selja sína framleiðslu líka í Færeyjum, m.a. til bestu veitingastaðanna í Þórshöfn. Búið er með nautgripi, sauðfé og stunduð er lítilsháttar ræktun. Þá reka bændurnir ferðaþjónustu og leigja út gistiaðstöðu. Upplýsingar um búskapinn og lífið í eyjunni má finna á vefsíðu bændanna,www.storadimun.fo.



Jógvan og Eva.

## Matvælaiðnaðarmaður – Færeyjar – Leif Sörensen:

# Matreiðslumaður sem fer ótroðnar slóðir

**Leif Sörensen, matreiðslumaður og matarfrumkvöðull frá Færeyjum, hlaut Embluverðlaunin í flokki Norðurlandanna árið 2017.**

Leif er einn þekktasti kokkur Færeyja og hefur starfað víða um Norðurlönd og borið út fagnaðarerindið um norræna matarhefð. Leifur var einn af stofnendum veitingastaðarins Koks í Færeyjum sem í fyrra hlaut Michelin-stjörnu. Hann hefur þó fyrir nokkru dregið sig út úr þeim rekstri og sinnir meðal annars ýmissi tilraunamennsku í matargerð. Leifur er þekktur fyrir frumleg hráefni sem hann notar, m.a. þara, fiskmeti ýmiss konar, jurtir og auðvitað færeyska skerpukjötið.



Leif Sörensen.

## Matur fyrir börn og ungmenni Noregur – Geitmyra Matkultursenter:

# Fræða börn um mat

**Geitmyra Matkultursenter var sett á laggirnar árið 2011 en starfsemin snýst um að fræða um mat og matarmenningu. Um sjálfseignarstofnun er að ræða sem hefur ekki gróðasjónarmið að markmiði.**

Aðalmarkmið stofnendanna er að kenna börnum hvernig maturinn verður til, hvernig hann er matreiddur og hvað þarf til að koma honum alla leið upp á disk neytenda.

Geitmyra er í samvinnu við skóla á Oslóarsvæðinu og býður upp á fræðslu og námskeið, ekki bara fyrir börnin heldur líka fyrir heilu fjölskyldurnar.



Námskeið á Geitmyra.

## Matur fyrir marga – Svíþjóð – Annika Unt:

# Það er gaman að borða

**Hin sænska Annika Unt vann til Embluverðlaunanna í flokknum „Matur fyrir marga".**

Hennar köllun er að búa til jákvæðni og gleði í kringum opinberar máltíðir. Hún fræðir og fjallar um mat og matarupplifun frá ýmsum hliðum. Útgangspunkturinn er gleði og þannig breiðir hún boðskapinn til starfsfólks, stúdenta og annarra sem neyta matar í opinberum mötuneytum í Svíþjóð. Hún fjallar m.a. um næringu, hollustu og heilsu, menntun neytenda og uppruna matvæla. Hún leggur mikla áherslu á sænskan mat og sænskt hráefni og ýtir undir að matur sé keyptur á heimaslóð.



Annika Unt frá Svíþjóð.

## Kynningarherferð / Matarblaðamennska Álandseyjar – Michael Björklund, Smakbyn:

# Miðla og fræða um matarmenningu

**Álandseyjar hrepptu Embluverðlaun í flokknum kynningarherferð/matarblaðamennska fyrir verkefnið Smakbyn.**

Smakbyn byrjaði árið 2012 og hefur þróast í lítið samfélag sem hverfist um árstíðarbundna framleiðslu, matargleði og innblástur. Í Smakbyn er veitingastaður, brugghús, verslanir með vörur beint frá býli og ráðstefnuhús. Einnig er boðið upp á matreiðslunámskeið og smakk. Hugmyndasmiðurinn Michael „Micke“ Björklund vinnur sem ötull talsmaður norrænnar matargerðar sem byggir á staðbundinni framleiðslu og neyslu. Hann er þekktur sem sjónvarpskokkur í Finnlandi og Svíþjóð og hefur skrifað fjölda matreiðslubóka um staðbundna matargerð og matvælaframleiðslu.



Michael Björklund.



Íslenski Embluhópurinn á tröppum ráðhússins í Kaupmannahöfn þar sem verðlaunaafhendingin fór fram. Tilnefndir frá Íslandi voru Friðheimar, Eldum rétt, Vakandi, Pure Natura, Saltverk, Icelandic Lamb og Siglufjörður. Mynd / Jórunn Einarsdóttir.

## Matarfrumkvöðull Finnland – Thomas Snellman – REKO:

# Milliliðalaus viðskipti með búvörur á Facebook

**Finninn Thomas Snellman er bóndi sem var orðinn þreyttur á því að fá lágt verð fyrir sínar framleiðsluvörur. Hann setti upp söluhóp á Facebook árið 2013 sem bauð neytendum að hafa milliliðalaus viðskipti við bændur og kallaði hópinn REKO.**

Á REKO-síðunum setja bændur eða smáframleiðendur inn upplýsingar um vörurnar sem þeir bjóða upp á. Þeir auglýsa afhendingarstað þar sem kaupendur sækja og greiða fyrir vöruna.

Hugmyndin var fljót að vinda upp á sig og REKO-hópum fjölgaði ört. Þeir eru nú um 180 talsins og um 300 þúsund Finnar nýta sér þetta tengslanet til þess að kaupa vörur beint af bændum.



Thomas Snellman.

## Mataráfangastaður – Færeyjar – Heimablídni:

# Ferðamönnum boðið til stofu

**Færeyingar unnu í flokkunum „Mataráfangastaður Norðurlandanna 2017“ og öttu m.a. kappi við sjálfa Kaupmannahöfn. Siglufjörður var tilnefndur af hálfu Íslands og ríkti talsverð forvitni um þá uppbyggingu sem þar hefur átt sér stað.**

Verkefni Færeyinga, Heimablídni, sem þýðir gestrisni, er samstarfsverkefni ferðamálayfirvalda, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og yfirvalda matvæla og dýra og hefur verið starfrækt í 7 ár. Tilgangurinn var að bregðast við aukinni kröfu um staðbundna matar- og afþreyingarupplifun á svæðum þar sem enga eða fáa veitingastaði er að finna. Heimamenn sem vilja taka þátt verða aðilar að Heimablídni og fylgja þeim kröfum sem því fylgir.

Boðið er upp á heimatilbúinn mat, allt frá kaffisamsæti til fimm rétta máltíðar með vínveitingum. Aðildarfélagar þurfa ekki vínveitingaleyfi en verða að gera gestum sínum ljóst að maturinn sé heimatilbúinn og því ekki hægt að tryggja almennar hreinlætiskröfur sem veitingastöðum er gert að uppfylla.



Í Færeyjum hefur reglugerðum verið breytt svo hægt sé að selja mat í heimahúsum. Mynd / Ingrid Hofstra




## Suðvesturland

| | |
|---|---|
| Fossvallarétt við Lækjarbotna (Rvk/Kóp) | sunnudaginn 17. sept. kl. 11.00 |
| Hraðastaðarétt í Mosfellsdal | sunnudaginn 17. sept. kl. 13.00, seinni réttir sun. 1. okt. kl. 13.00 |
| Kjósarrétt í Kjós | sunnudaginn 17. sept. kl. 15.00, seinni réttir sun. 8. okt. kl. 15.00 |
| Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg, Gullbr. | laugardaginn 23. sept. kl. 13.00 |
| Þórkötlustaðarétt í Grindavík | laugardaginn 16. sept. kl. 14.00 |

## Vesturland

| | |
|---|---|
| Arnarhólsrétt í Helgafellssveit | sunnudaginn 17. sept. |
| Bláfeldarrétt í Staðarsveit, Snæf. | laugardaginn 23. sept. |
| Brekkurétt í Norðurárdal, Mýr. | sunnudaginn 10. sept. kl. 10.00, seinni réttir sun. 24. sept. |
| Brekkurétt í Saurbæ, Dal. | sunnudaginn 17. sept. |
| Fellsendarétt í Miðdölum, Dal. | sunnudaginn 17. sept. Kl. 14.00, seinni réttir sun. 1. okt. |
| Flekkudalsrétt á Fellsströnd, Dal. | laugardaginn 16. sept. |
| Fljótstungurétt á Hvítársíðu, Mýr. | lau. 9. sept. og sun. 10. sept., seinni réttir lau. 23. sept. |
| Fróðárrétt í Fróðárhreppi | laugardaginn 16. sept. |
| Gillastaðarétt í Laxárdal, Dal. | sunnudaginn 17. sept. |
| Grafarrétt í Breiðuvík, Snæf. | laugardaginn 23. sept. |
| Grímsstaðarétt á Mýrum, Mýr. | þriðjudaginn 12. sept. kl. 10.00, seinni réttir mán. 25. sept. |
| Hellnarétt í Breiðuvík, Snæf. | laugardaginn 16. sept. |
| Hítardalsrétt í Hítardal, Mýr. | mánudaginn 11. sept. kl. 9.00, seinni réttir sun. 24. sept. |
| Hornsrétt í Skorradal, Borg. | sunnudaginn 10. sept. kl. 10.00, seinni réttir lau. 23. sept. |
| Hólmarétt í Hörðudal, Dalabyggð | mánudaginn 25. sept. kl. 10.00 |
| Hrafnkelsstaðarétt í Grundarfirði | laugardaginn 16. sept. kl. 16.00 |
| Kaldárbakkarétt í Kolb., Hnappadalssýslu | sunnudaginn 3. sept. kl. 11.00, seinni réttir sun. 24. sept. |
| Kirkjufellsrétt í Haukadal, Dal. | laugardaginn 16. sept., seinni réttir 30. sept. |
| Klofningsrétt í Beruvík, Snæf. | laugardaginn 23. sept. |
| Langholtsrétt í Eyja- og Miklaholtshr. | mánudaginn 18. sept. |
| Ljárskógarétt í Laxárdal, Dal. | laugardaginn 9. sept. |
| Mýrar í Grundarfirði | laugardaginn 16. sept. kl. 16.00 |
| Mýrdalsrétt í Hnappadal | þriðjudaginn 19. sept. |
| Nesmelsrétt í Hvítársíðu, Mýr. | laugardaginn 2. sept. |
| Núparétt í Melasveit, Borg. | sunnudaginn 10. sept. kl. 13.00, seinni réttir lau. 23. sept. |
| Oddsstaðarétt í Lundarreykjadal, Borg. | miðvikudaginn 6. sept. kl. 9.00, seinni réttir sun. 1. okt. |
| Ólafsvíkurrétt í Ólafsvík, Snæf. | laugardaginn 16. sept. |
| Ósrétt á Skógarströnd, Dal. | föstudaginn 29. sept. |
| Rauðsgilsrétt í Hálsasveit, Borg. | sunnudaginn 17. sept. kl. 10.00, seinni réttir sun. 1. okt. |
| Reynisrétt undir Akrafjalli, Borg. | laugardaginn 23. sept., seinni réttir lau. 30. sept. |
| Skarðsrétt á Skarðsströnd, Dal. | sunnudaginn 17. sept., seinni rétt 1. okt. |
| Skerðingsstaðarétt í Hvammsveit, Dal. | sunnudaginn 17. sept. kl 11.00, seinni réttir sun. 1. okt. kl. 13.00 |
| Svarthamarsrétt á Hvalfj.str., Borg. | sunnudaginn 10. sept. kl. 10.00, seinni réttir sun. 1. okt. |
| Svignaskarðsrétt, Svignaskarði, Mýr. | mánudaginn 11. sept. kl. 10.00, seinni réttir mán. 25. sept. |
| Tungurétt á Fellsströnd, Dal. | laugardaginn 16. sept. |
| Vörðufellsrétt á Skógarströnd, Dal. | laugardaginn 16. sept. |
| Þverárrétt Eyja- og Miklaholtshr, Snæf. | sunnudaginn 17. sept. |
| Þverárrétt í Þverárhlíð, Mýr. | mánudaginn 11. sept. kl. 7.00, seinni réttir mán. 25. sept. |
| Þæfusteinsrétt á Hellissandi/Rifi, Snæf. | laugardaginn 16. sept. |
| Ölkeldurétt í Staðarsveit, Snæf. | laugardaginn 23. sept. |

## Vestfirðir

| | |
|---|---|
| Arnardalsrétt í Arnardal í Skutulsfirði | laugardaginn 23. sept. |
| Broddanes, Strand. | sunnudaginn 17. sept. kl. 16.00 |
| Eyrarrétt á Eyri í Kollafirði, Reykhólahrepp, A-Barð. | laugardaginn 9. sept. |
| Grundarrétt í Reykhólahreppi, A-Barð. | föstudaginn 22. sept. |
| Hjarðardalsrétt í Hjarðardal í Dýrafirði | laugardaginn 23. sept. |
| Hlaðseyri við Raknadalshlíð, við Patreksfjörð | sunnudaginn 8. okt. |
| Hraunsrétt við Hraun í Hnífsdal í Skutulsfirði | laugardaginn 23. sept. |
| Innri-Múlarétt á Barðaströnd, V.-Barð. | sunnudaginn 1. okt. kl. 14.00 |
| Kinnarstaðarétt í Reykhólahr., A-Barð. | sunnudaginn 24. sept. |
| Kirkjubólsrétt í Steingrímsfirði, Strand. | sunnudaginn 17. sept. kl. 14.00 |
| Kirkjubólsrétt við Kirkjuból í Engidal í Skutulsfirði | laugardaginn 23. sept. |
| Kjósarrétt í Árneshreppi, Strand. | laugardaginn 23. sept. kl. 14.00 |
| Króksfjarðarnesrétt í Reykhólasv., A-Barð. | laugardaginn 23. sept. |
| Melarétt í Árneshreppi, Strand. | laugardaginn 16. sept. kl. 16.00 |
| Minni-Hlíð í Hlíðardal | laugardaginn 16. sept. kl. 14.00 |
| Skarðsrétt í Bjarnarfirði, Strand. | laugardaginn 23. sept. |
| Skeljavíkurrétt í Steingrímsfirði, Strand. | föstudaginn 8. sept. kl. 16.00 |
| Staðarrétt í Steingrímsfirði, Strand. | sunnudaginn 10. sept. kl. 14.00 |
| Staðarrétt í Reykhólahreppi, A-Barð. | föstudaginn 22. sept. |
| Syðridalsrétt í Bolungarvík | laugardaginn 16. sept. kl. 14.00 |
| Traðarrétt við Tröð í Bjarnardal í Önundarfirði | laugardaginn 23. sept. |

## Norðvesturland

| | | |
|---|---|---|
| Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún. | | laugardaginn 9. sept. kl. 8.00 |
| Beinakeldurétt, A-Hún. | | þriðjudaginn 12. sept. kl. 9.00 |
| Fossárrétt í A-Hún. | | laugardaginn 9. sept. kl. 14.00, seinni réttir 16. sept. kl. 12.00 |
| Hamarsrétt á Vatnsnesi, V.-Hún. | | laugardaginn 9. sept. |
| Hlíðarrétt við Bólstaðarhlíð, A.-Hún. | | sunnudaginn 10. sept. kl. 16.00 |
| Hrútatungurétt í Hrútafirði, V.-Hún. | | laugardaginn 9. sept. kl. 9.00 |
| Hvalsárrétt í Hrútafirði, Strand. | | laugardaginn 16. sept. |
| Miðfjarðarrétt í Miðfirði, V.-Hún. | | laugardaginn 9. sept. |
| Kjalarlandsrétt, A-Hún. | | laugardaginn 9. sept. kl. 14.00, seinni réttir 16. sept. kl. 13.00 |
| Rugludalsrétt í Blöndudal, A-Hún. | √ | laugardaginn 2. sept. kl. 16.00 |
| Skrapatungurétt í Laxárdal, A.-Hún. | | sunnudaginn 10. sept. kl. 10.00 |
| Stafnsrétt í Svartárdal, A.-Hún. | | laugardaginn 9. sept. kl. 8.30 |
| Sveinsstaðarétt, A-Hún. | | sunnudaginn 10. sept. kl. 10.00 |
| Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún. | | föstudaginn 8. sept. kl. 12.30 og lau. 9. sept. kl. 9.00 |
| Valdarásrétt í Fitjárdal, V.-Hún. | | föstudaginn 8. sept. kl. 9.00 |
| Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún. | | laugardaginn 9. sept. kl. 10.00 |
| Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún. | | laugardaginn 9. sept. |

## Mið-Norðurland

| | | |
|---|---|---|
| Akureyrarrétt við Hrappstaði, Eyf. | | laugardaginn 9. sept. |
| Árskógsrétt á Árskógsströnd, Eyf. | | laugardaginn 9. sept. |
| Dalvíkurrétt, Dalvík | | laugardaginn 9. sept. |
| Deildardalsrétt í Deildardal, Skag. | √ | laugardaginn 2. sept. |
| Flókadalsrétt í Fljótum, Skag. | | laugardaginn 9. sept. |
| Héðinsfjarðarrétt í Héðinsfirði | | föstudaginn 15. sept. |
| Hlíðarrétt í Vesturdal, Skag. | | sunnudaginn 17. sept. |
| Hofsrétt í Vesturdal, Skag. | | laugardaginn 16. sept. |
| Holtsrétt í Fljótum, Skag. | | laugardaginn 9. sept. |
| Hraunarétt í Fljótum, Skag. | | fimmtudaginn 7. sept. |
| Hraungerðisrétt í Eyjafjarðarsveit | √ | laugardaginn 2. sept. |
| Kleifnarétt í Fljótum, Skag. | √ | laugardaginn 2. sept. |
| Laufskálarétt í Hjaltadal, Skagafirði | √ | sunnudaginn 3. sept. |
| Mælifellsrétt í Skagafirði | | sunnudaginn 10. sept. |
| Möðruvallarétt í Eyjafjarðarsveit | √ | sunnudaginn 3. sept. |
| Ósbrekkurétt í Ólafsfirði | | föstudaginn 15. sept. |
| Reistarárrétt í Hörgársveit, Eyf. | | laugardaginn 9. sept. |
| Reykjarétt í Ólafsfirði | | laugardaginn 9. sept. og sun. 10. sept. |
| Sauðárkróksrétt, Skagafirði | | laugardaginn 2. sept. |
| Selnesrétt á Skaga, Skag. | | laugardaginn 9. sept. |
| Siglufjarðarrétt í Siglufirði | | laugardaginn 16. sept. |
| Silfrastaðarétt í Blönduhlíð, Skag. | | mánudaginn 11. sept. |
| Skarðarétt í Gönguskörðum, Skag. | √ | laugardaginn 2. sept. |
| Skálárrétt í Hrollleifsdal, Skag | | laugardaginn 9. sept. |
| Staðarbakkarétt í Hörgárdal, Eyf. | | föstudaginn 8. sept. |
| Staðarrétt í Skagafirði | √ | sunnudaginn 3. sept. |
| Stíflurétt í Fljótum, Skag. | | föstudaginn 8. sept. Fljótafé réttað 11. sept. |
| Tungurétt í Svarfaðardal | | laugardaginn 9. sept. |
| Unadalsrétt í Unadal við Hofsós, Skag. | | laugardaginn 9. sept. |
| Vatnsendarétt, Eyf. | √ | sunnudaginn 3. sept. |
| Þorvaldsdalsrétt í Hörgársveit, Eyf. | | laugardaginn 9. sept. |
| Þórustaðarétt á Moldhaugnahálsi, Eyf. | | laugardaginn 9. sept. |
| Þverárrétt í Öxnadal, Eyf. | | mánudaginn 11. sept. |
| Þverárrétt ytri, Eyjafjarðarsveit | √ | sunnudaginn 3. sept. |

## Helstu réttir í Landnámi Ingólfs Arnarsonar 2017

| | |
|---|---|
| Brúsastaðarétt í Þingvallasveit | sunnudaginn 17. sept. kl. 17.00 |
| Fossvallarétt við Lækjarbotna | sunnudaginn 17. sept. kl. 11.00 |
| Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit | laugardaginn 16. sept. kl. 15.00 |
| Hraðastaðarétt í Mosfellsdal | sunnudaginn 17. sept. kl. 13.00, seinni réttir sun. 1. okt. kl. 13.00 |
| Húsmúlarétt við Kolviðarhól | laugardaginn 16. sept. Kl. 14.00, seinni réttir lau. 30. sept. kl. 14.00 |
| Kjósarrétt í Kjós | sunnudaginn 17. sept. kl. 15.00, seinni réttir sun. 8. okt. kl. 15.00 |
| Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg, Gullbr. | laugardaginn 23. sept. kl. 13.00 |
| Selflatarétt í Grafningi | mánudaginn 18. sept. kl. 9.45 |
| Selvogsrétt í Selvogi, Árn. | sunnudaginn 17. sept. Kl. 9.00 |
| Þórkötlustaðarétt í Grindavík | laugardaginn 16. sept. kl. 14.00 |
| Ölfusrétt í Reykjadal, Ölfusi | sunnudaginn 17. sept. Kl. 16.00 |

Samkvæmt fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar nr. 733/2012 eru seinni leitir tveim vikum síðar og er því réttað aftur í flestum framangreindum réttum dagana 1.–3. október. Hafa skal í huga að tímasetningar leita og rétta geta breyst, einkum vegna veðurs.






# Fjárréttir haustið 2017

**Bændablaðið birtir yfirlit um fjár- og stóðréttir. Listinn er unninn með þeim hætti að leitað er til sveitarfélaga um upplýsingar. Víða hafa bændur og ráðunautar lagt hönd á plóginn. Á nokkrum stöðum eru gloppur í listanum þar sem umbeðnar upplýsingar hafa ekki borist frá heimamönnum.**

Á listanum er að finna upplýsingar um réttardaga og í sumum tilvikum tímasetningar. Víða eru fyrri og seinni réttir og eru dagsetningar tilteknar í listanum þar sem við á.

Upplýsingar um dagsetningar rétta birtast hér á opnunni, skipt eftir landshlutum en í stafrófsröð innan hvers landshluta. Listi yfir helstu stóðréttir á landinu er birtur á blaðsíðu 34.

### *Leitið til heimamanna*

Rétt er að minna á að villur geta slæðst inn í lista af þessu tagi og eins geta náttúruöflin orðið til þess að breyta þarf tímasetningum á smalamennsku og þar með réttarhaldi. Eru lesendur því hvattir til að hafa samband við heimamenn á hverjum stað til að fullvissa sig um réttar dag- og tímasetningar.

Upplýsingar um viðbætur og leiðréttingar sendist á netfangið tb@bondi.is. Uppfærslur á listanum eru gerðar jafnóðum og eru aðgengilegar á vef Bændablaðsins, bbl.is. /TB




## Norðausturland

| | | |
|---|---|---|
| Álandstungurétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | | mánudaginn 18. sept. |
| Árrétt í Bárðardal | √ | sunnudaginn 3. sept. |
| Baldursheimsrétt í Mývatnssveit, S.-Þing. | √ | sunnudaginn 3. sept. |
| Dalsrétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | | laugardaginn 16. sept. kl. 7.00 |
| Dálkstaðarétt á Svalbarðsströnd, S.-Þing | | laugardaginn 9. sept. Fljótlega eftir hádegi. |
| Fjallalækjarselsrétt | | sunnudaginn 10. sept. |
| Fótarétt í Bárðárdal | √ | mánudaginn 4. sept. kl. 9.00 |
| Garðsrétt í Þistilfirði | | sunnudaginn 10. sept. |
| Gljúfurárrétt í Grýtubakkahr., S.-Þing. | | sunnudaginn 10. sept. kl. 9.00 |
| Gunnarsstaðarétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | | laugardaginn 16. sept. |
| Hallgilsstaðarétt á Langanesi | | sunnudaginn 17. sept. |
| Hlíðarrétt í Mývatnssveit, S.-Þing | √ | sunnudaginn 3. sept. |
| Hraunsrétt í Aðaldal, S.-Þing. | | sunnudaginn 10. sept. kl. 10.00 |
| Húsavíkurrétt | | laugardaginn 9. sept. kl. 14.00 |
| Hvammsrétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | | laugardaginn 16. sept. |
| Illugastaðarétt í Fnjóskadal S.-Þing. | √ | sunnudaginn 3. sept. kl. 9.00 |
| Katastaðarétt í Núpasveit, N-þing. | | sunnudaginn 10. sept. |
| Leirhafnarrétt í Núpasveit, N-Þing | | sunnudaginn 17. sept. |
| Lokastaðarétt í Fnjóskadal, S.-Þing. | | sunnudaginn 10. sept. kl. 9.00 |
| Mánárrétt á Tjörnesi | | sunnudaginn 10. sept. |
| Miðfjarðarnesrétt á Langanesi | | sunnudaginn 10. sept. |
| Miðfjarðarrétt | | föstudaginn 22. sept. |
| Mýrarrétt í Bárðardal, S.-Þing. | √ | laugardaginn 2. sept. kl. 8.00 |
| Ósrétt á Langanesi | | sunnudaginn 17. sept. |
| Sandfellshagarétt í Öxarfirði, N.-Þing. | | þriðjudaginn 12. sept. |
| Skógarrétt í Reykjahverfi, S-Þing. | | laugardaginn 9. sept. |
| Svalbarðsrétt | | sunnudaginn 10. sept. |
| Tjarnarleitisrétt í Kelduhverfi, S-Þing. | | sunnudaginn 17. sept. |
| Tungugerðisrétt á Tjörnesi | | laugardaginn 9. sept. |
| Tungurétt í Öxarfirði, N.-Þing. | | sunnudaginn 10. sept. |
| Tunguselsrétt á Langanesi | | sunnudaginn 10. sept. |
| Víðikersrétt í Bárðardal, S-Þing. | √ | sunnudaginn 27. ágúst, seinni part dags. |
| Víkingavatnsrétt í Kelduhverfi, S-Þing. | | laugardaginn 16. sept. |
| Þorvaldsstaðarétt, Langanesbyggð | | laugardaginn 23. sept. |

## Austurland

| | |
|---|---|
| Melarétt í Fljótsdal, N.-Múl. | laugardaginn 23. sept. |
| Ormarsstaðarétt í Fellum, Fljótsdalshéraði | sunnudaginn 24. sept. kl. 13.00 |
| Teigsrétt, Vopnafirði | sunnudaginn 3. sept. kl. 14.00 |

## Suðausturland

| | |
|---|---|
| Borgarhafnarrétt, Suðursveit, A-Skaft. | laugardaginn 9. sept. um kl. 15.00 |
| Fossrétt á Síðu, V.-Skaft. | laugardaginn 9. sept. |
| Grafarrétt í Skaftártungu, V.-Skaft. | laugardaginn 9. sept. |
| Lögrétt Álftveringa í landi Holts og Herjólfsstaða | Upplýsingar liggja ekki fyrir. |
| Skaftárrétt, V.-Skaft. | laugardaginn 9. sept. |

## Suðurland

| | |
|---|---|
| Austur-Landeyjaréttir hjá Grenstanga, Rang. | sunnudaginn 24. sept. |
| Brúsastaðarétt í Þingvallasveit, Árn. | sunnudaginn 17. sept. kl. 17.00 |
| Fjallrétt við Þórólfsfell, Rang. | mánudaginn 11. sept. kl. 10.00 |
| Fljótshlíðarrétt í Fljótshlíð, Rang. | sunnudagurinn 17. sept. kl. 11.00 |
| Fossvallarétt við Lækjarbotna | sunnudaginn 17. sept. kl. 11.00 |
| Haldréttir í Holtamannaafrétti, Rang. | sunnudaginn 10. sept. Kl. 10.00 |
| Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit, Árn. | laugardaginn 16. sept. kl. 15.00 |
| Hraðastaðarétt í Mosfellsdal | sunnudaginn 17. sept. kl. 13.00, seinni réttir sun. 1. okt. kl. 13.00 |
| Hrunaréttir í Hrunamannahr., Árn. | föstudaginn 15. sept. kl. 10.00 |
| Húsmúlarétt við Kolviðarhól, Árn. | laugardaginn 16. sept. Kl. 14.00, seinni réttir lau. 30. sept. kl. 14.00 |
| Kjósarrétt í Kjós | sunnudaginn 17. sept. kl. 15.00. Seinni réttir sun. 8. okt. kl. 15.00 |
| Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg, Gullbr. | laugardaginn 23. sept. kl. 13.00 |
| Landréttir við Áfangagil, Rang. | fimmtudaginn 21. sept. kl. 12.00 |
| Laugarvatnsrétt, Árn. | sunnudaginn 10. sept. kl. 16.30 |
| Reyðarvatnsréttir á Rangárvöllum | laugardaginn 16. sept. kl. 11.00 |
| Reykjaréttir á Skeiðum, Árn. | laugardaginn 16. sept. kl. 9.00 |
| Selflatarétt í Grafningi | mánudaginn 18. sept. kl. 9.45 |
| Seljalandsréttir undir Eyjafjöllum, Rang. | laugardaginn 16. sept. |
| Selvogsrétt í Selvogi, Árn. | sunnudaginn 17. sept. Kl. 9.00 |
| Skaftholtsréttir í Gnúpverjahreppi, Árn. | föstudaginn 15. sept. kl. 11.00 |
| Tungnaréttir í Biskupstungum | laugardaginn 9. sept. kl. 9.00 |
| Vestur-Landeyjaréttir við Forsæti, Rang. | sunnudaginn 24. sept. |
| Þóristunguréttir, Holtamannaafr., Rang | sunnudaginn 10. sept. kl 10.00 |
| Þórkötlustaðarétt í Grindavík | laugardaginn 16. sept. kl. 14.00 |
| Ölfusrétt í Reykjadal, Ölfusi | sunnudaginn 17. sept. kl. 16.00 |

Hugmyndasamkeppni um nýtingu lághitavatns á Norðurlandi eystra:

# Tillaga um baðhella undir heitinu Svörtu loft sigraði

**„Ég geri ráð fyrir að málin skýrist með haustinu, þá verður af alvöru lagst yfir það og tekin ákvörðun um hvernig það verður unnið áfram," segir Stefán Tryggva- og Sigríðarson, eigandi Hotel Natur á Þórisstöðum á Svalbarðsströnd. Hann hlaut fyrr í sumar fyrstu verðlaun í hugmyndasamkeppni sem EIMUR, Íslensk verðbréf og Vaðlaheiðargöng ehf. stóðu fyrir um nýtingu lághitavatns á Norðurlandi eystra. Hugmynd Stefáns gengur út á að byggja baðhella við Vaðlaheiðargöng.**



Í verðlaun voru ein og hálf milljón króna en að auki munu Íslensk verðbréf bjóða sigurvegara aðstoð við tillögur um hugsanlegar leiðir til fjármögnunar, að meta og gera rekstraráætlun ásamt því að meta áætlaða fjárfestingarþörf. Sú vinna hefst að sögn Stefáns í haust og mun standa yfir í vetur, þannig að ekki er að vænta ákvarðana um hvort hugmyndin verði að veruleika fyrr en næsta vor.

### *Yrði fjölsóttur ferðamannastaður*

Grunnhugmynd Stefáns er að auka virði þess heita vatns sem kemur úr Vaðlaheiðargöngunum með því að búa til fjölsóttan ferðamannastað þar sem heita vatnið og uppruni þess er aðalaðdráttaraflið, baðhellarnir yrðu sprengdir inn í berg sem gengur í sjó fram í landi Halllands norðan gangnamunnans að Vaðlaheiðargöngum.

Við gatnamót að Halllandsnesi verður samkvæmt hugmyndinni útbúið veglegt útsýnisplan, þar sem óheft útsýni er yfir Akureyri, sem og út og inn Eyjafjörð. Neðan við planið og vestan þess er gert ráð fyrir veitingaaðstöðu.

### *Sturtan í jarðgöngum*

„Auk þess sem heita vatnið úr göngunum yrði nýtt til upphitunar á veitingahúsinu og sem neysluvatn er meginhugmyndin samkvæmt tillögu minni sú að sprengja hella inn í bergið rétt ofan við yfirborð sjávar. Hellarnir yrðu nýttir til baða og undirstrika notkun Íslendinga á heitu vatni til baða um aldirnar," segir Stefán. Aðkoma að hellunum er um tvær hvelfingar með minni afhellum. Í aðstöðuhúsi yrði afgreiðsla og búningaaðstaða en þá taka við jarðgöng sem yrðu ein samfelld sturta, þannig yrði sýnileiki þess að vatnið komi úr jarðgöngum sem mestur. Inni í meginhvelfingunni er gert ráð fyrir fossi.



Stefán Tryggva- og Sigríðarson, eigandi hótelsins Natur á Þórisstöðum á Svalbarðsströnd, hlaut fyrstu verðlaun í hugmyndasamkeppni sem EIMUR, Íslensk verðbréf og Vaðlaheiðargöng ehf. stóðu fyrir um nýtingu lághitavatns á Norðurlandi eystra. Hugmynd Stefáns gengur út á að byggja baðhella við Vaðlaheiðargöng. Mynd / MÞÞ

### *Einstakur tónleikasalur*

Stefán segir að gert sé ráð fyrir laugum, misheitum og djúpum, og inni í helli útbúa megi gufubað, nuddþjónustu og slökun og fleira í þeim dúr. „Þar fyrir framan sé ég fyrir mér yllón með sandfjöru úr svörtum eldfjallasandi. Inni í hellinum ætti svo að vera góður hljómburður þannig að til verður á svæðinu einstakur tónleikastaður. Í tillögu minni er svo líka gert ráð fyrir öðrum minni helli, sá yrði upplýstur með gróðurhúsalömpum og ég sé fyrir mér að þar væri hægt að rækta grænmeti og blóm," segir Stefán.

### *Ekki spilla upplifun gesta með örtröð*

Stefán nefnir að upplifun gesta megi ekki spilla með örtröð og mannmergð þannig að takmarka ætti aðkomu að hellunum. Hleypa 50 til 100 manns inn á hverri klukkustund að jafnaði. Með heilsársopnun og miðað við að um 500 manns kæmu daglega, vel á annað hundrað þúsund á ári og aðgangur næmi 5 þúsund krónum yrðu tekjur hátt í einn milljarður króna á ári.

Stefán segir á þessu stigi erfitt að meta kostnað við framkvæmdina, en giskar á að hann gæti numið tveimur til fjórum milljörðum króna. /MÞÞ


## Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir:

**Framleiðnisjóður landbúnaðarins** auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til stuðnings við nýsköpun, vöruþróun kynningar- og markaðsstarf til stuðnings íslenskri sauðfjárrækt. Sjá nánar inn á heimasíðu sjóðsins **www.fl.is**, undir markaðssjóður/verklagsreglur.

Styrkþegar geta verið einstaklingar, hópar, félög, samtök, rannsóknarstofnanir, háskólar eða fyrirtæki. Styrkhæf eru þau verkefni sem talin eru styrkja íslenska sauðfjárrækt og falla undir það að teljast nýsköpun, vöruþróun, kynningar- eða markaðsstarf.

**Umsókn skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:**

a) Listi yfir þá sem eiga aðild að verkefninu.
b) Yfirlit um tilgang og markmið verkefnis.
c) Tímaáætlun verkefnisins og upplýsingar um helstu áfanga þess.
d) Fjárhagsáætlun verkefnisins í heild.
e) Upplýsingar um hvernig niðurstöður verkefnisins verða kynntar eða nýttar.

**Umsóknarfrestur er til 1. október n.k.**

Reglur um styrkina og umsóknareyðublöð er að finna á **www.fl.is/markaðssjóður**. Aðeins er tekið við umsóknum á eyðublöðunum sem þar er að finna.

**Umsóknum skal skilað til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyri 311 Borgarnes, merktum: Markaðssjóður.**

Nánari upplýsingar veitir Þórhildur Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri **Framleiðnisjóðs landbúnaðarins** hjá **thorhildur@fl.is.**

*Framleiðnisjóður landbúnaðarins*
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes
Sími 430-4300


HROSS & HESTAMENNSKA



# Stóðréttir haustið 2017

**Mikill áhugi er fyrir stóðréttum ekki síður en fjárréttum. Hér er listi yfir stóðréttirnar sem að þessu sinni eru 19 talsins. Ekki voru þó fyrirliggjandi upplýsingar um þær allar þegar blaðið fór í prentun. Samkvæmt þeim upplýsingum sem blaðið hefur fengið eru síðustu stóðréttir haustsins þann 7. október í Víðidalstungurétt og Flókadalsrétt.**

Listi yfir fjárréttir er á blaðsíðum 32 og 33 ásamt korti sem sýnir staðsetningu réttanna.

Fyrirvari er gerður á að einhverjar villur kunni að hafa slæðst inn og verður þá reynt að bæta úr því í næsta blaði eftir því sem kostur er. Sömuleiðis eru ábendingar vel þegnar ef einhverjar réttir hafa orðið útundan í upptalningu blaðsins. /TB

| | | | |
|---|---|---|---|
| Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún. | laugardaginn 23. sept. kl. 16.00 | Silfrastaðarétt í Blönduhlíð, Skag. | sunnudaginn 24. sept. |
| Árhólarétt í Unadal, Skag. | Upplýsingar liggja ekki fyrir. | Skarðarétt í Gönguskörðum, Skag. | laugardaginn 16. sept. |
| Deildardalsrétt í Deildardal, Skag. | föstudaginn 29. sept. | Skrapatungurétt í A.-Hún. | sunnudaginn 17. sept. kl. 11 |
| Flókadalsrétt, Fljótum, Skag. | laugardaginn 7. okt. | Staðarrétt í Skagafirði. | laugardaginn 16. sept. |
| Hlíðarrétt við Bólstaðarhlíð, A.-Hún. | sunnudaginn 17. sept. kl. 16 | Tungurétt í Svarfaðardal, Eyf. | laugardaginn 7. okt. |
| Laufskálarétt í Hjaltadal, Skag. | laugardaginn 30. sept. | Unadalsrétt í Unadal við Hofsós, Skag. | föstudaginn 29. sept. |
| Melgerðismelarétt í Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 7. okt. | Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún. | laugardaginn 23. sept. kl. 9.00 |
| Miðfjarðarrétt í Miðfirði, V. - Hún. | Upplýsingar liggja ekki fyrir. | Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún. | laugardaginn 7. okt. kl. 11.00 |
| Sauðárkróksrétt, Skag | laugardaginn 16. sept. | Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún. | laugardaginn 30. sept. |
| Selnesrétt á Skaga, Skag. | Upplýsingar liggja ekki fyrir. | Þverárrétt ytri, Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 7. okt. |

HROSS & HESTAMENNSKA

Kynbótasýningar hrossa:

# Alls voru 1.268 dómar kveðnir upp á árinu



Guðrún Hulda Pálsdóttir
ghp@bondi.is

**Kynbótasýningum ársins 2017 lauk með þremur síðsumarssýningum, á Selfossi, í Borgarnesi og á Dalvík í lok ágúst.**

Á Selfossi hlutu þrír hestar kenndir við Ketilsstaði hæstu dómana. Frami, sem er farsæll keppnishestur, hlaut hæsta dóm sýningarinnar, 8,68. Hann fékk 8,46 fyrir sköpulag og 8,82 fyrir kosti. Þar af hlaut Frami 9,5 fyrir tölt, vilja og geðslag, fegurð í reið og hægt tölt. Frami er undan Sveini-Hervari frá Þúfu í Landeyjum og heiðursverðlaunahryssunni Framkvæmd frá Ketilsstöðum en annar sonur hennar, Fákur að nafni, hlaut þriðja hæsta dóm sýningarinnar 8,46. Hann er undan Álfinni frá Syðri-Gegnishólum sem er einnig faðir Stúdents, sem var næsthæstur með 8,59, þar af 9 fyrir tölt og fet.



Frami frá Ketilsstöðum hlutu 8,68 í aðaleinkunn á síðsumarssýningu. Knapi hans og eigandi er Elin Holst.

Í Borgarnesi hlutu þrjár hryssur hæstu dómana. Róska frá Hákoti var efst með 8,50 í aðaleinkunn. Hún hlaut 8,55 fyrir sköpulag og 8,47 fyrir kosti. Róska er undan Kjerúlf frá Kollaleiru og Frá frá Hákoti, sem er m.a. móðir Kolku frá Hákoti. Viktoría frá Reykjavík hlaut 8,27 og Kleópatra frá Laugavöllum var þriðja með 8,22 í aðaleinkunn.

Á Dalvík hlutu tveir 4 vetra stóðhestar frá Torfunesi hæstu dómana. Hæstur var Þór undan Kolskeggi frá Kjarnholtum I og heiðursverðlaunahryssunni Bylgju frá Torfunesi. Hann hlaut 8,39 í aðaleinkunn, 8,43 fyrir sköpulag og 8,36 fyrir kosti. Þá hlaut Vivaldi, undan Trymbli frá Stóra-Ási og heiðursverðlaunahryssunni Röst frá Torfunesi 8,30 í aðaleinkunn. Hann hlaut 8,59 fyrir sköpulag og 8,11 fyrir kosti.

***Uppgjör ársins***

Alls voru kynbótasýningar 18 talsins árið 2017 þar sem kveðnir voru upp 1.268 kynbótadómar. Fullnaðardómar reyndust 1.127 talsins, 347 stóðhestar voru dæmdir, 777 hryssur og þrír geldingar. Þá komu 139 hross í sköpulagsdóm.

Þórálfur frá Prestsbæ hlaut hæsta dóm ársins þegar hann fékk 8,94 á Melgerðismelum. Kolskeggur frá Kjarnholtum I hlaut 8,86 á Sörlastöðum, sem reyndist næsthæsti dómur ársins og dómur Árblakks frá Laugasteini upp á 8,83 var þriðji hæsti dómur ársins.

Nokkur hross hlutu fullt hús stiga fyrir einstaka þætti kynbótadóms. Katla frá Ketilsstöðum hlaut 10 fyrir tölt, hægt tölt, brokk og vilja og geðslag. Árblakkur frá Laugasteini hlaut 10 fyrir vilja og geðslag. Þrjú hross fengu 10 fyrir skeið; Glóra frá Skógskoti, Goði frá Bjarnarhöfn og Fröken frá Bessastöðum.

# Folald sumarsins 2017

## – Óskað eftir tilnefningum en skilafrestur er til 22. september

**Eins og tvö undanfarin ár hvetur Bændablaðið hestaáhugafólk til að skila inn ábendingum um folald sumarsins 2017. Óskað er eftir myndum og að rökstuðningur fylgi fyrir hvað það eigi að útnefnast hið eina sanna folald sumarsins. Myndir og texta skal senda til Bændablaðsins á netfangið hk@bondi.is.**

Íslensk hross státa af miklum fjölbreytileika í lit og skapgerð ekki síður en íslenska kúakynið og sauðfé landsmanna. Til að skerpa á vitund landsmanna um þessa eiginleika íslenska hestsins kom Páll Imsland með þá hugmynd að gera úr þessu leik með lesendum. Snýst hann um að blaðið birti myndir sem áhugaverðar þykja undir þemanu „Folald sumarsins".



Folald sumarsins 2016 var Von frá Ártúnum ásamt fóstru sinni og eiganda, Höllu Bjarnadóttur, og tveimur austurrískum vinnukonum.

Leikurinn felst í því að lesendur sendi blaðinu **fyrir 22 september** myndir með upplýsingum og rökstuðningi fyrir að það eigi að útnefnast hið eina sanna folald sumarsins. Nauðsynlegt er að saga fylgi mynd sem rökstyðji eiginleikana. Bent skal á að góð mynd og góð saga getur haft töluverð áhrif á úrslitin. Sagan gæti verið af óvenjulegum vitsmunum folaldsins, vináttutengslum eða óvenjulegum samskiptum manna og dýra. Texti má þó helst ekki vera lengri en 500 orð.

Í rökstuðningi þarf líka að tilgreina nafn folalds, fæðingarstað og helst númer í WorldFeng. Einnig foreldra folaldsins og hugsanlega eitthvað frekar um ættarsöguna ef þörf þykir. Þá er nauðsynlegt að nafn höfund mynda fylgi líka. Mikilvægt er að mynd sé í bærilegum gæðum til birtingar og í jpeg formi. Myndir teknar á farsíma geta líka verið brúklegar.

Folaldið má hafa til að bera hvaða eiginleika sem vill svo fremi að þeir þyki að einhverju leyti einstakir eða sérstakir, þannig að það skeri sig úr fjöldanum.

Dómnefnd undir stjórn Páls Imslands mun síðan meta hvaða folald sé þess verðugt að hljóta þessa útnefningu og fá skjal því til staðfestingar. Ráðgert er að birta myndir af þeim folöldum sem þykja skara fram úr síðar í haust. /HKr.






UTAN ÚR HEIMI

# Ævintýragarðurinn við barónshöllina

**Eina barónshöllin sem til er í Noregi er að finna í bænum Rosendal í Harðangursfirði, Baroniet, og er frá árinu 1665.**

Það er sérstök tilfinning að ganga um svæðið í kringum höllina og ekki síður að njóta þess fallega gróðurs sem umlykur hana en rósagarðurinn fyrir framan Baroniet er glæsilegur á að líta og er ákveðið kennileiti fyrir staðinn.

Saga staðarins er merkileg en árið 1658 var brúðkaup ríkasta erfingja Noregs og dansks aðalsmanns, Karen Mowat og Ludvig Rosenkrantz, fengu bóndabæinn Hatteberg í Kvinnhéraði í brúðkaupsgjöf og hér byggðu þau sína litlu höll sem kölluð var Rosendal sem var fullkláruð árið 1665. Kristján fimmti, konungur yfir Danmörku og Noregi, tók til sín barónshöllina árið 1678 sem upp frá því var kallað Baroniet. Frá árinu 1745 var Rosendal og þar með höllin í eigu Rosenkroneættarinnar en árið 1927 fékk háskólinn í Osló það að gjöf. Í dag er félag innan skólans sem fer með rekstur staðarins.

### *Þjóðernisrómantík og rósailmur*

Það má segja að staðurinn sé algjört augnakonfekt og ættu flestir að geta notið þess að ganga um og skoða bæði höllina og garðinn. Hægt er að fá kynnisferð um höllina sem er varðveitt eins og heimili þeirra sem bjuggu þar síðast árið 1927. Þannig eru veggirnir í gamla barokkherberginu, sem síðar var nýtt sem bókasafn, klæddir með einstöku frönsku veggfóðri frá því um 1660. Í matsalnum er hægt að sjá eitt af elsta konunglega danska strámynsturpostulíni sem til er í Noregi. Landslagsmálverkum og þjóðernisrómantíkinni eru gerð góð skil á veggjunum eftir þekkta norska málara og einnig er þar að finna verk eftir Edvard Munch frá því um 1880.



Rósagarðurinn fyrir framan Baroniet í Rosendal er ákaflega fallegur en garðurinn er 300 ára gamall, í endurreisnarstíl og byggður upp eins og völundarhús.



Tvö kaffihús/veitingastaðir eru við barónshöllina þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.



Rósir í öllum regnbogans litum prýða garðinn við barónshöllina.



Það eru alls kyns flúr og form við höllina sem myndu sóma sér vel í hvaða arkitektariti, svo ekki sé nú talað um gróðurinn sem víða auka hughrif við höllina.



Inngangurinn að barónshöllinni, sem er frá 1665, er tignarlegur og fallegur á að líta.



Baroniet er opið frá miðjum maí og fram í miðjan september og er vel sótt alla daga sem opið er. Hér má sjá tignarlegan Malmangernuten-toppinn í baksýn sem er 890 metra yfir sjávarmáli.



Það eru fleiri blóm en rósir sem eru í kringum Baroniet og er litaflóran í gróðrinum sannarlega falleg.

### *300 ára gamall garður*

Garðurinn við höllina er ævintýralegur, 300 ára gamall í endurreisnarstíl, þar sem rósir í öllum litum njóta sín í garðinum sem er byggður upp eins og völundarhús. Árið 1850 var hvítur múr sem hafði umlukið garðinn rifinn niður til að leyfa rósunum að njóta sín betur.

Það er alveg hægt að gleyma sér við að ganga í rólegheitum um garðinn, hlusta á fossa- og árnið renna hjá og njóta augnabliksins. Þó að Baroniet sé minnsta höll í Skandinavíu þá er umhverfið í kring vissulega stórbrotið og fallegt og ætti enginn fagurkeri að láta það framhjá sér fara.

/ehg

MENNING & LISTIR




# Klassa drusla

**Hvernig á að vera klassa drusla? er gamanmynd í fullri lengd. Vinkonu-gamanmynd sem einkennist af skemmtilegri sveitastemmingu, sneisafull af húmor og ögn af rómantík.**

Myndin hefst á því að Karen, lífsreynd sveitastúlka kemur á vel upp pimpaða bílnum sínum, með Bob kanínu, að sækja Tönju vinkonu sína sem akkúrat á því mómenti er að lemja sokkum í andlitið á kærasta sínum sem hún nú enn og aftur er að hætta með.

Þær stöllur halda af stað út á land þar sem þær ætla að vinna á stórum búgarði yfir sumarið. Tanja á erfitt með sig eftir sambandsslitin, efast um tilgang ferðarinnar og fyrirætlanir Karenar yfir sumarið. Hins vegar þegar á bæinn er komið fellur Tanja fljótlega fyrir Ívari, fjallmyndarlegum vinnukalli þar á bæ.

Framleiðandi, handritshöfundur og leikstjóri, Ólöf Birna Torfadóttir, er sveitastúlka, ættuð af Ströndum og Vestfjörðum. Hún byrjaði í kvikmyndagerð í förðun og brellum en fór síðar í nám við Kvikmyndaskóla Íslands þar sem hún útskrifaðist sem handritshöfundur og leikstjóri vorið 2016.

Auk Ólafar eru Orri Ingólfsson og Bjarni Guðmundsson framleiðendur myndarinnar og tæknimaður er Magnús Ingvar Bjarnarsson, allir eru þeir gallharðir sveitamenn. */ VH*

# Brestir




**Veröld hefur gefið út skáldsöguna Bresti eftir Fredrik Backman, höfund metsölubókarinnar Maður sem heitir Ove.**

Brestir er áhrifamikil skáldsaga um lítinn bæ með stóra drauma – og hversu dýru verði þeir eru keyptir. Þetta er saga um órjúfanlega vináttu tveggja unglingsstelpna, um sautján ára stráka sem spila íshokkí með heiður smábæjar á herðum sér, um ástríðu og fjölskyldubönd, liðsanda – en líka hvernig heilt samfélag getur snúið blinda auganu að því þegar áfall ríður yfir. Og hversu langt við erum tilbúin til að ganga fyrir börnin okkar í nafni kærleikans.

Brestir fór rakleitt í fimmta sæti metsölulista New York Times þegar hún kom út þar í landi vorið 2017 en bækur Backmans hafa selst í yfir sex milljónum eintaka.

mast Matvælastofnun

## Jarðræktarstyrkur og landgræðslur

Matvælastofnun auglýsir eftir umsækjendum um jarðræktarstyrki og landgreiðslur vegna framkvæmda á árinu 2017 samkvæmt reglugerð nr. 1240/2016 um almennan stuðning við landbúnað.

**Jarðræktarstyrkur:** Framlögum skal varið til jarðræktar, þ.e. nýræktar og endurræktunar á túnum, kornræktar og ræktunar annarra fóðurjurta sem og útiræktunar á grænmeti og kartöflum á landi sem umsækjanda er heimilt að nýta. Uppskera er forsenda fyrir jarðræktarstyrk.

**Landgreiðslur:** Framlögum skal ráðstafa á ræktað land sem uppskorið er til fóðuröflunar og umsækjanda er heimilt að nýta. Framlög eru ekki greidd út á land sem eingöngu er nýtt fyrir beitar. Upplýsingar um skráðar spildur og stafræn túnkort eru sóttar sjálfvirkt í skýrsluhaldskerfið JÖRÐ.

Aðeins er tekið við rafrænum umsóknum í gegnum Bændatorgið.

**Umsóknarfrestur er til 20. október 2017.**

Nánari upplýsingar veitir búnaðarstofa Matvælastofnunar, Bændahöllinni við Hagatorg. Sími 530 4800. Netfang mast@mast.is.

mast Matvælastofnun

## Auglýst eftir umsækjendum um stuðning til söfnunar ullar

Matvælastofnun auglýsir eftir umsækjendum um stuðning til söfnunar ullar samkvæmt reglugerð nr. 1151/2016 um stuðning við sauðfjárrækt (III kafli).

Umsóknum skal skilað á skrifstofu Matvælastofnunar á sérstökum eyðublöðum sem stofnunin lætur í té eigi síðar en tveimur vikum eftir birtingu auglýsingar.

**Stuðningur til söfnunar ullar er háður því að umsækjandi uppfylli eftirfarandi skilyrði:**

1. Aðili skal vera reiðubúinn að taka við allri vinnsluhæfri ull af öllum framleiðendum sem þess óska.
2. Aðili þarf að sækja ull heim til bænda eða taka á móti ullinni á móttökustöð sem ekki er lengra frá hverjum einstökum seljanda ullar en 100 km. 3,30% allrar ullar sem aðili móttekur skal þvegin hér á landi og jafnframt unnið úr þessari sömu ull band, lopi eða samsvarandi vara hérlendis.

**Umsóknarfrestur er til 25. september næstkomandi.**

Nánari upplýsingar veitir búnaðarstofa Matvælastofnunar, Bændahöllinni við Hagatorg. Sími 530 4800. Netfang mast@mast.is.

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

Dreift í 32 þúsund eintökum á um 420 dreifingarstaði og lögbýli á Íslandi

**Næsta blað kemur út 21. september**

www.n1.is facebook.com/enneinn



# Vertu klár í réttirnar!



**Dunlop stígvél Purof Professional**
Vnr. 9655 D460933
Hentug stígvél við margskonar aðstæður. Létt með höggdeyfi í sóla. Endast vel og gott að þrífa þau. Græn. Stærðir: 37 - 48.



**Þunnur samfestingur**
Vnr. 9628 120020
Þunnur samfestingur með hnjápúðavösum – hentar vel fyrir iðnaðarmenn, bændur o.fl. Litir: Navy blár með royal bláu. Stærðir: 48-72.



**Öryggisvesti**
Vnr. 9643 HVW801 VEST
Öryggisvesti HI VIS m/rennilás, vottað samkvæmt sýnileikastaðli. Til í gulum lit.



**Showa vettlingar 451 thermo grip**
Vnr. A414 6917773
Hlýir vettlingar með góðu gripi. Um það bil 25 cm háir.



**Regnjakki**
Vnr. 5790 LR9055
Regnjakki EN471 320 GR vottaður samkvæmt sýnileikastaðli. Stærðir. S - 3XL. Til á lager í gulu og appelsínugulu.



**Regnbuxur**
Vnr. 5790 LR9052
Regnbuxur EN471 320GR vottaðar samkvæmt sýnileikastaðli. Stærðir. S - 3XL. Til á lager í gulu og appelsínugulu.

**Verslanir N1 um land allt**
**Akureyri** s. 440 1420 • **Grindavík** s. 426 8290 • **Höfn** s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574
**Klettagarðar** s. 440 1330 • **Ólafsvík** s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245
**Reyðarfjörður** s. 474 1293 • **Reykjanesbær** s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

Alltaf til staðar N1



Stöðugt er gengið á regnskóga Amazon vegna stórtækrar námuvinnslu sem og vegna nautgriparæktar og annars landbúnaðar.

# Verndun létt af svæði í Amazon sem er stærra en Danmörk

**Yfirvöld í Brasilíu hafa aflétt vernd af regnskógum Amazon af svði sem er stærra en Danmörk. Er þetta gert til að verða við óskum námafélaga, m.a. vegna leitar gulli.**

Umrætt svæði er 46 þúsund ferkílómetrar að stærð, en til samanburðar er Danmörk 43.094 ferkílómetrar, að því fram kemur í frétt BBC. Verndarafléttingin, sem Michel Temer forseti Brasilíu hefur lagt blessun sína yfir vegna málmleitar, er verndarsvæði sem stofnað var 1984 og er nefnt National Reserve of Copper and Associates (Renca).

Brasilíski þingmaðurinn Randolfe Rodrigues segir þetta mestu árás á Amazon svæðið í 50 ár. Maurício Voivodic yfirmaður World Wildlife Fund (WWF) segir að þetta muni leiða til sprengingar í eyðingu regnskógarins. */HKr.*



Sólarorkuver flýtur ofan á uppurinni kolanámu sem fyllt var upp í með vatni.
Mynd / VCGa

## Loftslagsaðgerðir í Kína:

# Stærsta fljótandi sólarorkuver heims

**Það gefur vísbendingar um að heimurinn fari batnandi þegar fréttir berast frá Kína um að sólarorkuver hafi risið á grunni gamallar kolanámu, eða öllu heldur að það fljóti ofan á námunni.**

Risastór 40 megawatta fljótandi sólarver var ræst um miðjan ágúst við borgina Huainan í austurhluta Kína. Verið flýtur á yfirborði stöðuvatns sem myndaðist þegar stórri kolanámu, sem hætt var að þjóna tilgangi sínum, var drekkt. Í stað þess að láta námuna standa þar auða ákváðu borgaryfirvöld að nýta landsvæðið til að afla frekari orku.

Kostir fljótandi sólarorkuvera munu vera margþættir. Þau leggja ekki undir sig landsvæði, sem fer þverrandi úti í heimi. Þá verða sólarsellurnar endingarbetri vegna þess að vatnið kælir þær niður um leið og sellurnar takmarka uppgufun vatnsins og stuðlar þannig að betri vatnsforða.

Nýja verið getur uppfyllt orkuþörf um 15.000 heimila á ári, sem er sex sinnum meiri framleiðsla en næststærsta fljótandi sólarver jarðarinnar, samkvæmt frétt dagblaðsins China Daily.

### *Stærsti mengunarvaldur heims*

Um 40% alls útblásturs gróðurhúsalofttegunda kemur frá tveimur löndum, Bandaríkjunum og Kína. Það er í samræmi við kolavinnslu í heiminum, en Kína er þar stærsti framleiðandinn og notandinn. Það er einnig það land sem treystir helst á kol sem orkugjafa en nú munu vera blikur á lofti. Þannig hefur dregið verulega úr kolanotkun í landinu síðan 2013. Þá hafa yfirvöld gefið það út að þau munu fjárfesta sem nemur 361 billjón dollara í endurnýjanlegri orku fyrir árið 2020.

Kína mun hafa getu til að framleiða meiri sólarorku en nokkurt annað land heimsins og árið 2015 skaust það upp fyrir Þýskaland, sem stærsti framleiðandi sólarraforku í heiminum og framleiðir nú tæp 80.000 gígawött.

### *Tvöfaldaði skuldbindingar sínar*

Sólarorkuverið nýja er aðeins hluti af víðtækum aðgerðum Kína til að uppfylla markmið sín gagnvart Parísarsamkomulaginu, rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Eftir að Bandaríkin drógu til baka þátttöku sína í Parísarsamkomulaginu í júní sl., tvöfaldaði Kína skuldbindingar sínar og gaf út yfirlýsingar með öðrum þátttökuþjóðum samkomulagsins þess efnis til að hvetja til enn áhrifameiri loftslagsaðgerða. */ghp*



Rússneska gasflutningaskipið Christophe de Margerie var fyrsta flutningaskipið sem siglir um norðurslóðir til Asíu án aðstoðar ísbrjóts. Hér bakkar skipið á fullu í gegnum ísinn.
Myndir / Sovcomflot

## Rússneska gasflutningaskipið Christophe de Margerie:

# Fyrsta flutningaskipið sem siglir án aðstoðar ísbrjóts um norðausturleiðina

## – Sigldi á mettíma frá Hammerfest í Noregi til Boryeong í Suður-Kóreu

**Rússneskt gasflutningaskip varð í síðasta mánuði fyrsta flutningaskipið til að sigla frá Evrópu til Asíu um norðausturleiðina (Northern Sea Route – NSR) án aðstoðar ísbrjóts og það á mettíma.**

Skipið, sem heitir Christophe de Margerie, er í eigu rússneska félagsins PAO Sovcomflot (SFC Group), lagði upp frá Noregi 4. ágúst fulllestað gasi í Hammerfest í Noregi og sigldi um íshafið til Boryeong í Suður-Kóreu á aðeins 19 dögum.



Christophe de Margerie fór á mettíma um siglingaleiðina fyrir norðan Síberíu þrátt fyrir 1,2 metra þykkan ís.

Siglingin um sjálfa Norðurleiðina eins og hún er skilgreind norður af Síberíu tók aðeins 6 daga, 12 klukkustundir og 15 mínútur. Það er siglingaleiðin frá Zhelaniya-höfða á Novaya Zemlya til Dezhnev-höfða á Chukotka sem er austasti hluti Rússlands. Þetta eru 2.193 sjómílur eða 4.060 kílómetrar.

Meðalsiglingahraði skipsins var 14 sjómílur á klukkustund þrátt fyrir þá staðreynd að á hluta leiðarinnar þurfti skipið að brjóta sér leið í gegnum 1,2 metra þykkan ís.

Ferð skipsins var farin á um 30% styttri tíma en það hefði tekið skipið að sigla hefðbundna leið í gegnum Miðjarðarhaf, Súesskurð, yfir Indlandshaf og Norður-Kyrrahaf að því er fram kemur í fréttatilkynningu skipafélagsins.



Christophe de Margerie var smíðað í Suður-Kóreu og er um 80 þúsund tonn.

### *80 þúsund tonn og sérstyrkt til siglinga í ís*

Christophe de Margerie er um margt merkilegt skip. Það er rúmlega 80 þúsund tonn (D.W.T) að stærð og sérstyrkt til siglinga í ís. Það er í raun hálfgerður ísbrjótur sem siglir undir fána Kýpur.

Skipið var smíðað hjá Daewoo Shipbuilding Marine Engineering (DSME) á Geoje-eyju í Suður-Kóreu og afhent í mars 2017.

Skipið er 299 metrar að lengd, 50 metrar að breidd og dýpt þess er 26,5 metrar. Mesti siglingarhraði skipsins er 19,5 sjómílur.

Það var sérstaklega smíðað fyrir Sovcomflot til að sinna svokölluðu Yamal LNG verkefni sem snýst um að sinna flutningum um Karahaf og Ob-flóa allt árið um kring. Skipið var afhent eigendum sínum 27. mars 2017 eftir vel heppnaða tilraunasiglingu um Karahaf og Laptevhaf. Skipið á að geta siglt í gegnum allt að 2,1 metra þykkan ís og er flokkað sem Arc7 skip, sem er hæsti staðall sem til er fyrir flutningaskip. Afl skipsins mælist 45 megawött sem er sambærilegt og í nútíma kjarnorkuknúnum ísbrjótum.



Skipið er búið þrem Azipod-skrúfum. Þessi búnaður þykir einstakur og er sérstaklega hannaður af ABB í Finnlandi til siglinga í ís.

### *Búið einstökum finnskum skrúfubúnaði*

Skipið er búið þrem Azipod-skrúfum sem hannaðar eru af ABB í Finnlandi og hægt að snúa um 360 gráður. Þessar skrúfur gefa skipstjórnanda möguleika á að bakka á fullri ferð í ísstálið og virka skrúfurnar þá sem eins konar hakkavélar við að mala ísinn sem brotnar undan þunga skipsins.

Eigandi skipsins, PAO Sovcomflot, eða SFC Group, sem stendur fyrir „öryggið fyrst og fremst“, eða „Safety Comes First“, er eitt af leiðandi skipafélögum heimsins. Það sérhæfir sig í flutningum á hráolíu og öðrum olíuvörum eins og gasi. Einnig sinnir félagið þjónustu við olíu- og gasverkefni á úthafinu.

Floti fyrirtækisins samanstendur af 150 skipum með flutningsgetu upp á 13,1 milljón tonna, samkvæmt heimasíðu félagsins. Þar af eru 124 tankskip, 13 gasflutningaskip (LNG), 11 sérverkefnaskip og 2 þurrvöruflutningaskip. Skipin eru flest í fullri eigu félagsins en tvö eru í kaupleigu.

Sovomflot er skrásett í Pétursborg í Rússlandi og er með skrifstofur í Moskvu, Novorossiysk, Murmansk, Vladivostok, Yuzhno-Sakhalinsk, London, Limassol og Dubai. */HKr.*

## Kawasaki BRUTEFORCE 750



TILBOÐSVERÐ
Kr. 1.799.000,-
~~Kr. 2.199.000,-~~

- ✓ Fjórgengis 2 cylindra
- ✓ 749cc
- ✓ Bein innspýting
- ✓ Rafmagnsstýri
- ✓ Sjálfstæð fjöðrun
- ✓ Hátt og lágt drif
- ✓ 19 lítra bensíntankur
- ✓ Vökvabremsur
- ✓ 12 tommu álfelgur
- ✓ Gasdemparar
- ✓ Þyngd: 317 kg.
- ✓ Torfæruskráð

NITRO
Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi
Sími 557 4848 / www.nitro.is



## GÁMAR TIL SÖLU





Notaðir vel með farnir 40 feta HC gámar til sölu. Takmarkað magn.

**Tilboðsverð: 389.900 kr. með vsk.**

Nánari upplýsingar í síma 864-2400.

völundarhús.is Sími: 864-2400 · Netfang: info@volundarhus.is



## Vörur hjá Sláturfélagi Suðurlands



### Yea-Mix

Bætiefnablanda sem inniheldur Yea-Sacc lifandi ger. Eykur vambarheilbrigði og bætir örveruvirkni. Inniheldur lífrænt selen og náttúrulegt E-vítamín. Dregur úr júgurbólgum og föstum hildum. Lækkar frumutölu í mjólk. Eykur niðurbrot á tréni og átgetu.



### Stalosan F

Náttúrulegur sótthreinsimiðill með pH-gildi sem er hagstætt fyrir húð dýranna. Fækkar sýkingartilfellum, dregur úr raka, bindur ammóníak og gerir umhverfið óhagstæðara fyrir skaðlegar örverur.



### Kálfeldisfóður SS

Styður vel við vöxt og þroska kálfa. Inniheldur fjölbreytt hráefni með góðan lystugleika. Gott jafnvægi vítamína, stein- og snefilefna.

### Nauteldisfóður SS

Próteinrík en orkusnauð kjarnfóðurblanda sem hentar vel síðustu mánuði eldis. Án erfðabreytts hráefnis. Fjölbreytt og lystugt hráefni.



PeckStone - Steinefnafötur fyrir alifugla. Hefur róandi áhrif á fuglana og hvetur til náttúrulegs atferlis.

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1 • Reykjavík
Sími 575 6000
www.ss.is



REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

## HAUSTILBOÐ!

**Zetor Major 80**
4 cyl. mótor, 77 hestöfl



**Nú með kr. 300.000 afslætti**
**Verð kr. 4.790.000 án vsk.**
**Með ALÖ ámoksturstækjum og skóflu**

Zetor

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI |
|---|---|
| Krókháls 5F | Baldursnes 2 |
| 110 Reykjavík | 603 Akureyri |
| Sími: 414-0000 | Sími: 464-8600 |



## Gólfhitakerfi

**Ekkert brot ekkert flot**



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.



# Eigum ýmsar gerðir af kerrum á lager frá Humbaur og Wörmann Þýskalandi!

Flatvagna, véla og sturtukerrur. Einnig krókheysiskerrur.

WÖRMANN world of trailers







HUMBAUR

Smiðjuvegi 40, gul gata - Kópavogi
Sími: 517 7718 - Heimasíða: www.topplausnir.is

Topplausnir topplausnir.is S: 517 7718

UTAN ÚR HEIMI



Nokun glýfósats í landbúnaði mótmælt í Brussel. Mynd / Genetic Literacy Project

ESB vill áframhaldandi notkun á eitrinu glýfósati:

# Frakkar hyggjast ganga gegn vilja Evrópusambandsins

**Frakkland undirbýr nú að ganga gegn áformum Evrópusambandsins um að endurnýja heimildir til notkunar á eiturefninu glýfósati í landbúnaði um næstu áramót. Ástæðan er hversu hættulegt efnið geti verið fyrir heilsu manna.**

Framtíð glýfósats er því óviss, en það er virka efnið í gróðureyðingarefninu Roundup sem framleitt er af Monsanto. Roundup er vel þekkt hérlendis þótt notkun þess í landbúnaði hafi verið sáralítil.

### *Áhyggjur af skaðsemi glýfósats*

Auknar áhyggjur hafa verið víða um lönd út af mögulegum skaða sem notkun á gróðureyðingarefnum sem innihalda glýfósat geta valdið. Fréttastofa Reuters greindi frá því 1. september að frönsk umhverfismálayfirvöld hafi í hyggju að greiða atkvæði gegn endurnýjun heimildar á notkun slíkra efna. Til stóð að innleiða bann við notkun þeirra í júní í fyrra en því var frestað og heimild til notkunar þeirra framlengd tímabundið.

### *Gríðarlegir peningahagsmunir*

Gríðarlegir hagsmunir eru í húfi bæði hvað varðar að hámarka uppskeru með því að eyða „illgresi“ á nytjajurtaökrum og augljóslega eru fjárhagslegir hagsmunir framleiðenda efnanna mjög miklir.

### *Breskir bændur þrýsta á um áframhaldandi heimild*

NFU-samtök bænda í Englandi og Whales hafa lagt áherslu á að áfram verði heimilað að nota gróðureyðingarefni sem innihalda eiturefnið gýfósat. Hafa samtökin farið fram á að leyfi verði endurnýjað til 15 ára. Um 55 þúsund breskir bændur standa að NFU og telja þeir að ef bann verði sett á efni eins og Roundup, þá muni þeir ekki verða samkeppnishæfir við bændur í öðrum löndum hvað framleiðni varðar. Þykir þessi afstaða skjóta nokkuð skökku við í allri umræðu um heilsusamlega framleiðslu. Einnig mikilla upplýsinga um skaða sem efnin hafa valdið, m.a. bændum í löndum eins og Indlandi. Það vakti því töluverða athygli þegar Evrópska efnafræðistofnunin (European Chemicals Agency - ECHA) og evrópsk fæðuöryggisyfirvöld (European Food Safety Authority - Efsa), komust að þeirri niðurstöðu í fyrravor að glýfósat væri „ekki hættulegt efni“. Talað var um að þessi niðurstaða hafi verið pöntuð af yfirvöldum til að þeim væri stætt á að framlengja heimildir til notkunar efnisins. Það styður þá kenningu að alþjóðlega krabbameinsrannsóknarmiðstöð Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna WHO hafði áður komist að þveröfugri niðurstöðu. Sem sagt að glúfósat væri líklega krabbameinsvaldandi.


Menn geta velt því fyrir sér af hverju þessir menn séu varðir í bak og fyrir við að úða gróðureyðingarefni ef glýfósat er hættulaust. Mynd / Center for food safety

Andstæðingar notkunar þessara gróðureyðingarefna hafa farið mikinn á netmiðlum og hvatt bændur til að rökstyðja nauðsyn þess að nota slík eiturefni. Þau segja m.a. að glýfosat eigi stóran þátt í gríðarlegri aukningu á glútenofnæmi hjá fólki og alvarlegum sjúkdómum því tengdu.

Samtök bænda hafa gert myndband til að rökstyðja sína afstöðu. Þar lýsir Jeff Powel, bóndi og fulltrúi í NFU, því hvernig þeir úði akra sína í tvígang með eiturefninu áður en þeir sá í þá korni. Þannig segist hann hafa hemil á illgresi sem kallað er „Black grass“. Hann segist ekki geta hugsað þá hugsun til enda ef hann fái ekki heimild til að nota glýfósatið áfram. Í sama streng tekur bóndinn Anthony Aston, sem líka er fulltrúi í NFU, sem og fleiri bændur í myndbandinu.

### *Tvísýnt um áform ESB*

Ljóst er að mjög vaxandi andstaða er í Evrópu við notkun hvers konar eiturefna í landbúnaði. Eggjaskandallinn í Hollandi nýverið hefur ýtt mjög undir þá andstöðu. Það getur því orðið tvísýnt um hvort Evrópusambandinu tekst það ætlunarverk sitt að framlengja heimild til notkunar á glýfósati. Líklega mun það ráðast af afstöðu Þjóðverja á Evrópuþinginu í haust.

*/HKr.*

HLUNNINDI & VEIÐI

Kvótinn fiskveiðiárið 2017 til 2018:

# Aflamark 422.786 tonn og tæplega 6.600 tonnum minna en í fyrra ári

**Fiskistofa hefur úthlutað aflamarki fyrir fiskveiðiárið 2017/2018. Úthlutunin fer fram á grundvelli aflahlutdeilda að teknu tilliti til 5,3% frádráttar fyrir jöfnunaraðgerðir með sama hætti og á fyrra fiskveiðiári. HB Grandi og Samherji eru með stærsta kvótann.**

Á yfirstandandi fiskveiðiári sem hófst 1. september er úthlutað 375.589 tonnum í þorskígildum samanborið við um 365.075 þorskígildistonn á síðasta fiskveiðiári. Úthlutað aflamark er alls 422.786 tonn sem er tæplega 6.600 tonnum minna en á fyrra ári.

### *Þorsk-, ýsu- og ufsakvótinn aukinn*

Úthlutun í þorski er um 203 þúsund tonn og eykst um tæp 9.000 tonn frá fyrra ári. Ýsukvótinn er 31.732 tonn og hækkar um 4.200 tonn og er sama aukning í ufsakvótanum. Tæplega 1.700 tonna samdráttur er í úthlutun á gullkarfa og tæplega 1.100 tonna samdráttur í djúpkarfa. Úthlutun í íslenskri sumargotssíld er 29.000 tonnum lægri en í fyrra. Alls er 2.042 þorskígildistonnum úthlutað í upphafi árs sem skel- og rækjubótum en það er um 500 tonnum meira en í fyrra.

### *Sólberg ÓF fær mest*

Alls fá 489 skip úthlutað aflamarki að þessu sinni samanborið við 499 á fyrra fiskveiðiári. Það skip sem fær úthlutað mestu aflamarki er Sólberg ÓF 1, en það fær 9.716 þorskígildistonn, eða 2,6% af úthlutuðum þorskígildum.

### *50 stærstu fá 87,8% af aflamarki*

Fimmtíu stærstu fyrirtækin fá úthlutað sem nemur um 87,8% af því aflamarki sem úthlutað er og er það 1,2 prósentustigum hærri tala en í fyrra. Alls fá 372 fyrirtæki eða lögaðilar úthlutað nú, eða um 26 aðilum færra en í fyrra.

HB Grandi fær mesta úthlutun líkt og á síðasta ári. Næst kemur Samherji með 5,9% og síðan Þorbjörn hf. með 5,5%. Þetta er sama röð efstu fyrirtækja og undanfarin ár.

### *Mest til skipa í Reykjavík*

Þrjár hafnir skera sig úr hvað úthlutun varðar og skip sem þeim tilheyra fá töluvert mikið meira úthlutað í þorskígildum talið en þær hafnir sem á eftir koma. Mest fer til skipa með heimahöfn í Reykjavík, 12,3% af heildinni. Næstmest fer til Grindavíkur, eða 10,8%. Skip með heimahöfn í Vestmannaeyjum fá 9,9% úthlutunarinnar.

### *Úthlutun eftir útgerðarflokkum*

Skuttogarar fá úthlutað rúmum 206 þúsund tonnum af heildaraflamarkinu á fiskveiðiárinu en skip með aflamark fá 165 þúsund tonn. Smábátar með aflamark og krókaaflamarksbátar fá tæp 51.700 tonn. Vakin er athygli á því að krókaaflamarksbátar fá eingöngu úthlutað þorski, ýsu, ufsa, gullkarfa, löngu, keilu og steinbít.

*/VH*

Hafrannsóknastofnun:

# Magn og útbreiðsla makríls, síldar og kolmunna í Norðaustur-Atlantshafi

**Hafrannsóknastofnun hefur birt niðurstöður úr sameiginlegum rannsóknaleiðangri Íslendinga, Grænlendinga, Færeyinga og Norðmanna til að kanna magn og útbreiðslu makríls, síldar og kolmunna í Norðaustur-Atlantshafi. Er vísitala lífmassa makríls 10,3 milljón tonn sem er 13 % aukning frá síðasta ári. Yfirborðshiti sjávar 2017 mældist hærri en meðaltal síðustu 20 ára.**

Markmið leiðangursins var að kortleggja útbreiðslu og meta lífmassa makríls, síldar og kolmunna í Norðaustur-Atlantshafi meðan á sumarætisgöngum þeirra stendur. Einnig var ástand sjávar og þéttleiki átustofna metið í leiðangrinum líkt og undanfarin ár. Leiðangurinn stóð dagana 3. júlí til 4. ágúst 2017.


Magn og útbreiðsla fiskitegunda samkvæmt niðurstöðu sameiginlegs makrílleiðangurs Íslendinga, Grænlendinga, Færeyinga og Norðmanna sem farinn var á tímabilinu 3. júlí til 4. ágúst 2017.

### *Makríll*

Magn og útbreiðsla makríls á svæðinu var metin út frá afla í yfirborðstogum sem tekin voru með reglulegu millibili á um 2,8 milljón ferkílómetra hafsvæði. Vísitala makríls í lífmassa mældist 10,3 milljón tonn sem er 13% aukning frá fyrra ári og hæsta vísitala frá því að verkefnið hófst árið 2009. Vísitala fyrir fjölda fiska var metin 24,2 milljarðar sem er 2% minnkun frá 2016, sem var hæsta gildi sem mælst hefur.

Í mælingunni voru fjórir árgangar makríls mest áberandi. Árgangur 2010 sem mældist 19% af heildarfjölda einstaklinga, árgangur 2011 mældist einnig 19%. 2012 var 14% og 2014 mældist 15%.

Vísitalan fyrir eins árs makríl, 2016 árgangurinn, mældist há í sögulegu samhengi og er vísbending um áframhaldandi góða nýliðun í makrílstofninum.

Makríll fannst á mest öllu rannsóknasvæðinu og náðist að staðsetja útbreiðslumörk makríls í allar áttir nema suðaustast á svæðinu, í Norðursjó og norðan Bretlandseyja.

Mestur þéttleiki mældist um miðbik og á norðausturhluta Noregshafs, og við suðaustur- og vesturströnd Íslands. Þéttleiki makríls við Ísland var mestur vestan við landið, líkt og var 2016.

### *Síld*

Magn og útbreiðsla norsk-íslenskrar síldar að sumarlagi var metin með bergmálsmælingum. Vísitalan fyrir lífmassa var 5,9 milljón tonn sem er 11% lækkun frá 2016.

Vísitala fyrir fjölda einstaklinga hækkaði hins vegar um 2% milli ára sem skýrist af töluverðum fjölda af smærri síld í mælingunni, árgangi frá 2013, en hann var í mestum fjölda allra árganga,19%. Magnmæling er í góðu samræmi við bergmálsmælingar á stofninum í maí síðastliðnum.

Útbreiðsla stofnsins var að hluta svipuð og undanfarin ár fyrir fullorðna hluta hans og er þéttleiki hans mestur norður af Færeyjum, fyrir austan og norðan Ísland. Ólíkt fyrra ári mældist hár þéttleiki einnig í Norðaustur-Noregshafi sem var mest síld úr 2013 árganginum.

### *Kolmunni*

Annað árið í röð var lögð aukin áhersla á að fylgjast með útbreiðslu kolmunna og meta stærð stofnsins með bergmálsmælingum. Kolmunnavísitalan mældist 2,7 fyrir lífmassa sem er 19% lækkun frá 2016, meðan að fjöldavísitalan hækkaði um 4%. Útbreiðsla kolmunna var svipuð útbreiðslu ársins 2016. Hann fannst á mest öllu rannsóknasvæðinu nema í köldum sjó út af Austur-Grænlandi og í Austur-Íslandsstraumnum milli Íslands og Jan Mayen.

### *Yfirborðshiti hærri en meðaltal síðustu 20 ára*

Yfirborðshiti sjávar mældist svipaður í júlí 2017 og sumarið 2016 á mest öllu hafssvæðinu. Eins var yfirborðshitinn 2017 um 1 til 2 °C hærri en langtímameðaltal síðustu 20 ára fyrir júlímánuð á mestum hluta austur- og norðursvæðisins.

Á svæðinu milli Íslands og Grænlands var yfirborðshiti júlímánaðar hins vegar jafnan um og undir meðaltali síðustu 20 ára.

### *Dýrasvif*

Vísitala fyrir magn dýrasvifs fyrir vesturhluta svæðisins, sunnan, norðan og vestan Íslands og við Grænland, var tvisvar sinnum hærri í júlí 2017 en hún var árið 2016. Hins vegar lækkaði vísitala dýrasvifs lítillega milli 2016 og 2017 á austurhluta rannsóknasvæðisins, eða í Noregshafi.

*/VH*



Leirbukkurinn – Nyalan er uppsett í heilu lagi, stórt karldýr og einstaklega fallega uppsettur og vekur hann mikla eftirtekt. Mynd / Páll Reynisson.

# Heimilisdýrum hefur fjölgað í Veiðisafninu á Stokkseyri

**Heimilisdýrum í Veiðisafninu - Stokkseyri hefur fjölgað, um er að ræða sendingu uppstoppaðra dýra frá Suður-Afríku, alls átta talsins.**

Leirbukkur – Nyala antilópa í heilu lagi ásamt Impala antilópum, vörtusvín, skrúfhyrna – Kudu og gnýr – Blue Wildebeest ásamt framparti af zebrahesti sem er frístandandi á gólfi hafa nú verið uppsett í sýningarsölum Veiðisafnsins.

„Margir safngestir Veiðisafnsins hafa beðið eftir þessari sendingu því von hefur verið á þessum dýrum um nokkurn tíma og er það okkur sönn ánægja að tilkynna að dýrin eru komin í hús. Einnig hafa verið settar inn 300 nýjar ljósmyndir í myndamöppur safnsins sem hafa notið mikilla vinsælda gesta. Hlutfall þeirra gesta sem koma hér aftur og aftur á Veiðisafnið er mjög hátt, kom það í ljós strax á fyrstu árum safnsins og er virkilega gaman að sjá fjölskyldur koma hér aftur og aftur, oftar en ekki með stækkandi barnahóp,“ segir Páll Reynisson, stofnandi og eigandi safnsins.

„Miklar breytingar hafa átt sér stað frá opnun safnsins 2004. Bætt hefur verið í safnkostinn alla tíð og má þar nefna uppstoppuð dýr, skotvopn og veiðitengdir munir svo eitthvað sé nefnt og ekki má gleyma íslensku veiðimönnunum sem hafa sérstakan sess hér, bæði persónulegir munir, ljósmyndir og byssur frá landsþekktum veiðimönnum.

Það var reynt, í annað sinn, að veiða hýenu í síðustu veiðiferð en gekk ekki, það verður reynt aftur og einnig má nefna það að yngsta kynslóðin spyr mikið um flóðhest sem einnig stendur til að reyna að ná í. Börn eru vel meðvituð í dag um dýraríkið og þau hafa gaman af því að skoða dýrin hér í Veiðisafninu í návígi, sem margir lýsa sem einstakri upplifun.“

***Veiðisafnið á Stokkseyri var opnað 8. maí 2004***

„Veiðisafnið er einstakt á landsvísu en hvergi á Íslandi er hægt að sjá jafn fjölbreytt úrval uppstoppaðra veiðidýra, skotvopna og veiðitengdra muna en hér ásamt því að fræðast um veiðidýr, skotvopn, veiðar og náttúruvernd.

„Ljón og zebrahestar, gíraffi, hreindýr, apar, selir, bjarndýr og sauðnaut eru hér ásamt fjölda annarra dýra. Uppistaða safnsins eru þó veiðitengdir munir, skotvopn og uppstoppuð veiðidýr. Jafnframt eru hér til sýnis munir frá Náttúrufræðistofnun Íslands sem Veiðisafnið hefur til sýningar samkvæmt sérstökum samningi,“ segir Páll.

***Fágætar og frægar byssur***

„Hér eru til sýnis byssur frá Veiðisafninu og skotvopn úr einkasöfnum m.a. annars frá Sverri Scheving Thorsteinssyni, Sigurði Ásgeirssyni, Einari frá Þverá, Sigurfinni Jónssyni, Sveini Einarssyni, fv.veiðistjóra, Sigmari B. Haukssyni og fjölmörgum öðrum veiðimönnum að ógleymdum Drífuhaglabyssunum frá Jóni Björnssyni heitnum, byssusmið frá Dalvík.“

Á heimasíðu safnsins, www.veidisafnid.is, má einnig finna upplýsingar um Drífuvinafélagið sem stofnað var 12. mars 2005.

„Einnig er hér að finna skotfæraverkstæði þar sem sýnd eru tæki til endurhleðslu skotfæra.

Sérstaða safnsins er meðal annars það úrval sýningargripa sem eru á fastasýningu safnsins. Hvergi á Íslandi er hægt að sjá annað eins úrval af innlendum og erlendum veiðidýrum uppstoppuðum ásamt skotvopnum og veiðitengdum munum,“ segir Páll Reynisson.

*/HKr./PR.*



Verk eftir Jóhannes Atla Hinriksson á efri hæð Safnahússins.

## Myndlistarsýning: „Nr. 1 Umhverfing á Sauðárkróki“

**Þann 1. júlí sl. var opnuð myndlistarsýningin Nr. 1 Umhverfing á Sauðárkróki. Sýningarhúsnæðið er annars vegar Safnahúsið og hins vegar Heilbrigðisstofnun Norðurlands.**

Nafn sýningarinnar, Nr. 1 Umhverfing, vísar til þess að fleiri sýningar verði settar upp með sama móti víða um land á næstu árum í samstarfi við heimamenn.

Hugmyndasmiðir og skipuleggjendur verkefnisins eru myndlistarmennirnir Anna Eyjólfs, sem er jafnframt sýningarstjóri, Ragnhildur Stefánsdóttir, Rúrí og Þórdís Alda Sigurðardóttir. Þessir myndlistarmenn mynda kjarna sýninganna á hverjum stað. Hugmyndin er að setja upp myndlistarsýningar á stöðum og í húsnæði þar sem ekki er hefð fyrir nútímamyndlistarsýningum og þar sem ekki fyrirfinnst hefðbundið sýningarhúsnæði fyrir myndlist. Tilgangurinn er að færa myndlistina inn í óhefðbundið rými og skapa umræðu um tilgang lífs og lista.

Leitað var eftir samstarfi við myndlistarmenn sem eiga rætur að rekja í Skagafjörðinn, og taka eftirfarandi myndlistarmenn þátt í sýningunni:



Verk eftir Auði Aðalsteinsdóttur í Safnahúsinu.

Anna María Sigurjónsdóttir, Auður Aðalsteinsdóttir, Finna Birna Steinsson, Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson, Jóhannes Atli Hinriksson, Kristín Reynisdóttir, Ragnheiður Ragnarsdóttir, Sólveig Baldursdóttir og Valgerður Bergsdóttir.

Sýningarskrá hefur verið gefin út í tilefni sýningarinnar og fæst hún í bókasafninu. Höfundar greina eru Margrét Elísabet Ólafsdóttir, list- og fagurfræðingur og Jón Ormar Ormsson. Hönnuður er Margrét Weisshappel.

Sýningin mun standa til 10. september sem gefur möguleika á samstarfi við skólana á svæðinu, þar sem nemendur geta fengið leiðsögn um sýninguna og átt samtal við myndlistarmennina.

## Sýningin Hverfing í Verksmiðjunni á Hjalteyri framlengd

**Hverfing / Shapeshifting er samsýning fjórtán listamanna, sjö íslenskra og sjö bandarískra, sem opnuð var í Verksmiðjunni á Hjalteyri við Eyjafjörð 3. ágúst.**

Verk listamannanna á sýningunni eru flest unnin sérstaklega inn í hið hráa og spennandi rými verksmiðjunnar.

Sýningin hefur verið framlengd til 10. september.



Verkið Tsunami eftir Mary Ellen Croteau.





Brynjar Bragason og Lúðvík Ögmundsson við vígslu Vinavirkjunar á Hesteyri 6. ágúst. Mynd / EFLA

# Vinavirkjun tekin í gagnið á Hesteyri

**Smávirkjun var vígð á Hesteyri í Hesteyrarfirði í Jökulfjörðum þann 6. ágúst.**

Það voru eigendur Læknishússins og Skólans á Hesteyri á Hornströndum sem ákváðu að virkja vatnsaflið á staðnum og tóku nokkrir vinir sig saman og aðstoðuðu við að virkja bæjarlækinn á Hesteyri. Virkjunin var svo vígð í byrjun ágúst, en til þessa hafði ekkert rafmagn verið á svæðinu.

Smávirkjunin framleiðir rafmagn bæði til húshitunar og vinnurafmagns, aðallega fyrir húsin, Læknishúsið og Skólann. Virkjunin er skráð 15 kW en getur framleitt allt að 20 kW þar sem rafallinn er 25 kVA. Fallhæð virkjunarinnar er 62,5 m og aðfallspípan 180 mm.

Þetta verkefni var sannkallað vinaverk, enda fékk virkjunin nafnið Vinavirkjun. Lúðvík Ögmundsson, Brynjar Bragason og Árni Sveinn Sigurðsson, sem eru starfsmenn EFLU, voru hluti af vinahópnum sem komu að gerð virkjunarinnar.

*/HKr.*

Varahlutir í flestar tegundir dráttarvéla
New Holland - Fiat - Ford - Case - Steyr - Zetor - Fendt
Eigum fyrirliggjandi síur í flestar gerðir þessara véla og mikið úrval varahluta. Einnig sérpantanir.



JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is

## Gamli traktorinn




# Bolens – smátraktorar og sláttuvélar




**Uppruna Bolens garðdráttarvéla má rekja til 1850 og hét fyrirtækið þá í höfuðið á stofnendum þess, J.E. Gilson & H.W. Bolens Manufacturing Co., og sérhæfði sig í framleiðslu á járnstólum og garðverkfærum.**

Þrátt fyrir jafnan og stöðugan vöxt fyrirtækisins seldi Gilson-fjölskyldan sig út úr rekstrinum árið 1919 og Bolenarnir yfirtóku rekstur þess. Nafni fyrirtækisins var ekki breytt í Bolens Manufacturing fyrr en 1939.




### Fjórhjóladrifinn smátraktor

Skömmu eftir að Bolens tók yfir rekstur fyrirtækisins setti það á markað fyrstu vélknúnu garðsláttuvélina og fjórhjóladrifinn smátraktor sem var um leið sláttuvél sem ökumaðurinn sat klofvega á.

Uppbygging fyrirtækisins gekk vonum framar og fyrirtækið var leiðandi á markaði fyrir minni dráttarvélar, smágröfur og tæki til garðyrkju á áratugunum fyrir heimsstyrjöldina seinni.



Árið 1939 færðist eignarhald á Bolens yfir til Automatic Products Co of Milwaukee. Eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar keypti Food Machinery & Chemical Corp - FMC, sem er risastórt fyrirtæki í landbúnaðargeiranum, Bolens og hélt framleiðslu þess áfram undir sama nafni.

### Busky 600 og Estade Keeper

Árið 1947 setti Bolins á markað fjórhjóladrifinn smátraktor sem var um leið sláttuvél sem ökumaðurinn sat klofvega á. Hönnunardeild fyrir fyrirtækisins sat ekki auðum höndum næstu árin. Árið 1958 komu Ride-A-Matic týpurnar á markað og 1961 setti Bolens á markað smádráttarvél sem kallast Bolens Husky 600. Husky 600 týpan þótti skara fram úr og vera skör hærra en smátraktorar annarra framleiðenda. Bolens Husky var því um tíma sá smátraktor sem aðrir framleiðendur miðuðu sína framleiðslu við.

Í framhaldinu komu svo Bolens Husky týpur 800, 900, 1000 og 1050 sem allar þóttu framúrskarandi.

Tveimur árum síðar, 1963, setti svo fyrirtækið á markað aðra smádráttarvél sem kallaðist Estate Keeper og þótti ekki síður byltingarkennd.

### Enn eigendaskipti

Áhugi á framleiðslu Bolens jókst og rekstur fyrirtækisins undir stjórn FMC gekk glimrandi. Þrátt fyrir það var Bolens selt árið 1988 og komst í eigu Garden Way. Skömmu áður hafði Garden Way keypt fyrirtæki sem kallaðist Troy-Bilt.

Smátraktorarnir frá Bolens voru áfram seldir undir heiti Bolens en allur aukabúnaður eins og sláttuvélar, ámoksturstæki, ýtublöð og snjóblásarar undir heiti Troy-Bilt.

Skömmu eftir síðustu aldamót keypti vélaframleiðandinn MTD meirihluta í Bolens. MTD er í dag einn stærsti framleiðandi smádráttarvéla og garðvinnuvéla í heiminum í dag.

### Lækkandi sól

Þrátt fyrir að frægðarsól Bolens hafi risið hátt og fyrirtækið verið leiðandi í nýjungum á sviði tækja fyrir garðyrkju hefur sól þess sigið í heimi smátraktora eftir að MDT tók yfir reksturinn. Í dag er Bolens vörumerkið samnefnari fyrir ódýra smátraktora og sjaldséðir á markaði. /VH

## UTAN ÚR HEIMI



Maður að úða illgresiseyði á kornakur. Mynd / Wisegeek

### Evrópusambandið sakað um tvískinnung varðandi gróðureyðingarefni:

# Stórhættulegt Paraquat bannað í ESB en selt í miklu magni til annarra ríkja

**Evrópusambandið er sakað um tvískinnung varðandi framleiðslu og notkun á ýmsum eiturefnum sem ætluð eru til notkunar í landbúnaði. Á sama tíma og ESB hefur bannað sum þessara efna af heilsufarsástæðum er haldið áfram að framleiða þau og flytja út til annarra ríkja í þúsunda tonna vís.**

Greint var frá þessu í breska blaðinu The Guardian 22. ágúst síðastliðinn. Þar kemur fram að innan Evrópusambandsins hefur verið tekin ákvörðun um að banna ýmsar gerðir svokallaðra varnarefna til notkunar í landbúnaði af heilsufarsástæðum, en flest eru þau mjög eitruð. Þar er um að ræða ýmiss konar gróðureyðingarefni og skordýraeitur. Þó hefur ítrekað verið veittur frestur til innleiðingar á þessum ráðagerðum.




### Bannað í ESB-löndum en flutt út í stórum stíl

Árið 2007 var bannað að nota gróðureyðingarefnið Paraquat innan ESB-ríkja, en þetta efni hafði þá valdið þúsundum dauðsfalla víða um heim og leitt til fjölda sjálfsmorða. Þrátt fyrir bannið hefur svissneska fyrirtækið Syngenta haldið áfram framleiðslu efnisins í verksmiðju sinni í Huddersfield í Englandi. Þaðan hafa þúsundir tonna af efninu verið seld til landa utan ESB sem yfirvöld í Evrópusambandinu hafa látið óátalið. Þar er efnið notað m.a. við ræktun matjurta.

Haft er eftir Baskut Tuncak, sem er upplýsingafulltrúi Sameinuðu þjóðanna í málum sem varða eitraðan úrgang, að þeir sem berjist gegn notkun eiturefna fordæmi þessi vinnubrögð og saki ESB um tvöfalt siðgæði. Tunack segist furðu lostinn að Evrópusambandið skuli banna notkun á Paraquat innan sinna landamæra en flytji það svo áfram út til ríkja þar sem reglur eru ekki eins strangar.

Efnarisinn Syngenta ber ábyrgð á útflutningi á um 95% af Paraquat frá Evrópu en efnið er selt undir vörumerkinu Gramoxone. Það smýgur hæglega í gegnum húð manna og hefur verið tengt við Parkinson-sjúkdóminn. Þá getur innöndun á gufum af efninu valdið alvarlegum lungnaskaða samkvæmt heimasíðu Crouse Hospital í Bandaríkjunum og valdið því sem kallað er Paraquat lungum og eyðileggingu á nýrum. Snerting við efnið er einnig mjög hættuleg. Það hefur samt m.a. verið notað af stjórnvöldum þar í landi við að eyðileggja marijúanaakra.

Syngenta hefur framleitt Paraquat í verksmiðju sinni í Huddersfield í tvo áratugi. Á árinu 2014 var fyrirtækið sektað um 200.000 pund eftir að uppvíst var að meira en þrjú tonn af efninu höfðu lekið út í umhverfið eftir óhapp.

### Rúmlega 41 þúsund tonn seld til fátækari ríkja

Frá 2015 hefur Syngenta flutt út 122.831 tonn af Paraquat frá Bretlandi. Það er að meðaltali um 41.000 tonn á ári samkvæmt tölum sem Guardina fékk hjá Swiss NGO public Eye. Nærri tveir þriðju af þessum útflutningi, eða um 62%, fór til fátækra ríkja og þar á meðal til Brasilíu, Mexíkó, Indónesíu, Gvatemala, Venesúela og Indlands. Um 35% voru flutt út til Bandaríkjanna þar sem einungis er heimilt að nota paraquat með sérstöku leyfi.

Í samtali við Guardian segir talsmaður Syngenta að hann harmi óhappið í Bretlandi, en enginn hafi þó slasast og umhverfið hafi ekki boðið skaða af. Þá sagði hann að í meira en hálfa öld hafi Paraquat reynst heimsins áhrifaríkasta hjálparefnið. Það hafi hjálpað milljónum bænda til að auka framleiðni og að standa sig í samkeppninni. Þá benti hann á að efnið væri enn leyft í löndum eins og Bandaríkjunum, Ástralíu og í Japan. /HKr.

# Stærsta löglega kannabisbýli í heimi er í Bretlandi

**Í Kent skammt frá Kantaraborg á Bretlandseyjum er að finna stærstu löglegu kannabisræktun í heimi. Miðað við götuverð kannabis á Bretlandseyjum er ræktunin metin á um milljarð íslenskra króna.**

Í tveimur stórum gróðurhúsum, sem eru vel falin í kyrrlátri breskri sveit, eru ríflega 80.000 kannabisplöntur ræktaðar undir ströngu eftirliti öryggisvarða og öryggismyndavéla. Tólf garðyrkju- og grasafræðingar í hvítum sloppum sjá um plönturnar, vökva og mæla, á vöktum allan sólarhringinn. árleg framleiðsla í gróðurhúsunum er um 20 tonn á ári.



Hampur til heilsu. Árleg framleiðsla gróðurhúsanna í Kent er um tuttugu tonn á ári.

Ræktunin, sem er á ábyrgð breska lyfjafyrirtækisins GW Pharmaceuticals, er þrisvar sinnum umfangsmeiri en stærsta ólöglega ræktun sem komist hefur upp á Bretlandseyjum.

Ræktun lyfjafyrirtækisins hófst árið 1998 og síðan þá hafa um tvær milljónir kannabisplantna verið ræktaðar í gróðurhúsunum. Plönturnar eru notaðar til rannsókna á lyfjum. Lyfið sem kallast Sativex er þegar komið á markað og ætlað til að líkna fólki sem þjáist af MS og banvænu krabbameini. Unnið er að rannsóknum á nýju lyfi gegn flogaveiki, geðklofa og sykursýki. /VH

# SUMARTILBOÐ

10% sumarafsláttur af öllum

GARÐHÚSUM

og Sky15-3 og Sky15-44 gestahúsum af verðunum á heimasíðunni okkar

www.volundarhus.is



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustu-stöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS *sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður*

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

völundarhús.is

Vel valið fyrir húsið þitt

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

volundarhus.is · Sími 864-2400

www.volundarhus.is

VH/17-01



BRIGGS & STRATTON

**Mótorar og varahlutir á lager**

**Hröð og góð þjónusta**

**Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI**

**MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS**



Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300



# Átgrindur - milligrindur



**Eigum til afgreiðslu átgrindur og milligrindur ásamt stólpum og festingum ýmisskonar**

Íslensk framleiðsla

# Steinbitar

**Eigum til afgreiðslu margar stærðir af steinbitum**



Gunnbjarnarholt – 801 Selfoss - 480 5600 – landstolpi.is

LANDSTÓLPI





# VANTAR SKJÓL?

Skjólnet hafa sannað gildi sitt við ræktun trjágróðurs hér á landi. Vantar þig meira skjól? Hafðu samband sem fyrst.

**Selskógar ehf**

**Stapaseli, 311 Borgarbyggð, s. 893 8090, netfang: danielth@nett.is**





plettac distribution

**Plettac vinnupallar til sölu. Láttu öryggi og lausnir ráða ferðinni.**

VINNUPALLAR EHF

s. 618 8418 • vinnupallarehf@gmail.com

HELSTU NYTJAPLÖNTUR HEIMSINS



Villt jarðarber finnast allvíða á Íslandi og er kjörlendi þeirra skógar og brekkur á móti suðri. Mynd/Lbhí-ghp.

# Jarðarber – munúðarfull og lystug

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



**Haft er eftir enskum sautjándu aldar rithöfundi að Guð hefði eflaust getað skapað betri ber en jarðarber en einfaldlega ekki gert það. Jarðarber eru ekki ber í grasafræðilegum skilningi. Þau ilma vel eru falleg á litinn, sæt á bragðið og líkjast gimsteinum í útliti**

Áætluð landbúnaðarframleiðsla á heimsvísu af jarðarberjum árið 2016 er milli 11,5 og 12,5 milljón tonn. Auk þess sem talsvert er ræktað af jarðarberjum í heimilisgörðum og tínt í náttúrunni. Áætlanir gera ráð fyrir að framleiðsla á jarðarberjum í heiminum eigi eftir að aukast talsvert á næstu árum og áratugum.

Ekki eru til opinberar tölur um framleiðslu á jarðarberjum í Kína en áætlað að framleiðsla þar árið 2016 hafi verið um 3,5 milljón tonn. Í Bandaríkjunum var framleiðslan um 1,4 milljón tonn, Tyrkland er í þriðja sæti með um 400 tonn og Spánn er í því fjórða og framleiddi um 300 tonn. Þar á eftir koma Egyptaland, Mexíkó, Rússland, Japan, Suður-Kórea, Pólland, Þýskaland og Ítalía með framleiðslu frá tæpum 300 tonnum og niður í 150 tonn árið 2016.

Kínverjar eru stærstu útflytjendur jarðarberja í heiminum en ekki liggja fyrir opinberar magntölur um útflutninginn. Bandaríkin flytja út næstmest, um 1,5 milljón tonn af ferskum, niðursoðnum og frystum jarðarberjum. Útflutningur á jarðarberjum er einnig mikill frá Tyrklandi og Spáni.

Mestur er innflutningur á jarðarberjum til Bandaríkjanna, ríflega 1,6 milljón tonn, auk þess sem Bretland og lönd Evrópusambandsins flytja einnig inn mikið magn jarðarberja.

Hagstofa Íslands tekur ekki saman tölur og framleiðslu á jarðarberjum á Íslandi en eftir því sem næst verður komist var hún um 100 tonn árið 2016. Sama ár voru flutt inn tæp 448 tonn af jarðarberjum og fyrstu sex mánuði 2017 voru flutt inn tæp 410 tonn. Árið 2016 var mest flutt inn frá Spáni og Hollandi og fyrstu sex mánuði 2017 var mest flutt inn frá Spáni og Bandaríkjunum.

Sala á íslenskum jarðarberjum það sem af er þessu ári er svipuð og á sama tíma á síðasta ári, um 75 tonn.

Innflutningur á jarðarberjum frá Bandaríkjunum jókst gríðarlega í maí 2017 en hríðféll frá Spáni. Án efa má rekja aukinn innflutning fyrstu sex mánuði 2017 til opnunar Costco hér á landi enda eru fersk innflutt jarðarber vinsæl í versluninni.



Stærð og lögun jarðarberja fer eftir tegundum og ræktunarafbrigðum. Hvít jarðarber, svokölluð ananasjarðarber, hafa notið vinsælda hér á landi undanfarin ár.

### *Ættkvíslin Fragaria*

Jarðarber eru af rósaætt og tilheyra ættkvíslinni *Fragaria* sem telur tuttugu tegundir og fjölda undirtegunda og ræktunaryrkja. Ólíkar tegundir villtra jarðarberja finnast víða um heim en aðallega á norðurhveli. Sú jarðarberjategund sem mest er ræktuð bæði til landbúnaðarframleiðslu og í görðum er blendingur sem kallast *Fragaria × ananassa.*

Ber jarðarberjaplantna eru ekki ber samkvæmt skilgreiningu grasafræðinnar heldur samaldin sem myndast í blómum með mörgum frævum og mynda mörg fræ. Aldinin myndast við að blómbotninn þrútnar og verður kjötkenndur. Stærð aldinanna er mismunandi eftir tegundum og ræktunarafbrigðum, oftast rauð en einnig hvít eða ljósbleik. Fræin, eða litlu dökku blettirnir utan á jarðarberjum, líkjast aftur á móti litlum hnetum og hafa myndast af sinni frævunni hvert.

Jarðarber eru jarðlægar, skriðular og jurtkenndar plöntur. Þrír til fimmtíu sentímetrar að hæð, eftir tegundum og ræktunarafbrigðum, og fjölga sér með fræjum eða jarðrenglum. Krónublöð blómanna eru fimm og hvít. Blómin ein eða tvíkynja, með fræfli eða fræfum eða fræfli og fræfum eftir tegundum. Upp af gildum jarðstöngli með trefjarót vaxa upprétt, stilklöng og þrífingruð blöð sem eru tígul- eða öfugegglaga og sagtennt.

### *Nafnahjal*

Í rómönskum málum er heiti berjanna dregið af latneska orðinu *fraga* sem merkir jarðarber. *Fraga* er skylt sögninni *fragro* sem merkir að ilma eða anga, samanber enska orðið *fragrant*. Á spænsku nefnast jarðaber *fresón*, á frönsku *fraise* og á ítölsku *fragola*. Portúgalska orðið fyrir jarðarber er *morango*. Indíánar Norður-Ameríku kalla jarðarber *wuttahimneash* sem þýðir hjartalagað ber með fræjum.

Á ensku nefnast þau *strawberries* sem þýðir beinlíns stráber og gæti nafnið tengst því að berin voru oft ræktuð í beði með strá yfirlagi eða að við uppskeru voru berin stundum þrædd upp á strá og seld sem ber á strái. Á Norðurlandamálum og í þýsku bera jarðarber svipað nafn og á íslensku og tengist nafnið vaxtarlagi plöntunnar. Á norsku og dönsku kallast þau *jordbær*, á sænsku *jordgubben* en á þýsku *Erdbeere.*

### *Flokkun jarðarberja*

Flokkun tegunda innan ættkvíslarinnar *Fragaria* er fremur flókin og fer eftir erfðum og sameiginlegri litningatölu þeirra. Grunngerðir litninganna eru sjö en hins vegar eru margfeldi litningatalanna mismunandi. Sumar tegundir eru til dæmis tvílitna og með tvö sett af sjö litningum og til eru fjór-, fimm-, sex-, átt- og tíulitna tegundir sem hafa 70 litninga.

Dæmi um tvílitna tegundir eru *F. bucharica, F. pentaphylla* og *F. gracilis* sem eru upprunnin í Kína, *F. daltoniana, F. nubicola* en *F. rubicola* kemur frá Himalajafjöllum. *F. iinumae* er frá austanverðu Rússlandi og Japan, *F. nipponica* kemur frá Japan en tegundin *F. nilgerrensis* er upprunin í Suður- og Suðaustur-Asíu. *F. yezoensis* finnst í Norðaustur-Asíu og *F. vesca* finnst villt víða á norðurhveli og villt íslensk jarðarber eru af þeirri tegund. *F. viridis* og *F. x bifera* sem er blendingur *F. vesca × viridis* finnst villtur í Evrópu og Mið-Asíu.

Fjórlitna tegundir eru *F. moupinensis* frá Kína, *F. orientalis* frá Austur-Asíu og Síberíu austanverðri.

*F. × bringhurstii* er fimmlitna blendingur frá strönd Kaliforníu og *F. moschata* sexlitna tegund sem upprunin er í Evrópu.

Garðjarðarber, sem eru mest ræktuðu jarðarber í heimi, eru áttlitna ræktunarblendingur *F. × ananassa* en *F. chiloensis* og *F. virginiana* eru áttlitna tegundir frá vestan- og norðanverðum Bandaríkjunum. Undirtegundir *F. chiloensis, F. c. subsp. lucida* og *F. c. subsp. pacifica* finnast í Alaska, Bresku Kólumbíu, Washington, Oregon og Kaliforníu og *F. c. subsp. sandwicensis* á Havaíeyjum. *F. chiloensis subsp. chiloensis forma chiloensis* og *F. chiloensis subsp. chiloensis forma patagonica* eru frá Argentínu og Síle og áttlitna og eins konar tilbrigði við tegundina *F. chiloensis.*

*F. cascadensis* frá Oregon í Bandaríkjunum eru tíulitna tegund og það eru blendingarnir *F.× Comarum* og *F. × vescana* einnig.

Litningafjöldi sumra ræktunarafbrigða, sem kallast hybrid á ensku en bastarðar á íslensku, er ótilgreindur. Dæmi um það eru *F. × Comarum,* stundum kölluð varalitajarðarber vegna varalitarauðslitarins, og fjöldi bastarða eða ræktunarafbrigða *F. vesca, F. moschata, F. viridis* og *F. nubicola.*

Allar tegundir jarðarberja blandast auðveldlega saman við frjóvgun og eru jarðarber í ræktun oft mjög skyldleikaræktuð.

Stærð og lögun jarðarberja fer eftir tegundum og ræktunarafbrigðum. Yfirleitt eru tegundir með fleiri litninga kröftugri og með stærri berjum en tegundir með lága litningatölu. Aftur á móti eru minni ber oft bragðmeiri en stærri ber.

### *Hvít jarðarber*

Hvít jarðarber, svokölluð ananasjarðarber, hafa notið talsverðra vinsælda hér á landi undanfarin ár. Berin eru hvít eða ljósbleik og með rauðum fræjum og sagt er að bragðið af þeim sé blanda af jarðarberi og ananas. Ananasjarðarber eru blendingur *F. chilonsis* og *F. virginia* og ræktunarafbrigði sem var sett á markað í Þýskalandi 1. apríl 2000 og töldu því margir að um aprílgabb væri að ræða.

Japanskir plöntufiktarar og áhugamenn um jarðarber hafa framræktað ýmis afbrigði hvítra jarðarberja og eitt þeirra, sem kallast hvíti gimsteinninn, er selt sem lúxusvara og rándýrt.

### *Saga og nytjar*

Jarðarber njóta gríðarlegra vinsælda um allan heim og hafa kannanir sýnt að við bragðprófanir velja börn jarðarberjabragð sem besta bragðið. Jarðarber eru mest borðuð fersk en einnig úr dós. Þau eru pressuð í safa, notuð í bakstur, í ís, sósur, súkkulaði, sultur og sem skraut í hanastélsdrykki. Hægt er að fá ilmvatn, svitalyktareyði og sjampó með jarðarberjaangan og hvaða karlmaður man ekki eftir fyrsta kossinum þar sem varir konunnar glönsuðu og brögðuðust af jarðarberjaglossi.

Garðajarðarber eins og við þekkjum þau í dag voru fyrst ræktuð í Frakklandi. Franski kortagerðar- og ræktunarmaðurinn Amédée-François Frézier flutti með sér jarðarberjaplöntur af tegundinni *F. chiloensis* frá Síle árið 1714. Sjóleiðin frá Síle til Marseille tók sex mánuði og lifðu fimm plöntur ferðina af.

Rúmum þremur áratugum síðar, um 1750, var þeim frjóvgað saman við *F. virginiana* sem hafði borist til Frakklands frá Norður-Ameríku 1624. Úr varð ræktunartegund sem kallast *F.* × *ananassa* og eru vinsælustu og mest ræktuðu jarðarber í dag.

Ræktunarafbrigði og yrki *F.* × *ananassa* hlaupa á þúsundum og liggur mismunur þeirra í ólíkum blómgunartíma og þroska berjanna, þoli gegn sjúkdómum og meindýrum, frostþoli og stærð, lögunar, þéttleika og bragði berjanna.

Fyrir tíma *F.* × *ananassa* var villtum jarðarberjum safnað til átu. Í Evrópu var algengasta jarðarberið *F. vesca* sem stundum er kallað skógarjarðarber og berið einu sætindin sem fátækir gátu leyft sér.

Ómögulegt er að vita fyrir víst hvenær menn neyttu fyrst jarðarberja en fræ þeirra hafa fundist við rannsóknir á mannvistarleifum frá nýstein- og járnöld. Ekki eru til heimildir um ræktun jarðarberja í Evrópu fyrr en á fjórtándu öld.

Rómversku sagnaritararnir Pliny og Ovid minnast á jarðarber í ritum sínum en segja ekkert um ræktun þeirra. Virgil varar börn við að tína jarðarber í einu riti vegna hættunnar á að snákar leynist í undirgróðrinum. Á tólftu öld sagði Hildegard von Bingen að jarðarber væru óhæf til neyslu vegna þess að snákar, froskar, sniglar og ormar skriðu innan um þau.

Heiður og vinsældir jarðarberja jukust á fjórtándu öld og fyrstu heimildir um stórtæka ræktun þeirra er frá Frakklandi árið 1368 þegar Karl V lét gróðursetja 1200 villtar jarðarberjaplöntur í garðinum við Louvre. Nokkrum árum síðar fylgdu hertoginn og hertogaynjan í Burgundy í kjölfarið og létu planta út nokkur þúsund jarðarberjaplöntum á jarðareign sinni í Dijon-héraði.

Á fimmtándu öld notuðu munkar í Evrópu lit sem unninn var úr villtum jarðarberjum til að lýsa handrit og í flæmskri og þýskri myndlist frá fimmtándu til sautjándu aldar voru jarðarber vinsælt myndefni.

Fljótlega eftir að Kristófer Kólumbus og kónar hans römbuðu á Ameríku 1492 kom í ljós að frumbyggjar Nýja heimsins ræktuðu bæði stærri og bragðbetri jarðarber en gert var í Gamla heiminum. Þrátt fyrir það dróst fram á miðja átjándu öld að flytja jarðarberjaplöntur frá Ameríku til Evrópu til að kynbæta evrópsk skógarjarðarber með.

Í Suðurríkjum Bandaríkjanna, þar sem mikið er ræktað af jarðarberjum, byggir uppskeran að stórum hluta á farandverkafólki og ólöglegum innflytjendum frá Mexíkó. Laun þeirra sem tína berin eru mjög lág og oft undir lágmarkslaunum og aðstæður fólksins bágbornar.



Ber jarðarberjaplantna eru ekki ber skv. skilgreiningu grasafræðinnar heldur samaldin sem myndast í blómum með mörgum frævum og mynda mörg fræ.



Uppskera á jarðarberjum í Suðurríkjum Bandaríkjanna byggir að stórum hluta á farandverkafólki og ólöglegum innflytjendum frá Mexíkó.



Gríðarlegt magn af skordýra-. illgresis- og sveppaeitri og annars konar efnum er notað við stórræktun á jarðarberjum.



Stjórnendur gagnfræðaskóla eins í Kaliforníu hafa áhyggjur af því að jarðarberjarækt, sem hulin er með plasti, allt í kringum skólann sé að eitra fyrir nemendum og kennurum.

Þar sem uppskera byggir að stórum hluta á ódýru vinnuafli kann verð á jarðarberjum að hækka verulega á næstu árum verði Trump Bandaríkjaforseta að áformum sínum um að reisa múr á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó og stöðva straum fólks frá Mið-Ameríku til Bandaríkjanna.

### *Strawberry Fields Forever – eitrið eins og dalalæða*

Gríðarlegt magn af skordýra-, illgresis- og sveppaeitri og annars konar efnum er notað við stórræktun á jarðarberjum. Forstöðumenn gagnfræðaskóla eins í Kaliforníu hafa miklar áhyggjur af því að jarðarberjaræktendur sem eru með akra, sem huldir eru með plasti, allt í kringum skólann séu að eitra fyrir nemendum og kennurum með gengdarlausri notkun á skordýra-, illgresis- og sveppaeitri.

Skólinn er í hluta sýslunnar þar sem meirihluti íbúa er af spænskum og mexíkóskum uppruna og er skólinn og skólalóðin hreinlega umkringd jarðarberjaökrum. Mörgum þætti slíkt eflaust eftirsóknarvert en sá hængur er á að mikið magn af skordýra- og illgresislyfjum er notað við ræktunina og úðast yfir skólann. Þegar mest er liggur eitrið eins og dalalæða yfir skólalóðinni og lyktin af því alltumlykjandi.

Jarðarberjaræktun í sýslunni er stórtæk og þar eru framleidd um hálf milljón tonna af þeim á ári og mörg efni sem úðað er á þau með þeim hættulegustu sem notuð eru í landbúnaði og geta meðal annars valdið öndunarörðugleikum og skaða á fóstrum.

### *Berin frá Driscoll*

Driscoll Associates er einn stærsti framleiðandi og söluaðili jarðarberja í heiminum og það fyrirtæki sem mest er flutt inn af jarðarberjum frá til Íslands. Fyrirtækið er sagt borga yfir lágmarkslaunum fyrir tínsluna en hvað varðar notkun á eiturefnum við ræktunina er það ekki eftirbátur annarra fyrirtækja.

### *Þjóðtrú og lækningar*

Jarðarber eru tákn ástargyðjunnar Venusar. Sagt er að ef samvaxin jarðarber eru tekin í tvennt og annar helmingurinn gefinn aðila af hinu kyninu muni sá eða sú verða ástfanginn af gefandanum og gefandinn af þiggjandanum.

Rómverjar töldu berin góð til ýmiss konar lækninga og meðal annars draga úr þunglyndi, nýrnasteinum, yfirliði, þembu, hita, hálsbólgu, þvagsýrugikt og ýmsum blóðsjúkdómum.

Myndir af jarðarberjum voru meitlaðar á steinsúlur í kirkjum sem tákn um fullkomleika og réttlæti.

Sagan segir að Kleópatra drottning í Egyptalandi hafi baðað sig upp úr geitamjólk. Slíkt bliknar þó í samanburði við böð maddömu Tallien við hirð Napóleons keisara sem baðaði sig reglulega í safa af ferskum jarðarberjum. Slíkt hlýtur að hafa krafist talsverðrar vinnu á sínum tíma en kosturinn er að berin hljóta að hafa staðist allar kröfur um að vera lífræn.

Í Bæjaralandi er til siðs að hengja körfur með jarðarberjum á horn nautgripa sem gjöf til álfanna. Í staðinn er sagt að álfarnir auki nyt og hraustleika kúnna.

### *Jarðarber á Íslandi*

Villt jarðarber finnast allvíða á Íslandi og er kjörlendi þeirra skógar og brekkur á móti suðri. Þau eru minni en búðajarðarber og þroskast seint en eru einstaklega góð á bragðið.

Í Grasnytjum síra Björns Halldórssonar frá Sauðlauksdal, frá 1781, segir um villt íslensk jarðarber sem Björn kallar jarðarberjagras:

„Bæði berin og rótin eru nokkuð samandragandi, bæta hlandstemmu, flýta fæðingu kvenna, tempra blóðhita. Jurtin græðir og hreinsar sár þegar hún er við þau lögð. Rótin stemmir blóðnasir, jurtin í munni tuggin og berin segja menn hreinsi og verji við eitruðu lofti. Hrá berin, með sykri, mjólk eða víni, þykja sælgæti og þó halda menn þau hollari með sykri og víni en með feitri mjólk. Þessi ber hreinsa hraðberg af tönnum og skaða þær þó ekki. Þau eru góð lækning við liðaveiki og fótaveiki og skal þá eta mikið af þeim. Hr. von Linné segist hafa etið af þeim fullt skerborð um sinn og við það batnaði honum sin fótaveiki. Líka eru þessi ber þeim góð sem haldnir eru af lungnasótt.“

Schierbeck, landlæknir og formaður Hins íslenska garðyrkjufélags, birti skýrslu um nokkrar tilraunir til jurtaræktunar á Íslandi í Tímariti hins íslenska bókmenntafélags ári 1886 þar sem hann segir meðal annars: „Jeg er enn á því, að rækta megi jarðarber hjer á íslandi í reit með gluggum yfir bæði vetur og vor, enda þótt jeg hafi verið mjög óheppinn hingað til með tilraunir mínar að því er þetta snertir. Vorið 1884 sendi Möllgaard garðjurtasali mjer ágætar tegundir af jurt þessari; en af því að rúm vantaði fyrir þær í reit, voru þær gróðursettar á bersvæði og uxu þær þar mjög vel, blómstruðu, og flækjur uxu út frá þeim, en engin ber komu á þær. Ætlun mín var sú, að flytja þær inn í reit um haustið, en það var því miður eigi gjört, af því að tími vannst eigi til þess, og næsta vor voru þær allar dauðar, nema ein. Haustið 1885 fjekk jeg 200 afbragðsgóðar jarðberjajurtir frá Rothe garðyrkjumanni við Rosenborgarhöll; en þar eð þær komu hingað með októbermánaðarferðinni, gátu þær eigi náð að festa nægar rætur fyrir veturinn, með því að þá tók að frjósa fám dögum seinna. Öll aðhlúning með gluggum og yfirbreiðslu um veturinn var þess vegna ónóg og engin einasta af jurtum þessum lifði til vorsins. Samt sem áður fýsir mig að gjöra nýjar tilraunir í þessu efni.“

Talsvert er um að fólk rækti jarðarber í heimagörðum en helstu framleiðendur er Silfurtún, Jarðarberjaland, Sólbyrgi, Kvistar og Dalsgarður.

### *Ræktun heima*

Jarðarber þrífast best á sólríkum stað og í næringarríkum jarðvegi með sýrustig milli 6 og 6,5. Til þess að tryggja góða uppskeru er nauðsynlegt að endurnýja plönturnar á fjögurra til sex ára fresti.

Einnig er gott að skipta um ræktunarstað þegar plönturnar eru endurnýjaðar til að koma í veg fyrir jarðvegsþreytu. Gott er að rækta jarðarber í hengipottum en í beði er æskilegt bil á milli plantna 30 til 40 sentímetrar. Ranabjöllur og sniglar eru sólgnir í jarðarber og geta gert mikinn skaða.

Yrkin 'Zephyr', 'Korona', 'Glima', 'Rita' og 'Senga Sengana' hafa öll reynst vel hér á landi.

# Lerkiskógur – vöxtur og þroski

**Fyrstu eiginlegu bændaskógarnir voru gróðursettir kringum 1970 og umfangið jókst síðan verulega með tilkomu Héraðsskóga og Nytjaskógræktar á bújörðum eftir 1990.**

Skógræktin hefur gengið vonum framar og gefið jafnvel meiri uppskeru og fyrr en búist var við í upphafi. Fyrir þá sem hyggja á skógrækt er hægt að glöggva sig á ræktunarferlinu með eftirfarandi dæmi um ræktun lerkis á annars uppskerulitlu landi.

Árið – Upphafið: Lerki er afburða trjátegund til að lifa og þroskast á þurru uppskerulitlu landi. Plönturnar eru oftast fljótar að hefja vöxt og skapa skjól fyrir gróður sem annars hefði ekki náð sér á strik. Lerki er mest gróðursett í mela, sanda og þurrt mólendi. Kjörsvæði þess er inn til landsins, sérstaklega á Norður- og Austurlandi. Um 2500–3500 tré eru gróðursett á hvern hektara lands.



Land sem bíður gróðursetningar. Mynd / Héraðsskógar



10 ára skógur í sama landi og á myndinni hér til vinstri. Mynd / Héraðsskógar

### *Ár 5-10 – Skógurinn verður sýnilegur*

Eftir 5 ár frá gróðursetningu er lerki orðið sýnilegt í landinu. Trén mynda lítilsháttar skjól og gras og ýmis gróður tekur að vaxa í skjóli einstakra trjáa. Lerkisveppirnir, sem henta vel til matargerðar og hjálpa trjánum að þrífast í þurru landi, líta dagsins ljós. Uppbygging jarðvegs er hafin og rakaskilyrði batna. Tvítoppaklipping getur bætt mjög form trjánna og aukið verðmæti þeirra síðar.



Grisjun í 20 ára lerkiskógi á Hálsmelum þar sem áður var ber melur. Mynd / Pétur Halldórsson



Mynd af vel hirtum ungskógi lerkis. Mynd / Benjamín Davíðsson

### *Ár 15-20 – 1. Grisjun*

Lerki er ljóselsk trjátegund og vegna innbyrðis samkeppni trjánna um ljós hefst sjálfgrisjun snemma. Á þessu tímabili er því mikilvægt að mannshöndin komi inn og velji hvaða tré verða framtíðarstofnar timburskógarins og gefa verðmætustu trjánum pláss til vaxtar. Strax á þessu stigi má nýta afurðirnar sem girðingastaura, viðarskífur og eldivið. Undirgróður eykst og beitarskilyrði í skóginum batna enn frekar. Hæfilegt er að fækka stofnum niður í um 1200-1600 tré á hektara.

### *Ár 30 til 50 – Grisjunartímabil*

Markmið grisjunar er að færa vöxt skógarins yfir á beinvöxnustu trén en samhliða að nýta sem best þau tré sem felld eru við grisjunina. Eftir því sem skógurinn eldist hækkar hlutfall timburbola sem henta til flettingar í borðvið sem að jafnaði er verðmætasta afurð eldri skóga. Það sem ekki nýtist sem borðviður má t.d. nota til eldiviðar, í kurl eða sem kolefnisgjafa í kísilmálmiðnaði. Við 50 ára aldur er eðlilegt að fjöldi standandi trjáa hafi verið grisjaður niður í um 500 tré á hektara.

Ár 50 til 70 – Lokahögg: Umhirða skógarins á framleiðslutímanum miðast við að hámarka tekjur skógarins við lokahögg. Þá eru flest eftirstandandi tré beinvaxin og stór hluti timbursins nýtist til flettingar. Viður af lerki hefur góðan styrk og hentar sem byggingatimbur. Kjarnaviður lerkisins inniheldur náttúrulega fúavörn sem gefur viðnum betri endingu utandyra heldur en viður flestra annarra trjátegunda.



Fullvaxinn, vel hirtur lerkiskógur tilbúinn til lokahöggs. Mynd / Þór Þorfinnsson




Íslenskt grisjunartimbur á leið til Grundartanga. Mynd / Pétur Halldórsson

### *Hverju skilaði skógurinn á 60 ára tímabili?*

- Bætt beit frá 15 ára aldri
- Lerkisveppir á aldursskeiðinu 10 til 25 ára
- 400 girðingastaurar/ha við 20 ára aldur
- 170 m3/ha af timbri sem samsvarar um 4 timburbílum eins og á myndinni hér fyrir neðan. Þar af eru:
- 130 m3 viðar í t.d. kurl, eldivið og iðnaðarnot frá 30 ára aldri
- 40 m3 af borðvið, mest í lokahöggi

***Brynjar Skúlason***



# Velgengni og fall, óbærilegur harmur og djúpstæð sátt

**Veröld hefur gefið út skáldsöguna Draumrof eftir Úlfar Þormóðsson.**

Miðaldra maður uppgötvar að vinur hans frá fyrri tíð hefur skrifað bók þar sem hann notar atvik úr lífi mannsins og gerir þau að sínum. Hann ákveður að brjótast inn í tölvu rithöfundarins og upplýsa lesandann um hvað hann finnur þar. Samhliða því segir maðurinn sögu sína og konu sinnar af mikilli einlægni – sögu um velgengni og fall, óbærilegan harm og djúpstæða sátt.

Fimmtíu ár eru síðan fyrsta skáldsaga Úlfars Þormóðssonar kom út en eftir hann liggur fjöldi skáldsagna og verka af ýmsu tagi. Hann hlaut viðurkenningu úr Rithöfundasjóði Ríkisútvarpsins 2012 fyrir ritstörf sín.

Draumrof er 157 blaðsíður að lengd. Eyjólfur Jónsson sá um umbrot og hönnun innsíðna, Ragnar Helgi Ólafsson hannaði kápuna. Bókin er prentuð hjá ScandBook, Svíþjóð.




Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá
Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**
Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Fáðu heyrnartæki til prufu
Um árabil hefur Heyrnartækni veitt þjónustu víðs vegar um landið. Við bjóðum upp á mikið úrval vandaðra heyrnartækja í ólíkum verðflokkum. Kannaðu hvenær Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður næst í nágrenni við þig.



Akranes | Akureyri | Egilsstaðir | Ísafjörður | Reykjanesbær | Selfoss | Sauðárkrókur
Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á www.heyrnartaekni.is
Heyrnartækni
Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðaþjónusta | Sími 568 6880



ÓDÝR
Gleraugu með glampa- og rispuvörn
Verð 19.900 kr
Sérsmíðum samdægurs í styrk + / - 5.0 með cyl. til 2,0.
Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002
OPTIC REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook
Smáauglýsingar 56-30-300




JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

## Sæmundur sendur frá sér ævisögu Moniku frá Merkigili:

# Monika við móðurhné

**Bókaútgáfan Sæmundur hefur endurútgefið bókina Konan í dalnum og dæturnar sjö. Bók kom út árið 1954 og var söguhetjan Monika Helgadóttir þá 53 ára að aldri. Hún bjó þá og um áratugi þar á eftir ekkja á sínu afskekkta býli með sjö dætrum og einkasyni.**

Í sex áratugi hefur bókin Konan í dalnum og dæturnar sjö verið umsetin í fornbókaverslunum og á bókasöfnum. Hún nýtur nú meiri vinsælda en nokkur önnur bók Guðmundar G. Hagalín.

Í meðförum Hagalíns verður Monika á Merkigili ekki aðeins barnmörg húsfreyja í sveit heldur táknmynd íslensku sveitakonunnar. Konunnar sem borið hefur þjóð sína í móðurörmum og umvafið hana með fórnfýsi og kærleika öld eftir öld.

Blaið grípur hér ofan í annan kafla bókarinnar þar sem sagt er frá fæðingu og uppvexti Moniku.



Foreldrar, systkini og fóstursystkini Moniku.

### *Fæðing og uppvöxtur Moniku*

Monika fæddist 25. nóvember árið 1901, og var hún sjötta barn þeirra Margrétar og Helga. Hún var látin heita í höfuðið á Moniku Indriðadóttur frá Ölduhrygg í Svartárdal, konu Sigmundar Andréssonar frá Írafelli.

Monika var fram undir tólf ára aldur mjög svo smávaxin, en heilsuhraust var hún, frísk og fjörmikil. Hún var og snemma hörð af sér og áræðin, en að öðrum þræði mjög viðkvæm og tilfinningarík, og sein var hún að ná sér, ef eitthvað snart hana mjög óþægilega, enda er einhver hin fyrsta minning hennar bundin sárri sorg, sem hún varð fyrir, þá er hún var fárra ára gömul.

Vorið kom seint, var sífelldur kuldanæðingur af norðri og norðaustri, og sólar naut sjaldan og aðeins stutta stund í einu, því að inn yfir landið dreif ávallt gráa og nöturlega skýjaflota norðan úr nepjuheimum Íshafsins. Veturinn hafði ekki verið hagstæður norðlenzkum bændum, og víða í Skagafirði urðu menn heytæpir. Helgi á Ánastöðum hafði ekki um haustið átt minni hey en venjulega, en þau höfðu verið frekar létt og reynzt ódrjúg, og nú þóttist hann sjá fram á heyþrot, ef ekki brygði fljótlega til hins betra. Hann ákvað svo að slátra gemlingunum til þess að tyggja ærnar.

Haustið áður hafði Moniku verið eignuð svört gimbur með hvíta krúnu. Henni þótti mjög vænt um lambið, og þegar veður var gott, fékk hún að fara út í lambhús til þess að færa Krúnu sinni brauðbita og gera við hana gælur. Þegar Monika heyrði talað um að slátra lömbunum, greip hana kvíði og harmur. En hún bað samt ekki Krúnu sinni griða. Öllum systkinunum höfðu verið eignuð lömb, og Monika heyrði talað um lambaslátrunina eins og



Merkishjónin Jóhannes Bjarnason og Monika Helgadóttir með einkasoninn Skarphéðin.

neyðarúrræði, sem ekki yrði hjá komizt, og þó að Monika væri ekki gömul, hafði lífið þegar kennt henni það, að eitt eru óskir og þrár og annað ill nauðsyn. En þá er hún vissi, að faðir hennar var farinn út til sláturstarfanna, byrgði hún sig niður og grét sárt og lengi. Hún sá Krúnu litlu fyrri sér, sá hana mæna á sig sjúnum bænar og vonar, og af augum hennar hrukku tár, sem tindruðu eins og daggardropar á hinum svörtu og loðnu vöngum. Og lengi á eftir bar Monika í brjósti þungan trega. Allt í einu – og þá einkum, þegar hún var háttuð á kvöldin eða svo bar til, að hún vaknaði á nóttunni – sá hún í anda, hvar Krúna litla stóð og horfði á hana augum harms og ásökunar. Þá er þetta kom fyrir, setti stundum að Moniku sáran grát, og eitt sinn sagði móðir hennar og hristi höfuðið:

„Það held ég að veröldin muni oftar en einu sinni koma illa og ónotalega við þetta blessað barn!“

...

Þegar Monika var barn, hafði hún örugga trú á mætti bænarinnar, taldi sig hafa komizt að raun um það aftur og aftur, að þegar hún bæði heitt og innilega, hlyti hún bænheyrslu. Þá þóttist hún og fá reynslu fyrir því, að ýmsir þeirra drauma sem hana dreymdi, væru ekki markleysa.

Þegar hún var sjö ára, var það einu sinni seint á hausti, að á Ánastöðum hvarf gulbröndóttur högni. Hann var kallaður Brandur. Brandur var mjög blíðlyndur og gælinn, og börnin höfðu á honum mikið dálæti. Þau hörmuðu því hvarf hans og leituðu hans inni og úti. Foreldrar Moniku, sögðu að kötturinn hlyti að koma í leitirnar. Hann hefði ranglað eitthvað út um hagann á veiðar eða á næstu bæi til að þjóna eðli sínu. Það var spurt eftir honum á bæjunum, en enginn hafði orðið hans var.

„Kannski hann sé lagstur út, katt-ar-skömmin?“ sagði Helgi bóndi. „Það er svo sem nóg af hagamúsinni, og hver veit nema Brandur taki upp á að veiða rjúpur? Nógu er hann stór og sterkur til þess að geta það, og varla mun honum verða skotaskuld úr að læðast að þeim.“

En dagarnir liðu og urðu að vikum, og ekki kom Brandur. Börnin hörmuðu hann mikið, töluðu um hann og settu sér fyrir sjónir, að einn góðan veðurdag kæmi hann labbandi með mús eða fugl í trantinum, setti upp stýri og neri sér upp við þau, sleppti veiðinni á gólfið, eins og hann væri að afhenda hana börnunum, og mjálmaði svo á sinn langdræga og sérkennilega hátt. En þar kom, að börnin urðu úrkula vonar um að Brandur kæmi aftur – öll nema Monika. Hún minntist hans á hverju kvöldi í bænum sínum, bað guð heitt og ynnilega að gefa það, að Brandur skilaði sér, og hún gat ekki sleppt þeirri von, að guð mundi veita henni bænheyrslu. Hún fór út á hverjum morgni og svipaðist um eftir Brandi, og ef það kom fyrir að einhver minntist á hann, sagði hún ávallt:

„Hann Brandur á eftir að koma,“ eða: „Hann Brandur skilar sér.“

„Af hverju heldurðu það?“ sagði svo eitthvert af systkinum hennar.

„Ég veit það bara,“ svaraði hún.

Loks tók móðir hennar hana á eintal, sagði við hana:

„Þú átt ekki að vera að gera þér þessar tálvonir, Mona mín. Þú sérð það sjálf, ef þú athugar það, að Brandur getur ekki skilað sér héðan af. Það hefur ekkert til hans frétzt, og nú hefur verið snjór yfir öllu í langan tíma, svo að hann hlyti að hafa leitað til bæjar, ef hann hefði verið einhvers staðar úti um hagann. Maður verður að venja sig á að horfast í augu við það, sem fyrir kemur, eins og það er, og taka því með þolinmæði, þó að eitthvað sé öðru vísi en maður hefði viljað.“

Monika fór að skæla, en sagði þó:

„Ég veit, að hann Brandur á eftir að koma.“

Móðir hennar þagði andartak, en sagði síðan:

„Af hverju heldurðu það barnið mitt?“

„Af því að ég bið guð á hverju einasta kvöldi að gefa það, að hann Brandur skili sér.“

Aftur varð þögn.

„En heyrðu mig nú Mona mín,“ sagði móðirin því næst. „Guð gerir margt, sem við biðjum hann um að einlægni, en við erum skammsýn og hann er alvitur, og við getum ekki áttað okkur á, hvað honum muni sýnast rétt að bænheyra okkur um. En við megum ekki vera of smáleg í bænum okkar. Hugsaðu þér nú, að hann Brandur hafi með einhverju móti dáið daginn, sem hann hvarf, og þú veizt, að það liggur fyrir öllu lifandi að deyja fyrr eða síðar, blómin deyja og dýrin og mennirnir deyja.“

Jú Moniku fannst, að varla mundi guð láta Brand lifna við aftur, af hann væri dáinn, en hún þóttist viss um, að hann væri á lífi, og hún sagði við móður sína:

„En ég er bara viss um, að hann Brandur er lifandi.“

Móðirin varð enn þögul. En eftir nokkur augnablik stundi hún þungan, strauk Moniku um vangann og sagði:

„Jæja, Mona mín. Við skulum ekki tala meira um þetta. Þú áttar þig á þessu.“

En það var eins og Monika yrði aðeins vissari í sinni sök eftir þetta samtal mæðgnanna, var næstum eins og hvíslað hefði verið að henni: Vert þú alveg óhrædd! Hann Brandur á eftir að koma í leitirnar – bráðlifandi!

Á aðfangadag jóla var Ísfold litla beðin að fara og leysa hey í fjárhúshlöðunni og gefa á garðann. Þær fóru með henni, yngri systur hennar, Hólmfríður og Monika. Frá hlöðudyrunum var komin allmikil geil inn með öðrum veggnum,



Merkigil í Skagafirði.

en ennþá var hey uppi í rjáfrinu. Þegar Ísfold var tekin að leysa, datt niður geipimikil heyvisk, og féll hún milli systranna og dyranna. Systurnar litu upp á stálið, sáu þar glóra í tvær gular, kringlóttar týrur. Svo kvað við langdregið mjálm, og allt í einu döluðu týrurnar gulu niður á hlöðugólfið, og svo stóð þar þá gulbröndóttur köttur, setti upp kryppu og stýri og neri sér við fótleggi Moniku.

Það var Monika, sem bar Brand til bæjar. Hún fór með hann rakleitt inn í eldhús, þar sem móðir hennar stóð við matseld. Margrétu húsfreyju féllust hendur. Hún starði á þau, Brand og Moniku, og síðan leit hún á Ísfold og Hólmfríði, sem stóðu þarna og ljómuðu af gleði. Og nú sagði Ísfold frá því, sem gerzt hafði í fjárhúshlöðunni. Margrét sagði ekki eitt einasta orð. Hún strauk Moniku um vangann, leit snöggvast á Brand og tók síðan til við verk sitt.

Um kvöldið lá við, að fögnuðurinn yfir endurheimt Brands skyggði á sjálfa jólagleði barnanna á Ánastöðum.

Harðindavorið 1910 komust margir íslenzkir bændur í heyþrot, og sums staðar mun hafa fallið fé. Í Skagafirði var ástandið ekki gott. Helgi á Ánastöðum hafði átt mikil hey, þegar vetur settist að, og þau entust honum furðu vel. En þar kom, að honum tók ekki að lítast á blikuna. Maður er nefndur Sveinn Sigurðsson. Hann bjó á Giljum, fremsta bæ í Vesturdal. Það eru landgæði mikil og landrými, og vetrarbeit er þar örugg og kjarngóð í svokölluðum Þorljótsstaðaruna. Þeim Sveini og Helga á Ánastöðum var vel til vina, og þá er Helgi þóttist sjá sitt óvænna gagnvart harðindunum, fór hann til fundar við Svein og bað hann um leyfi til að reka fé í runnann. Sveinn kvað honum það heimilt, og þegar Helgi kom heim var hann mjög glaður. Fé hans var vel undan, og taldi hann víst, að það mundi bjargast af beitinni.

Nóttina áður en helgi hafði hugsað sér að halda af stað með fjárhópinn, dreymdi Moniku, að hún var stödd í dyrum úti og horfði á föður sinn fljúgast á við hvítt naut í hlaðvarpanum. Atgangur þeirra Helga og nautsins var harður og alllangur, en loks hafði Helgi nautið undir, tók upp hníf sinn og skar það þarna í varpanum. Fossaði úr því blóðið og rann niður á tún.

Þegar Monika vaknaði, datt henni þegar í hug, að draumurinn væri fyrir því, að hláka væri í vændum. Hún sagði svo við föður sinn:

„Pabbi minn, – ég held þú þurfir ekki að reka féð. Ég hugsa, að það komi hláka.“

Faðir hennar leit undrandi á hana og sagði:

„Af hverju dregurðu það, barnið mitt?“

Monika sagði honum drauminn og kvaðst viss um, að hann væri fyrir hláku. Faðir hennar þagði um hríð, en svo hló hann og sagði:

„Ekki er mark að draumum, stendur í einni af Íslendingasögunum, og ég held að ég eigi ekki undir því, að draumurinn þinn komi fram. Ég rek féð í dag, eins og ég hafði ætlað mér.“

En Monika lét ekki segjast. Hún bað föður sinn að bíða með að reka, þó að ekki væri nema einn eða tvo daga. Helgi sagðist ekki anza henni. Hann væri þegar orðinn heylaus fyrir féð, og hann færi ekki að svelta það eða taka hey handa því frá kúnum í blindri trú á draum Moniku.

Nokkru fyrir hádegi hélt Helgi af stað með allt sitt fé, en komst ekki lengra um kvöldið en að Goðdölum. Næstu nótt gekk í asahláku, og daginn eftir varð Helgi að halda kyrru fyrir í Goðdölum með fjárhópinn. Síðan hélt hann heim með fé sitt, því að nú voru hvarvetna komnir upp nógir og góðir hagar.

Þegar Helgi hitt Moniku, klappaði hann á kollinn á henni og sagði brosandi:

„Ég hefði átt að lofa þér að ráða, greyið mitt! En það er nú svona og svona að eiga afkomu sína undir draumspám telpuhnokka á níunda ári.“


# Liprar ódýrar fjárgrindur





Einstaklega léttar og meðfærilegar fjárgrindur. Stærð 180 x 90 cm.
Hægt að stilla upp á marga vegu.
Engar festingar, auðvelt að krækja saman.

**Verð á einni fjárgrind kr. 7.900 auk vsk.**
**Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð á grind kr. 6.900 auk vsk.**

***Takmarkað magn.***

# Lambheldar hliðgrindur



Þessar grindur hafa löngu sannað gildi sitt. Ódýrar, traustar og einfaldar í uppsetningu.

Stærð: Breidd 427 cm, hæð 110 cm. Möskvastærð 10 x15 cm.

**Verð á einni grind kr. 24.900 auk vsk.**
**Ef keyptar eru 2-4 grindur, verð á grind kr. 22.900 auk vsk.**
**Ef keyptar eru 5 grindur, verð á grind kr. 19.000 auk vsk.**

***Gerið verðsamanburð.***

**Pöntunarsímar**
**669 1336 og 899 1776**
**www. aurasel.is**

AURASEL
Meira fyrir aurinn

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
**Næsta blað kemur út 21. september**

UTAN ÚR HEIMI

## Nortura í Noregi:

# Nýtir kjöt af varphænum í hakk til manneldis

**Nortura í Noregi hefur gert samning við þarlent fyrirtæki, Vingulmark, um að vinna saman að lífrænni eggjaframleiðslu og að nýta hænurnar í lok tímabilsins til manneldis sem áður var fargað sem úrgangi.**



Úr erlendu alifuglasláturhúsi. Mynd / HKr.

Þetta er nýnæmi í Noregi og kemur í kjölfar neytendaþáttar hjá norska ríkissjónvarpinu sem sýndi að Svíar nýta hænur til manneldis í lok varptímans og úr þeim er meðal annars gert hænsnahakk og -bollur.

Vingulmark selur árlega um 180 tonn af lífrænum eggjum til verslana og í stóreldhús. Eggin koma frá tveimur sveitabæjum í Østfoldfylkinu sem hafa hingað til látið slátra hænunum með gasaðferð sem síðan eru flokkaðar sem úrgangur og nýttar í fóðurgerð.

Hænsnakjöt er dýrindisgott og hægt að nýta í marga góða matrétti.

Með samvinnunni vill Nortura bæta ímynd sína með því að huga enn frekar að sjálfbærni og umhverfisstefnu til að stemma stigu við matarsóun. Nortura mun sjá um að pakka bæði hænsnakjötinu og eggjunum í neytendapakkningar en í verslunum verður varan merkt sem lífræn frá Vingulmark. */ehg - Bondebladet*





Twenty One
FLUGNAEITUR
Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt

Sölustaðir:
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnvetninga
Verslunun Eyri
Vélaval

STREYMI heildverslun
Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4
603 Akureyri
S 588 2544
N streymi@streymi.is
V www.streymi.is





TIL SÖLU

Leigulóð í Grafningi ásamt kaffiskúr

Til sölu 2.500 fermetra (1/4 ha) sumarhúsaland í landi Króks og Grímkelsstaða í Grafningshreppi. Í um 45 mín. akstursfjarlægð frá Reykjavík. Landið er leigulóð og eru 35 ár eftir af leigusamningi. Afskekkt land þar sem ríkir kyrrð og ró í fögrum fjallasal. Mikið og fallegt útsýni.

Á landinu er 15 fermetra geymslu- og kaffiskúr sem er vel einangraður en þarfnast viðhalds. Lóðin er afgirt og vegarslóði er að henni. Ekkert rafmagn eða vatn er á staðnum. Gott fjarskiptasamband. **Verð: Tilboð**

*Upplýsingar veittar í síma 823-3340 og í netfangið jonina. bjorg.gisladottir@gmail.com. Myndir sendar í tölvupósti.*


Á FAGLEGUM NÓTUM



Pronsfeld er lítið 1.000 manna þéttbýli í vesturhluta Þýskalands og er Pronsfeld í lýðveldinu Rhineland-Palatinate, sem er eitt af 16 lýðveldum sem standa að sambandslýðveldinu Þýskalandi. Pronsfeld lætur lítið yfir sér en upp á hæðinni ofan við bæinn má sjá hina umfangsmiklu afurðastöð Arla.

## MUH – samvinnufélag kúabænda í Þýskalandi, Lúxemborg og Belgíu:

# Ein stærsta afurðastöð Evrópu

**Í sumar fóru 24 útskriftarnemendur frá búfræðibraut Landbúnaðarháskólans í útskriftarferð til Þýskalands, Lúxemborgar, Belgíu og Hollands. Ferðin lá um höfuðborgirnar í síðasttöldu þremur löndunum, en hófst í ármótaborginni Koblenz í Þýskalandi – þar sem árnar Rín og Mósel falla saman.**



Hjá félaginu í Pronsfeld starfa um 1 þúsund manns og er vinnslan keyrð allan sólarhringinn. Innvigtun mjólkur er í dag sú næstmesta á einum stað í Evrópu eða um 1,6–1,7 milljarðar kílóa á ári.

Þema ferðarinnar var, auk þess að heimsækja höfuðborgirnar þrjár, að kynna sér landbúnað á hinum heimsóttu svæðum og var m.a. farið á Libramont landbúnaðarsýninguna, en frá henni var einmitt greint lauslega í síðasta blaði. Í ferðinni var farið í fjölbreyttar faglegar heimsóknir bæði til bænda og fyrirtækja í landbúnaði og verður hér gerð stuttlega grein fyrir einni þeirra, til mjólkurvinnslustöðvar Arla í Pronsfeld í Þýskalandi.

### *Mikilvæg staðsetning Pronsfeld*

Pronsfeld er lítið 1.000 manna þéttbýli í vesturhluta Þýskalands og er Pronsfeld í lýðveldinu Rhineland-Palatinate, sem er eitt af 16 lýðveldum sem standa að sambandslýðveldinu Þýskalandi. Pronsfeld, sem stendur í rúmlega 300 metra hæð yfir sjávarmáli, er nánast á landamærum Þýskalands, Lúxemborgar og Belgíu og þaðan er einnig afar stutt yfir til Frakklands. Vegna þessarar afar góðu legu Pronsfeld ákvað framleiðenda samvinnufélagið MUH að byggja upp vinnslustöð þarna og var það gert árið 1967.

MUH, sem var samvinnufélag kúabænda í Þýskalandi, Lúxemborg og Belgíu, var afar framsýnt félag og var strax horft til vinnslu á geymsluþolinni mjólk og mjólkurvörum og varð MUH fljótt stærsta félagið á sínu sviði í Evrópu. Árið 2011 voru félagsmenn MUH 2.400 og nam innvigtunin í Pronsfeld á þeim tíma 1,3 milljörðum kílóa. Þrátt fyrir sterka stöðu á sviði G-vöru framleiðslu var rekstur MUH erfiður árin eftir hrun og því ákvað stjórn félagsins að leita til annarra og stærri afurðafélaga með samruna í huga. Úr varð að félagið rann inn í Arla árið 2012, sem þá var samvinnufélag kúabænda í Danmörku, Svíþjóð, Þýskalandi, Hollandi og Englandi.

Eftir sameininguna voru kúabændurnir sem stóðu að Arla orðnir nærri 14 þúsund og innvigtun mjólkur á þessum tíma var þá um 14 milljarðar kílóa hjá félaginu. Síðan hefur félagið haft hægt um sig á markaðnum og hefur eigendum fækkað jafnt og þétt eftir því sem bú hætta eða bændur draga sig út úr rekstri t.d. vegna aldurs.

Í dag eru eigendur félagsins um 12.500, starfsmenn þess um 19 þúsund og eru mjólkurvörur Arla seldar til fleiri en 100 landa.

### *Næststærsta afurðastöð Evrópu*

Stjórn Arla ákvað fljótt að nýta heppilega staðsetningu afurðastöðvarinnar í Pronsfeld og var bæði ákveðið að byggja upp enn frekari afurðavinnslu í stöðinni auk þess að nýta hana sem dreifingarmiðstöð fyrir hluta af vörum félagsins.

Hjá félaginu í Pronsfeld starfa um 1 þúsund manns og er vinnslan keyrð allan sólarhringinn. Innvigtun mjólkur er í dag sú næst mesta á einum stað í Evrópu eða um 1,6-1,7 milljarðar kílóa á ári. Mjólkin er sótt til rúmlega 2 þúsund kúabúa í um 250 kílómetra radíus frá Pronsfeld og kemur mjólkin frá löndunum fjórum sem áður hafa verið nefnd. Þess má reyndar geta að frönsku kúabændurnir sem leggja inn




Þegar mjólkin er sótt á búin er mjólkursýni tekið sjálfvirkt í mjólkurbílnum og fer það svo til rannsóknar hjá sjálfstæðri rannsóknastofu sem ekki er á vegum félagsins.


Mjólkin er sótt til rúmlega 2 þúsund kúabúa í fjórum löndum í um 250 kílómetra radíus frá Pronsfeld.

mjólk í Pronsfeld eru ekki aðilar að framleiðenda samvinnufélaginu og selja því mjólk sína til félagsins í verktöku. Þeirra mjólk er svo pakkað sérstaklega í franskar umbúðir og réttilega merkt sem frönsk mjólk og fer því til sölu í Frakklandi.

Þó svo að innvigtunin hafi aukist verulega á einungis fimm árum stefnir félagið á enn frekari vöxt í Pronsfeld og gerir áætlun þess ráð fyrir að árið 2020 verði innvigtunin komin í 2 milljarða kílóa.

### *Krefst góðrar skipulagningar*

Með svona mikla vinnslugetu, upp á um 5 milljónir lítra á degi hverjum, þarf eðlilega mikla flutninga til og frá staðnum. Í afurðastöðinni í Pronsfeld er því sérstök flutningamiðstöð Arla þar sem 3-400 flutningabílar fara um á hverjum sólarhring. Þeim til viðbótar koma svo mjólkurbílarnir en þeir sækja mjólk frá 1.200 búum á degi hverjum.

Mjólkurbílarnir sækja mjólk á hvert bú annan hvern dag og geta mjólkurbílarnir komið hvenær sem er til bændanna, jafnt að degi sem nóttu. Þegar mjólkin er sótt á búin er mjólkursýni tekið sjálfvirkt í mjólkurbílnum og fer það svo til rannsóknar hjá sjálfstæðri rannsóknastofu sem ekki er á vegum félagsins. Að sögn Marc er þetta gert til þess að ekki skapist hætta á hagsmunaárekstrum á milli Arla og bændanna, enda ákvarðast afurðastöðvaverðið til bændanna af efnainnihaldi prufanna.

### *30 mjólkurbílar*

Alls eru 30 mjólkurbílar í því að safna mjólk á degi hverjum og það þarf því eðlilega mikla afkastagetu til þess að geta tekið við allri þessari mjólk. Í móttökustöð mjólkurinnar geta 3 bílar losað mjólk samtímis fyrir aðalvinnslu afurðastöðvarinnar og 2 bílar geta losað mjólk þar sem duftframleiðslan fer fram.

Áður en bílarnir eru tæmdir er mjólkin þó rannsökuð til þess að tryggja að mjólkin sé í lagi s.s. innihaldi ekki lyfjaleifar eða sé skemmd. Eftir gæðapróf er mjólkinni svo dælt yfir í einn af 11 sílótönkum móttökustöðvarinnar, en


Áður en bílarnir eru tæmdir er mjólkin þó rannsökuð til þess að tryggja að mjólkin sé í lagi, s.s. innihaldi ekki lyfjaleifar eða sé skemmd.

hver þeirra tekur 600 þúsund lítra hrámjólkur.

### *Fimm ólíkar gerðir hrámjólkur*

Þegar mjólkin hefur verið veginn inn í afurðastöðina getur mjólkin farið í fimm mismunandi vinnslulínur en það fer allt eftir uppruna mjólkurinnar. Þannig er ein lína notuð fyrir hefðbundna mjólk, önnur fyrir mjólk frá kúm sem fara á beit, sú þriðja frá kúm sem fá einungis fóður sem ekki inniheldur erfðabætt hráefni (NonGM), sú fjórða er einnig fyrir NonGM mjólk en frá kúm sem fara á beit og fimmta og síðasta línan er fyrir lífrænt vottaða mjólk. Öllum þessum hrámjólkurtegundum er haldið algjörlega aðskildum í gegnum alla vinnsluna hvort sem mjólkin fer í duft, G-mjólk eða aðrar afurðir.

### *600 mismunandi umbúðir fyrir G-mjólkurvörur*

Eins og fyrr segir er afurðastöðin í Pronsfeld upphaflega byggð fyrir G-vöru framleiðslu og þó svo að margar gerðir G-mjólkur séu fáanlegar eru í raun þrjár megin gerðir ráðandi, en það mjólk með 3,5% fituinnihaldi, með 1,5% fituinnihaldi og 0,3% fituinnihaldi.

Vegna hinnar miklu sérstöðu vinnslunnar í Pronsfeld er samkeppnisstaða vinnslunnar svo sterk að segja má að Arla sé ráðandi á þessum markaði í Evrópu. Nú er t.d. svo komið að félagið pakkar G-mjólk fyrir marga aðra aðila einnig og pakkar það nú G-mjólk í um 600 mismunandi pakkningar sem eru sérmerktar ýmsum öðrum. Þegar íslensku gestina bar að garði var auðvitað verið að pakka G-mjólk í margar mismunandi pakkningar og á mörgum þeirra var nafn Arla hvergi að sjá.

### *30 þúsund tonn af mjólkurdufti*

Þó svo að stór hluti allar innveginnar mjólkur hjá Arla í Pronsfeld fari í vinnslu á geymsluþolnum drykkjarvörum þá hefur félagið einnig byggt upp tvær afar stórar sérhæfðar vinnslustöðvar til viðbótar á svæðinu.

Önnur er sérhæfð í framleiðslu á Kærgaarden, sem er vara sem líkja má við okkar Smjörva, en hin er sérhæfð í framleiðslu á mjólkurdufti sem notað er sem grunnhráefni í mjólk fyrir ungabörn. Sú vinnsla er afar sérhæfð og vegna strangra krafa um öryggi er duftvinnslan með sér innvigtun á mjólk og eru framleiðslubyggingarnar aðskildar frá öðrum byggingum á svæðinu. Í þessari aðstöðu eru svo unnin um 30.000 tonn af dufti árlega eða úr 250-300 milljónum lítra mjólkur.

### *Umhverfisvæn vinnsla*

Til afurðastöðvarinnar heyra 75 hektarar lands og í dag eru 35 þeirra þegar teknir í notkun undir margskonar húsakost og vegi en að sögn Marc Nidercorn, starfsmanns Arla sem sá um kynninguna í Pronsfeld, þá er stefnt á enn frekari uppbyggingu á svæðinu og því muni koma sér vel að hafa til umráða alla þessa hektara. Þá rekur félagið sína eigin hreinsistöð fyrir vatn, enda nota afurðastöðvar afar mikið af vatni bæði við framleiðslu og þrif.

Allt frárennsli fer um þar til gerðan hreinsibúnað og í sérstakar settjarnir og er vatnið endurunnið eins mikið og hægt er. Að sögn Marc fara nú 0,6 kg vatns til vinnslu á hverju kílói mjólkur, sem ku víst vera afar lítil vatnsnotkun við mjólkurvinnslu.

Þá er félagið með vindmyllu á staðnum sem framleiðir rafmagn til vinnslunnar og sér hún vinnslunni fyrir þriðjungi þeirrar raforku sem notuð er á staðnum.

*Snorri Sigurðsson*
*sns@seges.dk*


MUH rann inn í Arla árið 2012, sem þá var samvinnufélag kúabænda í Danmörku, Svíþjóð, Þýskalandi, Hollandi og Englandi.








## Styrkir til rannsókna og þróunarverkefna í nautgripa- og sauðfjárrækt

**Framleiðnisjóður landbúnaðarins** auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til rannsókna og þróunarverkefna í nautgripa- og sauðfjárrækt samkvæmt reglugerð um almennan stuðning við landbúnað nr. 1240/2016.

**Í nautgriparækt** eru þau verkefni styrkhæf sem talin eru styrkja íslenska nautgriparækt og fela í sér rannsóknir og þróunarverkefni.

**Í sauðfjárrækt** eru hver þau verkefni styrkhæf sem talin eru styrkja íslenska sauðfjárrækt og falla undir það að vera kennsla, rannsóknir, leiðbeiningar og/eða þróun í sauðfjárrækt.

**Umsókn skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:**

a) Yfirlit um tilgang og markmið verkefnisins, þ.m.t. rökstuðningur fyrir því hvernig það fellur að þeim markmiðum sem tilgreind eru hér að ofan og hvernig það gagnast viðkomandi búgrein að öðru leyti.
b) Listi yfir alla sem eiga aðild að verkefninu.
c) Tímaáætlun verkefnisins.
d) Fjárhagsáætlun verkefnisins í heild.
e) Hvar og hvernig niðurstöður verkefnisins verða kynntar.

**Umsóknarfrestur er til 1. október n.k.**

Reglur um styrkina og umsóknareyðublöð er að finna á **www.fl.is/þróunarfé**. Aðeins er tekið við umsóknum á eyðublöðunum sem þar er að finna.

**Umsóknum skal skilað til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyri 311 Borgarnes, merktum: Umsókn um þróunarfé.**

Nánari upplýsingar veitir Þórhildur Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri **Framleiðnisjóðs landbúnaðarins** hjá **thorhildur@fl.is.**

*Framleiðnisjóður landbúnaðarins*
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes
Sími 430-4300

# Lífrænn bóndabær – Braun í Þýskalandi

Christina Stadler
auðlinda- og
umhverfisdeild LbhÍ
christina@lbhi.is



**Í vor, 2017, sótti höfundur lífræna ráðstefnu í Þýskalandi. Þar var meðal annars skoðaður bóndabær Irene og Josef Braun í Freising. Frá 1988 er þessi bóndabær í lífrænu samtökunum Bioland e.V. sem er með strangari reglur en Evrópusambandið um lífræna vottun (ESB nr. 834/2007).**

Braun-fjölskyldan hefur aftur og aftur gert verðmæta frumkvöðlavinnu á mörgum sviðum. Josef Braun er þekktur í Þýskalandi fyrir framlag sitt fyrir frjósemi jarðvegs. Hann er alltaf að prófa nýjar og oft óhefðbundnar leiðir, sem hann kynnir í erindum og við móttöku hópa á bæ sínum.

***Braun er með tvær aðaláherslur á bæ sínum:***

- Mjólkurframleiðsla: 22 mjólkurkýr, 1 kynbótanaut og nautgripi
- Plöntuframleiðsla: 17 ha graslendi, 38 ha ræktunarlandi (kornrækt, smári)

***Sáðskipti:***
- Smári (tvíær)
- Hafrar
- Vetrarhveiti
- Smári (einær)
- Hafrar eða fóðurblanda af korni og ertublómaætt
- Vetrarrúgur



Mynd 1: Nautgripir og svín saman í hallandi hálmstíu.



Mynd 2: Nautgripur og svín leika saman.



Mynd 3: Hús fyrir varphænur.



Mynd 4: Heyþurrkun og geymsla.



Mynd 5: Akrar umkringdir trjám.

Frá 1984 hefur Josef ekki notað plóg og frá 1994 hefur hann unnið lágmarks jarðvinnu án þess að losa jarðveg og án þess að stjórna illgresi.

Aðeins efstu 6 cm eru losaðir áður en sáning fer fram. Jarðvegurinn er alltaf með jarðvegsþekju út af millirækt og ertublómaætt. Hlutverk jarðvegsþekju er að verja jarðveginn fyrir þornun, ljósi og rofi og tryggja stöðugt framboð af lífrænum efnum. Með blöndu af plöntum í sáðskipti sem hafa rætur sem fara mis djúpt niður, grunnar- (t.d. hvítsmári), miðdjúpar- (t.d. rauðsmári) og djúpar (t.d. refasmári), er hægt að ná 100% útbreiðslu róta á jarðvegssvæðinu. Með þessu móti ná plöntur að nýta steinefni og snefilefni niður á allt af 4 m dýpi.

Josef trúir að dýrin í jarðveginum framleiði allt sem plöntur þurfa. Ánamaðkar eru viðurkennd vísbending um frjósemi jarðvegs og með fjölgun ánamaðka fjölgar öðrum dýrum í jarðvegi í viðeigandi hlutföllum.

Ánamaðkar framleiða ánamaðkaskít sem inniheldur köfnunarefni. Ánamöðkum í jarðvegi á bóndabæ Braun fjölgar stöðugt og er meira en 300 ánamaðkar / m2. Til samanburðar er bara 16 ánamaðkar / m2 á hefðbundnum bóndabæ. 300 ánamaðkar / m2 framleiða 40 t af ánamaðkaskít á ári sem samsvarar 140 kg N / ha. Þar sem jarðvegurinn er fullur af rótum, ánamöðkum fjölgar og ekki er farið um ræktað land með þung tæki er þjöppun lítil og engin þörf á að losa jarðveginn að sögn Josefs.

Kúaskítur er geymdur úti undir þaki í 6 vikur. Þar sem skíturinn er of blautur er bætt við lífrænum úrgangi, trjágreinum, möluðu bergi og viðarkolum. Þannig er hægt að ná góðu C:N hlutfalli og réttum raka. Þessi blanda er blönduð tvisvar í viku og loftræst er fjórum sinnum á dag til að ábyrgjast súrefni.

Jarðgerðin tekur 6 vikur þar til rotmassinn er þroskaður. Öll fræ af illgresi og sýklar drepast í jarðgerðinni. Josef horfir ekki á rotmassa sem áburð í hefðbundnum skilningi, heldur sem súrdeig fyrir jarðveg til að efla lífverur „jarðvegplöntur" til að lifna aftur.

Mjólkurkýr og nautgripir eru í hallandi hálmstíu (Tretmiststall) sem var byggð árið 1988 (mynd 1). Dýrin geta valið um að éta hey í fjósinu eða gras á graslendi. Þau hafa möguleika á að fara út allt árið. Fyrir utan hey og gras fá kýrnar gallað korn í hvert sinn sem mjaltir fara fram. Meðaltal af mjólkurframleiðslu er 6.800 lítrar af mjólk á kú á ári.

### *Kýrnar bera í hjörðinni*

Að meðaltali hafa liðið 348 dagar á milli burða hjá kúnum síðastliðin 10 ár. Kýrnar bera í hjörðinni og kálfarnir eru u.þ.b. 14 daga hjá móður áður en þeir eru settir í stíu fyrir kálfa. Þeir eru aldir á nýmjólk þar til þeir ná allt að 180 kg.

Þrír til fjórir kálfar eru notaðir til að viðhalda stofninum og ganga undir fósturkú fyrsta árið auk þess að fá hey. Á meðal kúnna eru sex svín (mynd 2).

Þar sem nóg pláss er fyrir hendi, er það enginn vandi. Josef telur að vegna góðs fóðurs aukist mjólkframleiðslan og frjósemi nautgripanna, heilsan batnar og það hefur líka áhrif á bragð mjólkur og notagildi hennar til framleiðslu á osti.

Mjólk er unnin á bænum og mismunandi ostar framleiddir. Markaðssetning er svæðisbundin, framleiðandi-neytandi samfélag „Tagwerk" og að hluta til áskriftarkassar. Jafnvel kjöt er unnið af slátraranum og kjötvörur seldar beint. Að auki eru á bænum Braun varphænur og kjúklingar (mynd 3).

### *Plönturnar ekki þurrkaðar á graslendi*

Plönturnar eru ekki þurrkaðar á graslendi, vegna þess að næringarrík lauf myndu tapast og stönglar verða afgangs (mynd 4). Eins og margar vísindalegar rannsóknir hafa sýnt, hefur samsetning fóðurs mikil áhrif á gæði mjólkur, og einkum samsetningu mjólkurfitu. Ef kýr éta aðallega hey (í staðinn fyrir hátt hlutfall af kjarnfóðri og maís í hefðbundinni fóðrun), er það heilsueflandi fyrir fólk til að fá nauðsynlegar omega-3fitusýrur.

### *Rafmagn framleitt með viðarkolum og askan nýtt*

Á bænum er fræ af hnappakornblóm (Centaurea jacea L.), selgresi (Plantago lanceolata L.), villt gulrót (Daucus carota subsp. carota) og garðakornblóm (Cyanus segetum Hill) framleidd. Að auki eru þau með 5 ha skóg. Josef gerir tilraunir með að blanda saman landbúnaði og skógrækt sem kallað er „agroforestry" (mynd 5).

Síðan 2009 er á bæ Braun framleitt rafmagn (30 kW) og hita (66 kW) með viðarkolum sem hann vinnur úr skóginum, það gefur kost á að þurrka hey og korn og nota hita fyrir fjós og íbúðarhús ásamt hitun á vatni fyrir framleiðslu á osti.

Við notkun á viðarkolum safnast aska sem hefur jákvæð áhrif á jarðvegsfrjósemi með því að auka moldarframleiðslu í ræktuðu landi verulegur.

Kjarninn: Aðeins í heilbrigðum jarðvegi vaxa heilbrigðar plöntur sem gefur holt fóður fyrir heilbrigðar kýr sem gefa góða mjólk fyrir góðan ost.

# Skýrsluhald í jarðrækt er nú forsenda jarðræktarstyrkja og landgreiðslna

**Borgar Páll Bragason**
fagstjóri í nytjaplöntum
hjá RML
bpb@rml.is



**Athygli er vakin á því að í rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins eru ákvæði um jarðræktarstyrki og landgreiðslur sem hafa ekki áður verið til staðar í samningum milli ríkis og bænda. Forsendan fyrir því að hljóta slíka styrki er meðal annars skil á skýrsluhaldi í jarðrækt í forritinu Jörð.is.**

Til ráðstöfunar er ákveðið fjármagn sem skal úthluta til jarðræktar, þ.e. nýræktar og endurræktunar á túnum, kornræktar og ræktun annarra fóðurjurta og útiræktunar á grænmeti. Landgreiðslur eru hins vegar greiddar út á ræktað land sem er uppskorið til fóðuröflunar. Fjöldi styrkhæfra hektara sem sótt verður um fyrir á landsvísu ræður síðan hve hár styrkurinn verður.

Samkvæmt reglugerð 1240/2016 um almennan stuðning við landbúnað skal sækja um jarðræktarstyrki og landgreiðslur eigi síðar en 20. október en það er Matvælastofnun sem hefur með úthlutun styrkjanna að gera.

Til þess að standast skilyrði um fullnægjandi skýrsluhald í jarðrækt þarf að uppfylla eftirfarandi skráningar samkvæmt reglugerðinni. Athugið að túnkort þarf að vera til staðar í Jörð.is.

- Nafn og/eða númer spildu.
- Hnitsetning spildu byggð á landupplýsingakerfi (LUK) sem byggir á stafrænu túnkorti. Túnkortið á að sýna nákvæmlega þær ræktunarspildur sem eru grundvöllur að styrkjum.
- Ræktun, þ.e. gras, grænfóður, korn, olíujurtir eða útiræktað grænmeti.
- Tegund og yrki, þegar sótt er um jarðræktarstyrk.
- Stærð spildu í hekturum.
- Ræktunarár, ef ræktað síðastliðin 5 ár.
- Heildaruppskeru í kg þurrefnis fyrir hverja spildu.
- Heildaruppskeru í kg í útiræktuðu grænmeti.

Ráðunautar Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins taka að sér að útbúa form til skráningar á ræktun og uppskeru í samræmi við fyrirliggjandi túnkort en það kann að vera ástæða til að byrja á að tryggja að túnkortið sé í samræmi við þá ræktun sem er fyrir hendi. Einnig tekur RML að sér að skrá skýrsluhaldið fyrir þá sem þess óska.

Innheimt er fyrir þessa þjónustu samkvæmt tímaskráningu og gildandi gjaldskrá.

Þeir sem óska eftir þjónustu RML í þessum efnum ættu að huga að því fyrr en seinna svo raunhæft verði að sækja um jarðræktarstyrki og landgreiðslur innan tilsetts tíma.

Nánari upplýsingar veita Borgar Páll Bragason (bpb@rml.is) Guðfinna Lára Hávarðardóttir (glh@rml.is) og Eiríkur Loftsson (el@rml.is, hjá RML í síma 516-5000.

# Meira af fóðurefnagreiningum

**Í síðasta Bændablaði var sagt frá því að gróffóður væri grundvöllur búvöruframleiðslu af nautgripum og sauðfé hér á landi. Þar var rætt um fenagreiningarþjónustu og bent á ráðgjafa sem því sinna. Þar féll hins vegar niður smá klausa um fleiri leiðir til að óska eftir heysýnatöku og mælingum og biðst blaðið velvirðingar á því.**

Eins og á liðnu ári er ástæða til að hvetja sauðfjárbændur til að láta efnagreina sín hey. Markviss fóðrun búfjár byggist á upplýsingum um efnainnihald fóðursins sem gefið er.

***Hvert geta bændur snúið sér?***

Við hvetjum alla bændur; – kúabændur, sauðfjárbændur, hrossabændur – til þess að kynna sér þessa mikilvægu þjónustu og nýta sér hana. Þær upplýsingar sem fást gegnum fóðurefnagreiningar nýtast ekki eingöngu varðandi fóðrun heldur ekki síður við ákvörðun á áburðargjöf.

Þeir sem hafa áhuga á því að taka þátt í fóðuráætlanagerð fyrir mjólkurkýr með NorFor kerfinu, - eða fóðurráðgjöf / fóðuráætlanagerð fyrir sauðfé og jafnframt nýta sér efnagreiningarþjónustu samkvæmt samningi RML og Eurofins / BLGG, vinsamlega hafi samband við einhvern af eftirtöldum ráðgjöfum RML.

Baldur Örn Samúelsson, sími 516-5020. Vesturland E-póstur baldur@rml.is

Guðfinna L. Hávarðardóttir, sími 516-5067. Norðurland vestra E-postur glh@rml.is

Harpa Birgisdóttir, sími 516-5048. Norðurland vestra E-póstur: harpa@rml.is

Eiríkur Loftsson, sími 516-5012 Skagafjörður. E-póstur: el@rml.is

Sigurlína E. Magnúsdóttir, sími 516-5046 Skagafjörður. E-póstur sigurlina@rml.is

Berglind Ósk Óðinsdóttir, sími 516-5009 Norðurland eystra. E-póstur boo@rml.is

Elín Nolsöe Grethardsdottir, sími 516-5066 Norðurland eystra. E-póstur elin@rml.is

Steinunn A. Halldórsdóttir, sími 516-5045 Norðurland eystra. E-póstur sah@rml.is

Anna Lóa Sveinsdóttir, sími 516-5006 Austurland E-póstur als@rml.is

Jóna Þórunn Ragnarsdóttir, sími 516-5029 Suðurland. E-póstur jona@rml.is

Hjalti Sigurðsson, sími 516-5072 Surðurland. E-póstur hjalti@rml.is

Gunnar Guðmundsson, sími 516-5022 Vesturland / Vestfirðir E-póstur gg@rml.is

Einnig er hægt að hafa samband við skiptiborð á starfsstöðvum RML (sími 516 5000) til að óska eftir heysýnatöku eða til að óska eftir fóðurráðgjöf / fóðuráætlanagerð. Nú þegar er hægt að panta heysýnatöku og í framhaldinu fóðurráðgjöf / fóðuráætlanagerð á heimasíðu RML www.rml.is. Ráðunautar RML stefna að því að hefja sýnatöku hjá bændum í ágúst.

Efnagreiningar ehf. á Hvanneyri mun einnig sinna efnagreiningaþjónustu fyrir bændur. RML liðsinnir bændum með sýnatöku og túlkun niðurstaðna þeirra, hvar svo sem þeir kjósa að láta efnagreina sitt fóður.

***Gunnar Guðmundsson, RML***

# Sýnataka úr búfjáráburði

**Snorri Þorsteinsson**
ráðunautur í jarðrækt
hjá RML
snorri@rml.is



**Þegar bændur og ráðunautar gera áburðaráætlanir er lögð áhersla á að nýta heimafengin áburðarefni sem best. Góð nýting búfjáráburðar er helsta leiðin til þess að lækka hlut tilbúins áburðar án þess að koma niður á magni og gæðum uppskeru.**

Til þess að það sé hægt er mikilvægt að þekkja efnainnihald sem best. Á flestum búum er hins vegar aðeins hægt að styðjast við meðalgildi á efnainnihaldi búfjáráburðar. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á áburðarefnum í búfjáráburði sýna að mikill breytileiki er milli bæja. Það má því ætla að eftir nokkru sé að slægjast fyrir bændur að láta efnagreina sinn búfjáráburð.

Helsti áhrifavaldur í efnainnihaldi búfjáráburðar er fóðrið. Ef mikið er af fosfór í fóðri skilar það sér í auknu fosfórmagni í mykjunni og ef fóðrið inniheldur mikið prótein og kalí skilar það sér í auknu köfnunarefni og kalí. Það eru því gild rök fyrir því að mykja undan geldneytum sé rýrari af áburðarefnum en mykja undan kúm sem fóðraðar eru fyrir mjólkurframleiðslu. Af þessu sögðu má sjá að ekki er hægt að heimfæra gildi fyrir efnainnihald mykju undan mjólkurkúm og geldneytum ef safnrými eru aðskilin.

***Hvernig á að standa að sýnatöku?***

Mikilvægt er að sýnið sé sem næst því að vera þverskurður af þeim búfjáráburði sem við viljum vita efnainnihaldið í. Þurrt sauðatað er til að mynda erfitt í sýnatöku vegna þess hve misleitt það er. Því þarf að skipuleggja slíka sýnatöku vel með það markmið að ná yfir breytileikann með mörgum sýnum. Þegar um er að ræða upphrærðan búfjáráburð fer sýnatakan fram um leið og mykjunni er keyrt út. Margir þekkja að mykjan er mis þykk frá fyrsta ferð mykjudreifara til þeirrar seinustu. Því þarf að framkvæma sýnatöku í nokkur skipti meðan dreifing fer fram. Hvað upphrærðan búfjáráburð varðar skal taka mið af eftirfarandi verkferli:

Taka skal sýni 5 sinnum meðan á útdælingu stendur, 5 lítrar hverju sinni er ágætt. Ekki úr því allra fyrsta (brunnur getur verið fullur af vatni) en síðan með sem jöfnustu bili og seinasta sýnið tekið úr seinustu tankfylli.

Þessum sýnum er steypt saman í kerald og þegar allt er komið er hrært vel og endanlegt sýni tekið í litla fötu eða brúsa (2 l er ágætt) lokað vel og sýnið merkt.

Þegar um er að ræða búfjáráburð sem er ekki er á fljótandi formi svo sem þurrt sauðatað eða úr safnhaug, getur ferlið verið ögn flóknara. Líkt og þegar tekið er sýni úr upphrærðri mykju er mikilvægt að sýnið sem sent er til greiningar endurspegli þann efnivið sem nýta á sem áburð. Það þarf því að taka sýni á nokkrum stöðum úr safninu til þess að fanga breytileika sem þar er að finna.

Best er að taka sýni um leið og búfjáráburður er keyrður út. Ein leiðin til þess taka sýni úr óhrærðum búfjáráburði er að nota plastdúk sem breiddur er út á tún sem borið er á. Ágætt viðmið er notast við 3x3 metra dúk. Síðan er einfaldlega borið á túnið og sá búfjáráburður sem á dúknum lendir er tekinn upp og settur í ker (mikilvægt að taka búfjáráburðinn sem fyrst af dúknum). Þetta þarf að endurtaka nokkrum sinnum þannig að sýni fáist sem víðast úr hauggeymslu eða safnhaug. Að þessu loknu er sýnunum hrært vel saman í kerinu og eitt hlutsýni tekið sem á að endurspegla þann áburð sem í haugnum er.

Þegar sýni er tekið beint úr safnhaug þarf að taka 10–20 sýni úr haugnum og setja saman í ker. Gæta þarf að taka sýni bæði úr kjarna haugsins sem og jöðrum enda getur verið nokkur breytileik þar á milli. Hægt er að nota skóflu eða gaffal við verkið en einnig getur þurft að nota ámoksturstæki til að moka frá svo þægilegra sé að taka sýni úr miðju haugsins. Að þessu loknu er hrært upp kerinu og eitt hlutsýni er tekið.

Hægt er að fá sýnin greind hjá Efnagreiningu ehf. á Hvanneyri. Ef geyma þarf sýnin lengi þar þarf að frysta þau, en geymsla á svölum stað í eina til tvær vikur skiptir ekki máli. Jarðræktarráðunautar RML geta aðstoðað við túlkun á niðurstöðum efnagreininga og fært inn í Jörð.is þar sem hægt er að nota þær við gerð áburðaráætlunar. Einnig geta ráðunautar RML aðstoðað við að koma sýnum í efnagreiningu. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá ráðunautum RML í jarðrækt í síma 5165000.

# Jarðvegssýnataka haustið 2017

**Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins vill minna bændur á að huga að jarðvegssýnatöku í haust.**

Efnagreiningar á jarðvegi ræktarlands gefa mikilvægar upplýsingar sem bændur geta notað til að byggja áburðargjöf á. Þær segja til um næringarástandið, hvort það sé skortur eða hvort hægt sé að draga úr áburðargjöf ákveðinna efna. Einnig fást upplýsingar um sýrustig jarðvegs og hvort huga þurfi að kölkun. Niðurstöður jarðvegssýna frá haustinu 2016 benda til þess að algengt sé að sýrustig túna sé lægra en þau viðmiðunargildi sem æskileg þykja í jarðrækt.

Jarðvegssýni sem ráðunautar RML taka í haust verða send til greiningar hjá Efnagreiningu ehf. á Hvanneyri. Þegar niðurstöður efnagreininga liggja fyrir geta bændur óskað eftir því að ráðunautar RML fari yfir niðurstöðurnar og sendi bændum túlkun á þeim sem mun nýtast við gerð áburðaráætlana og í öðrum verkefnum er tengjast jarðrækt. Niðurstöðurnar fara einnig inn í forritið jörð.is þar sem þær eru geymdar og aðgengilegar.

Til að fylgjast með breytingum sem kunna að verða á sýrustigi og næringarástandi í efsta jarðvegslagi túna og akra er æskilegt að taka úr þeim jarðvegssýni á nokkra ára fresti.

Varðandi jarðvegssýnatöku er rétt að nefna að það er óæskilegt að taka sýni þar sem búfjáráburður hefur verið borin á síðsumars eða í haust. Æskilegt er að sem flestar pantanir liggi fyrir snemma í ferlinu til þess að auðvelda skipulagningu heimsókna. Hægt er að panta rafrænt á heimasíðu rml.is, eða með því að hringja í síma 516-5000. *Snorri Þorsteinsson*

**KENNSLUSTOFA - FERÐAÞJÓNUSTA - STARFSMANNAHÚS**

**Um er að ræða timburhús til flutnings, húsið er 79 fm að stærð með sjálfberandi þaki.**

Húsið er upphaflega byggt sem kennslustofa og hefur verið notuð sem slík undanfarin ár af Listaháskóla Íslands við Sölvhólsgötu.



Einfalt að breyta innra skipulagi eftir frekari óskum, t.d. í ferðaþjónustu-, starfsmanna-, íbúðarhús.

**Tilboð óskast**

Steindór Guðmundsson
Löggiltur fasteignasali:
Sími 480-2901
steindor@log.is

LÖGMENN SUÐURLANDI

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

**Zetor Proxima Power 120**

**Árgerð 2013**

4 cyl. mótor, 117 hestöfl

**Notuð 1436 vinnustundir**

**Lækkað verð kr. 5.190.000 án vsk.**

**Með Trac Lift ámoksturstækjum og skóflu**



Zetor

VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture ltd.
www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

VÉLABÁSINN

# Opel Movano L1H2:
# Níu manna smárúta frá Opel

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Fyrir um ári síðan prófaði ég í stórum prufuakstri fjórhjóladrifna smárútu, eftir að hafa ekið nokkrum sinnum framhjá Bílabúð Benna og séð þar við húsið kubbslega smárútu sem er mun hærri en almennt gerist með svona bíla.

Ég veit ekki af hverju, en einhvern veginn kemur alltaf upp í hugann smjörlíkisstykki sem búið er að skera smá klípu af þegar ég hef horft á þennan bíl. Sennilega er þó ljótt af mér að hugsa svona. Ég ákvað að fá bílinn til prufuaksturs og tók stuttan hring á Opel Movano 9 manna, beinskiptur sex gíra smárútu sem kostar 6.290.000.

### *Hátt til lofts og rými fyrir farþega gott*

Að sitja í aftursætunum er þægilegt, en oft vill verða að farþegasæti eru hörð og ekkert sérstakt að sitja í þeim til lengdar, en í þessum bíl eru sætin mjúk og þægileg.

Lofthæðin er rétt um 170 cm og því ágætt að athafna sig aftur í bílnum séu menn á svipaðri hæð og ég sem er nálægt 175 cm.

Hólf eru úti um allt fram í bílnum, efst fyrir aftan framrúðuna, í hurðum og undir sætunum tveim sem eru við hlið bílstjóra. Aftast er svo um eins metra svæði sem ætlað er fyrir farangur. Afturbekkirnir, þeir tveir öftustu, eru auðlosanlegir og er þá bíllinn orðin að hefðbundnum sendibíl enda er burðargeta Opel Movano 838 kg.

### *Á tómum bílnum var óþægilega mikið loft í dekkjunum*

Bíllinn kemur á átta strigalaga burðardekkjum (eins og flestir aðrir bílar í þessum flokki), en það sem mér fannst óvenjulegt við þennan bíl er hversu mikið loft á að vera í dekkjunum. Uppgefið loftmagn er á bílinu frá 55 psi. upp í 66 psi.

Þegar ég fór að keyra bílinn fann ég að bíllinn fékk enga fjöðrun út úr dekkjunum og prófaði því að hleypa loftinu niður í 40 psi. Það var nefnilega fínt að keyra bílinn tóman með svona lítið loftmagn. Þá sagði mælaborðið mér að stoppa strax þar sem að öll dekk væru of loftlítil. Samgöngustofa bannar okkur bílablaðamönnum að keyra með farþega á óskráðum bílum sem eru á rauðum númerum. Það er einfaldlega ekki hægt að prófa bílana undir því álagi sem þeim er ætlað út af einhverju óskiljanlegu regluverki.

Eftir að hafa sett loftið aftur upp í 55 psi. kláraði ég prufuaksturinn og í hvert sinn sem ég fór í holu eða yfir hraðahindrun fann maður fyrir högginu upp í óæðri endann rétt eins og að maður væri á vörulyftara.

### *Prufuaksturinn*

Hljóðið í dísilvélinni er ekki mikið inn í bílinn, en vélin er 2,3 lítra sem á að skila 145 hestöflum. Uppgefin eyðsla í blönduðum akstri er 6,3–6,6 lítrar á hundraðið, en ég var að eyða á bilinu 8,5 upp í 11,2 lítrum með mínu aksturslagi.

Mér fannst vélin toga vel þegar kom að brekkum og tel ég að þessi bíll fari létt með kerru sem er á bilinu 2000 til 2500 kg.

Á möl var bíllinn hastur og kenni ég þar mestu um hversu hart þarf að vera í dekkjunum. Á malarveginum var töluverð drulla og kom það mér á óvart hversu bíllinn sóðaði sig lítið út þrátt fyrir kubbslega lögun. Fyrirfram hafði ég gert mér upp þá skoðun að bíllinn yrði haugskítugur að aftan eftir drullupollasullið hjá mér.

Á malbiki er bíllinn fínn og gott að keyra þótt heyrist aðeins veghljóð, sennilega má einnig kenna hörðum dekkjum um megnið af því hljóði.



Opel Movano L1H2. Myndir / HLJ




Var ánægður að sjá að þegar bíllinn var settur í gang, þá kviknuðu öll ljós allan hringinn. Þetta ætti skilyrðislaust að vera í öllum nýjum bílum sem búnir eru sjálfvirkum dagsljósabúnaði.



Gott rými fyrir farangur aftast.



Frekar fannst mér bíllinn hastur á hefðbundnum malarvegi.



Sé miðjusætið lagt fram við hlið bílstjóra kemur þetta fína snúanlega vinnuborð í ljós.



Afturbekkirnir eru þægilegir og auðvelt að fjarlægja sé þess þörf.



Stórt geymsluhólf er undir farþegasætunum við hlið bílstjóra.

### *Fjölnota bíll á góðu verði*

Miðað við mögulegt notagildi er Opel Movano L1H1 á góðu verði og ætti að gagnast stórum fjölskyldum, smærri fyrirtækjum, eða sem smárúta til aksturs á komandi réttarböll. Jafnvel þótt mér finnist bíllinn hastur tómur og óhlaðinn, þá er hann eflaust betri með einhverja hleðslu eða farþega.

Eini mínusinn sem ég sé við bílinn er að persónulega hefði ég viljað keyra þennan bíl á 45 psi. loftþrýstingi í dekkjunum, eða sama og ég keyri minn Benz Sprinter sem er töluvert þyngri og stærri.

**Helstu mál og upplýsingar**

| | |
|---|---|
| Þyngd | 2.062 kg |
| Hæð | 2.307 mm |
| Breidd | 2.070 mm |
| Lengd | 5.048 mm |

Plúsarnir eru mun fleiri samanber lofthæð, sæti, verð og háa setu inni í bílnum sem gefur gott útsýni í umferð og akstri.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Umferðin og athyglisþjófarnir

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



**Í mínu daglega starfi þvælist ég um nágrenni höfuðborgarsvæðisins ýmist á litlum sendibíl eða litlum vörubíl í vinnu sem kallast vegaaðstoð N1 og sinni ýmsum erindum í vegköntum og á bílaplönum.**

Sama hvert er farið er umferðin að mínu mati komin töluvert yfir þau þolmörk sem vegakerfið þolir. Á nokkrum stöðum einfaldlega þori ég ekki að veita aðstoð nema að fá lögreglu í lið með mér með blá blikkandi ljós til að veita mér vernd svo að líf mitt sé ekki í stórhættu.

Ártúnsbrekka og Miklabraut eru þeir staðir sem ég hræðist mest því það er eins og að ökumönnum sé fyrirmunað að hægja aðeins á sér þegar þeir sjá gulblikkandi vinnuljósin á bílnum hjá mér.

Fyrir nokkru þurfti maður aðstoð til að skipta um framdekk á vörubíl á Miklubrautinni á háannatíma. Með góðri aðstoð frá lögreglumanni á mótorhjóli sem lagði hjólinu fyrir aftan bílinn, gekk verkið fljótt og slysalaust fyrir sig.

Að verki loknu spurði bílstjórinn á vörubílnum mig hvort ég hafi tekið eftir því að nánast allir sem óku framhjá okkur hafi verið í símanum. Ýmist að taka myndir af okkur eða að skoða eitthvað í símanum á ferð. Ég svaraði að þessi símanotkun væri það sem skelfir mig mest af öllu í umferðinni.

Fyrir nokkrum dögum ók ég upp Ártúnsbrekkuna og sá lítið samstuð tveggja bíla, stoppuðu báðir bílarnir þarna í brekkunni. Mér var strax hugsað til þess að þarna má alls ekki stoppa og fimm mínútum seinna ók ég niður Ártúnsbrekkuna og það stóð heima, stór bíll hafði sett báða bílana hreint í „kássu“.

### *Sama hvert farið er um landið eru ökumenn í símanum*

Fyrir nokkru fór ég í ferðalag norður í land og lenti í svarta þoku í nágrenni Kröflu. Þá ók ég fram á jeppling sem sem var á um 20 kílómetra hraða, ljóslaus í þokunni að aftan. Í gegnum afturrúðuna sá ég að viðkomandi virtist vera að nota farsímann til að rata þarna í þokunni upp að Litla Víti.

Við Litla Víti var svo ferðamaður á biluðum bíl og var að láta bílinn renna ljóslausan á gönguhraða niður að Kröflu. Mér fannst hreint með ólíkindum að ekki hafi orðið slys þarna.

Eftir þessa lífsreynslu var mér hugsað til forvarna og löggæslu sem er allt of lítil, en ljósið í myrkrinu er að hjá tryggingafélaginu Sjóvá er verið að reyna að berjast í þessum málum. Þar virðast menn þó vera í nánast vonlausri baráttu við símanotkun bílstjóra.

Í samantekt úr nýjustu könnun um símanotkun undir stýri komu fram skuggalegar tölur um notkun síma.

Gerir fólk sér ekki grein fyrir því hvað síminn er mikill athyglisþjófur bílstjóra?

### *Alvarleg og almenn notkun snjallsíma undir stýri*

Ég hafði samband við Sigurjón Andrésson sem sér um markaðsmál og forvarnir hjá Sjóvá og sendi hann mér eftirfarandi niðurstöður sem segja bara það að aðgerða er þörf.

- 83% framhaldsskólanema nota snjallsíma á meðan þeir keyra.
- Þrjár af hverjum fjórum stelpum um tvítugt eru að „gúggla“ á meðan þær keyra.
- Yfir helmingur 17–20 ára ökumanna sendir Snapchat undir stýri.
- Þriðji hver bílstjóri um tvítugt er á Facebook undir stýri.
- Fimmti hver strákur um tvítugt horfir á vídeó undir stýri.
- Meira en helmingur bílstjóra á aldrinum 35–44 ára sendir, eða les skilaboð undir stýri.
- Einn af hverjum þremur ökumönnum á aldrinum 25–34 ára skoðar samfélagsmiðla í akstri.
- 90% bílstjóra á aldrinum 45–54 ára tala í símann undir stýri.
- 40% ökumanna á aldrinum 25–34 ára stjórna tónlist í símanum þegar þeir keyra.

Þetta er eitthvað sem þarf að laga strax og þá þurfa allir að vera með í átakinu.




Það sem upphaflega var lítið nudd varð að mikilli klessu út af því að fólkið gerði sér ekki grein fyrir hversu hættulegur staðurinn er þar sem stoppað var. Mynd / Farþegi í bíl.

DEKKJASALA AKUREYRAR
Úrval hjólbarða á betra verði
Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa,- og vörubíladekk í úrvali.

Vinnu- og dráttarvéladekk
20%
afsláttur af öllum dekkjum
Double Star vörbíladekk


Double Star Jeppadekk 35x12,5x15
MOTUL Smurþjónusta
Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4124
Hjólbarðaþjónusta - Smurþjónusta - Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.
(Jason ehf.) Njarðarnesi 1 sími 460 4350

## KROSSGÁTA Bændablaðsins




### Lausn á krossgátu í síðasta blaði



Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

## Líf og lyst

## Bærinn okkar

# Hundastapi



**Ólafur Egilsson og Ólöf Guðmundasdóttir, afi og amma Agnesar Óskarsdóttur, bjuggu áður á Hundastapa.**

„Árið 2003 var hringt í okkur og við spurð hvort við myndum vilja taka við. Það er frábært að geta haldið þessu innan fjölskyldunnar – og án þeirra hefði þetta aldrei verið hægt,“ segir Agnes.

„Þegar við komum árið 2002 var básafjós með 26 básum. Við fórum í að byggja lausagöngufjós fyrir 60 með mjaltarbás árið 2005 og erum núna að setja upp GEA-monobox róbot.

**Býli:** Hundastapi.

**Staðsett í sveit:** Á Mýrum í Borgarbyggð.

**Ábúendur:** Halldór Jónas Gunnlaugsson og Agnes Óskarsdóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Halldór og Agnes, drengir fjórir; Jóhannes, 14 ára, Óskar, 12 ára, Ólafur, 10 ára og Sigurþór, 6 ára. Hundarnir Bolti, Lykkja og Rökkvi og kisurnar Kisa og Prins.

**Stærð jarðar?** Um það bil 900 hektarar.

**Gerð bús?** Blandað, aðallega mjólkurbú.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** 60 mjólkurkýr, 70 kvígur í uppeldi, 100 kindur, 6 hestar (í hagagöngu) 15 hænur.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Vaknað um klukkan 7, strákarnir



fara í skólann. Þá er að mjólka og svo tekur við hér að gefa og hafa yfirumsjón með öllu, sjá til að allir hafi eitthvað að maula og drekka. Um þrjú leytið koma drengir úr skóla og þá þarf að næra líka, sinna heimanámi og annað sem fellur til. Þegar klukkan er sex förum við út að mjólka til átta, þá er oftast látið gott heita af vinnu. Stundum þarf að hafa tíma til að sinna verslun-inni Ljómalind sem Agnes rekur með níu öðrum í Borgarnesi. Þar eru vörur seldar beint frá býli og handverk frá Vesturlandi.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Ekkert er leiðinlegast eða skemmtilegast, allt eru þetta verkefni sem þarf að takast á við. En alltaf er erfitt að þurfa að farga góðum skepnum, litlum sem stórum.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Í bullandi blóma, búin að stækka aðeins meira en alltaf á leiðinni fram á við.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Æi, það mætti vera meiri samstaða.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Vel, með bjartsýnina að vopni.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Það eru alltaf tækifæri í öllu, þarf bara að hitta á þau og ná að nýta þau.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Sulta, smjörvi, ostur, jógúrt og bjór. Hann er oftast fullur af öllu mögulegu.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Sjávarréttasúpa, rabarbaragrautur með rjóma, hrossalund með bernaise og grænni kartöflumús.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Það gæti verið þegar við tókum nýja fjósið í notkun árið 2005 eða þá þegar við tökum GEA-monobox róbot í notkun í þessum mánuði.



## Matarkrókurinn – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

# Nokkrir þjóðlegir réttir að hausti

**Bjarni Gunnar er á þjóðlegum nótum að þessu sinni og gefur hér uppskriftir að réttum sem hann eldaði nýlega vegna sjónvarpsupptöku á ferðaþætti um Ísland.**



Lambakjöt „tartar“ með ferskum jurtum.



Steiktur þorskur með þurrkuðum harðfiski.

### Lamabakjöt „tartar“ með ferskum jurtum

- 200 g hrátt lambakjöt
- 1 saxaður laukur
- nokkur kapers
- 1 hrá rófa eða marglit rauðrófa
- 1 sítróna
- 30 ml góð olía

**Aðferð**

Skerið vöðvann þunnt og svo aftur í bita. Gott er að skera hann hálffrosinn. Færið upp á disk eða fat. Saxið laukinn og dreifið fallega yfir kjötið ásamt kapers og olíu.

Berið fram með sítrónu og hráum rófusneiðum. Ekki sakar að sáldra ferskum kryddjurtum yfir kjötið og bera jafnvel smávegis kál fram með því. Fyrir þá sem vilja gera þunn laufabrauð þá er það þjóðleg framsetning með lambinu. Annars má nota ristað brauð eða flatkökur.

### Sætur gljái

- 200 g krækiber
- 100 g sykur eða hunang
- 50 ml gott edik
- salt og pipar

Hægsjóðið berin í sykrinum, sigtið og sjóðið niður um helming eða þar til vökvinn fer að þykkna. Kælið. Afbragð með hráu hangikjöti eða gröfnu kjöti.

### Þunnt steikt brauð

Laufabrauð er næfurþunn hveitikaka sem oft er borin fram með hangikjöti og hefur lengi tengst íslensku jólahaldi en það má nota allt árið til að gefa gestum að smakka á þjóðlegum rétti.

- ¼ l rjómi
- ½ tsk. lyftiduft
- 600–700 g hveiti
- kúmen ef vill (um 1½ tsk.)
- ½ tsk. salt
- ¾ l vatn
- 1 tsk. sykur
- heit olía til steikingar

Vatn og rjómi er hitað að suðu. Ef kúmen er notað er það hitað með og síðan sigtað frá. Þurrefnum er blandað saman. Ekki er víst að þurfi allt hveitið svo ágætt er að taka frá um 100 g og bæta frekar við deigið ef þess þarf.

Mesti hitinn er látinn rjúka úr rjómablöndunni og hún síðan sett saman við þurrefnin. Þetta er hnoðað þar til deigið sleppir borði og er mjúkt og meðfærilegt. Varast skal að hnoða of lengi því þá verður deigið seigt.

Rúllað í lengju og vafið með plastfilmu og geymt á köldum stað í að minnsta kosti hálfa klukkustund. Skorið í bita og flatt út mjög þunnt með kökukefli. Skorið. Hver kaka er pikkuð með gaffli eða hnífsoddi um leið og búið er að skera í hana. Kökurnar eru svo steiktar í vel heitri feiti.

Og framreitt með lambinu.

### Steiktur þorskur með þurrkuðum harðfisk

- Fjórir þorskhnakkar (180–200 g stykkið).
- Rifinn börkur af einni sítrónu
- olía
- 50 g sykur
- 70 g salt
- Nokkrir bitar af harðfiski sem hefur verið barinn eða unninn í matvinnsluvél svo það komi létt og loftkennd áferð á fiskinn.

Leggið þorskinn í bakka með salti, sykri og sítrónuberki og látið marinerast í 20 mín. Skolið svo fiskinn og þurrkið hann. Steikið hann loks á rjúkandi heitri pönnu með olíu.

Framreiðið með kartöflum, harðfisk-mulningi og kryddjurtamajónessósunni.

### Dill-majónessósa

- 2 eggjarauður
- 2 tsk. edik
- 1 tsk. sinnep
- 3 msk. saxað dill
- 200 ml olía
- Smá salt

Setjið eggjarauður, edik, sinnep og salt í skál og blandið vel saman með pískara. Hellið því næst olíunni og kryddið til með dilli.

### Bláberjaostaeftirréttur

- 4 súraldin (lime)
- 550 g rjómaostur
- 100 g bláberjasulta
- 2 dl rjómi
- ½ pakki fersk minta í eldhúsinu
- ¾ dl vatn
- 125 g sykur (gott að nota hrásykur)

Sjóðið vatn og sykur saman í potti. Raspið börkinn af súraldininu og setjið út í ásamt safanum og saxið mintuna út í. Kælið. Léttþeytið rjómann. Hrærið saman bláberjasultu og rjómaost. Blandið öllu úr pottinum saman við rjómaostsblönduna með sleif og svo varlega saman við rjómann. Kælið í nokkra tíma.

Framreitt með ferskum berjum.

HANNYRÐAHORNIÐ Gallery Spuni

# Smalasokkarnir frá DROPS Design

**Nú líður að einum allra skemmtilegasta tíma ársins og fólk sameinast til að smala heim fénu eftir sumarið á fjöllum. Börnin okkar elska að mæta í réttir, vera úti og gleðjast með okkur sem eldri erum og skemmtileg stemning sem myndast.**

Nú er tími til að prjóna smalasokka fyrir yngstu kynslóðina. Að spóka sig í svona fínum, nýjum smalasokkum myndi hvert einasta barn elska, en það eru líka til uppskriftir á fullorðna inn á www.garnstudio.com.

**Smalasokkar:**

Úr DROPS Flora. Stærð 24 - 34.

Mynstur nr 28-10

Efni:

DROPS FLORA frá Gallery Spuna (tilheyrir garnflokki A)

50 g litur 01, natur

50 g litur 16, pistasía

50 g litur 13, gallabuxnablár

50 g litur 19, kóral

50 g litur 06, svartur

DROPS SOKKAPRJÓNAR NR 2,5 – eða þá stærð sem þarf til að 26 lykkjur og 34 umferðir með sléttprjónið verði 10 cm á breidd og 10 cm á hæð.

**MYNSTUR:**

Sjá mynsturteikningu A.1 og A.2. Mynsturteikning sýnir allar umferðir í mynstri séð frá réttu.




**HÆLÚRTAKA (prjónið sléttprjón):**

